

**Vestfirðir**
**Rauðir sandar og djúpir firðir ▶26**



**POPPKÓNGURINN LIFIR ▶24**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
**28. júní 2014**
150. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## GUÐBERGUR

**Tvær bækur, kvikmynd, jólakort og flug.**
▶ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TRÚIR ÞVÍ AÐ HÚN GERI GAGN** Gunnhildur Árnadóttir starfar hjá Læknum án landamæra. Hún lifir flökkulífi og tekst á við skæða faraldra við erfiðar kringumstæður en segir mikilvægt að gleyma ekki lífinu hérna heima. ▶22



**SALKA SÓL**
**BYRJAÐI AÐ RAPPA FYRIR SLYSNI**
▶54



**SVEPPI**
Gefur út sumarslagarann Sumarteiti.
▶30












## GLEÐIFRÉTTIN

### Fríinu hjá Harriet bjargað



Frí Cardew-fjölskyldunnar til Lyon í Frakklandi bjargað þegar Harriet Cardew fær breskt neyðarvegabréf. Þjóðskrá hafði neitað Harriet um vegabréf því nafnið Harriet fæst ekki samþykkt af mannanafnanefnd. Fjölskyldan heldur af landi brott á þriðjudaginn.

## FIMM Í FRÉTTUM DÓMARAR KÆRÐIR OG FÓTBOLTA SPARKAÐ



**Skúli Magnússon** formaður dómarafélagsins tjáði sig um kæru Polaris ehf. á hendur Ingveldi Einarsdóttur héraðsdómara. Taldi hann ekkert óeðlilegt við vinnubrögð Ingveldar eða réttarins.



**Kristín Halldórsdóttir,** mjólkurbússtjóri á Akureyri, tjáði blaðamanni að Mjólkursamlagið á Akureyri hefði þurft að keyra á steinolíu í vor vegna skertra raforkuflutninga til Eyjafjarðar.



**Gunnhildur Árnadóttir,** hjúkrunarfræðingur hjá Læknum án landamæra, sagði frá erfiðri baráttu samtakanna gegn ebólu í Gíneu. Faraldurinn breiðist hratt út í jarðarförum.



**Þorsteinn Már Baldvinsson** var í fréttum vikunnar. Dótturfyrirtæki Samherja kærði héraðsdómara fyrir meint brot í starfi.



➜ **Bryndís Stefánsdóttir,** kærasta Arons Jóhannssonar, sagði tilfinninguna við að sjá hann koma inn á völlinn í búningi bandaríska landsliðsins á HM í Brasilíu hafa verið óraunverulega.

## VIKAN 21.06.➜27.06.2014

*Fréttir af hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon og hinum síbítandi Luis Suarez voru áberandi í fréttum vikunnar. Fréttablaðið fer yfir það helsta sem gerðist í vikunni.*

**LAUGARDAGUR Laugardalurinn iðar af lífi** Þúsundir gesta skemmta sér á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum. Hápunktur hátíðarinnar er þegar breska sveitin Massive Attack stígur á svið. Á sama tíma útskrifast metfjöldi úr Háskóla Íslands í Laugardalshöll, yfir tvö þúsund nemendur.

**SUNNUDAGUR Okurlandið Ísland** Logi Einarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, deilir mynd á Facebook af kökusneið sem hann keypti á 1.290 krónur á kaffihúsinu Vogafjósi í Mývatnssveit. Þjónustustúlka segir Loga að fáir Íslendingar versli þar. Í kjölfarið skapast miklar umræður um hvort Íslendingar okri á ferðamönnum.

**MÁNUDAGUR Birkir dæmdur** Birkir Kristinsson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, er ásamt tveimur samstarfsfélögum sínum dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Sá fjórði hlýtur fjögurra ára dóm. Fjórmenningarnir eru dæmdir fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga.

**ÞRIÐJUDAGUR Lífeyrissjóðir þurfa 533 milljarða króna** Fjármálaeftirlitið gefur út skýrslu um lífeyrissjóðina. Þar kemur fram að 533 milljarða vanti upp á svo lífeyrissjóðir í ábyrgð hins opinbera geti greitt þann lífeyri sem þeir hafa lofað.

### SUAREZ BÍTUR FRÁ SÉR



**„Ég kippti mér ekkert upp við þetta svo sem, hann er með yfirbit í öðrum flokki með framstæðan góm. Hann notaði örugglega lengi snuð sem útskýrir þetta kannski.“**

*Tannlæknirinn og landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson tjáir sig um það þegar Luis Suarez beit Giorgio Chiellini í öxlina í landsleik Úrúgvæ og Ítalíu.*

**MIÐVIKUDAGUR Forsætisráðherra gagnrýndur** Ríkisendurskoðun gagnrýnir 205 milljóna styrkveitingar forsætisráðuneytisins til minjaverndarverkefna. Ráðuneytið er beðið um að setja sér skýrar reglur um úthlutun til málaflokksins. Forsætisráðherra segist hafa farið að lögum.

**FIMMTUDAGUR Hjólað til góðs** Lið Workforce A hjólar í mark sekúndubrotum á undan næsta liði í WOW Cyclothon. Fyrstu lið voru ekki nema rétt rúmlega 39 klukkustundir að hjóla hringveginn. Yfir 14 milljónir safnast með áheitum til styrktar bæklunardeild Landspítalans.

# Ráðherra segir óeðlilegt að nota óvottað merki

**Sigurður Ingi Jóhannsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, segir að grænmetisbændur verði að spyrja sig að því hvort þeim þyki eðlilegt að nota eftirlitslausa merkingu. Nær allir grænmetisbændur nota merkinguna þrátt fyrir að ekkert eftirlit sé haft með því hvort þeir uppfylli skilyrði.**

**NEYTENDAMÁL** „Þeir geta haldið því fram að þeir séu með vistvæna framleiðslu en þeir hafa engan opinberan stuðning við að svo sé á meðan ekkert eftirlit er fyrir hendi,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að nær allt íslenskt grænmeti væri merkt vottuninni Vistvæn landbúnaðarafurð sem lítið sem ekkert eftirlit hefur verið með frá árinu 2002. Dæmi eru um að garðyrkjubændur sem nota merkinguna hafi aldrei fengið vottun. „Þeir hljóta að þurfa að spyrja sig að því hvort það sé ekki óeðlilegt að nota eitthvað sem ekki er vottað af neinum opinberum aðila,“ segir Sigurður.

Reglugerð um vistvænan landbúnað var gefin út árið 1998. Búnaðarsambönd landsins áttu að annast eftirlit með þeim búum sem fylgdu vistvænum skilyrðum en ráðuneytið átti að annast vottunina. Samkvæmt henni má enginn nota merkið Vistvæn landbúnaðarafurð nema hafa fengið vottun frá ráðuneytinu. „Það má alveg velta því fyrir sér hvort þetta hugtak standi fyrir nokkuð annað en bara hefðbundinn landbúnað,“ segir Sigurður.

Reglugerðin þykir ekki gera nægilega strangar kröfur til að standa undir orðinu vistvænn. Til dæmis að í dag er almennt notað mun minna af köfnunarefni á tún og grænmeti en miðað er við í reglugerðinni. „Ég held að það verði að segjast eins og er að þessi reglugerð er komin vel til ára sinna. Staðan núna er sú að annaðhvort þurfum við að fara yfir þetta og gefa reglugerðina út að nýju og koma því eftirliti á sem eðlilegast er eða þá að velta því fyrir okkur að fella reglugerðina á brott.“

Hann segir íslenskan landbúnað almennt góðan. „En það er ekki forsvaranlegt að halda því fram að sextán ára gamlir staðlar séu vistvænir að öllu óbreyttu og án þess að það sé skoðað.“

snaeros@frettabladid.is



**GOTT ER AÐ BORÐA GULRÆTURNAR** Grænmetisbændur nota marklausa merkingu á vörur sínar. Fram hefur komið gagnrýni sem segir að verið sé að blekkja neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

### ➜ Lífræn vottun undir ströngu eftirliti

Fari svo að ný reglugerð um vistvænan landbúnað verði gefin út myndi Matvælastofnun framfylgja eftirlitinu. Eftirlit með lífrænum búskap er nú í höndum Túns vottunarstofu með leyfi Matvælastofnunar. Það er lögbundið að farið sé á hverja framleiðslustöð að minnsta kosti einu sinni á ári fyrir utan eftirlitsferðir sem ekki er tilkynnt um fyrir fram.

Bændur í lífrænum búskap greiða sjálfir fyrir eftirlitið.



**„Ég held að það verði að segjast eins og er að þessi reglugerð er komin vel til ára sinna.**

*Sigurður Ingi Jóhannsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra*




Innanríkisráðherra segir eðlilegt að tungumál og nafngiftir séu í sífelldri þróun:

# Hanna Birna vill rýmka nafnalög

**STJÓRNSÝSLA** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra telur að endurskoða þurfi íslensku nafnalögin. „Ég hef lengi talið að taka þurfi lög um mannanöfn til endurskoðunar, með hliðsjón af auknu frelsi og ákvörðunarvaldi hvers og eins.“

Hanna Birna vill ekki segja nákvæmlega hvernig endurskoðun fari fram en segir að „íslenskur raunveruleiki og fjölmörg dæmi gefi fullt tilefni sé til að endurskoða og rýmka lög um mannanöfn“.

Eitt þeirra dæma er mál Harrietar Cardew sem var í vikunni neitað um vegabréf af Þjóðskrá því mannanafnanefnd tekur nafnið Harriet ekki gilt. Foreldrar Harrietar hafa kært úrskurðinn til innanríkisráðuneytisins. Þau telja það ekki standast lög að neita íslenskum ríkisborgurum um vegabréf.

Hann Birna segir að foreldrar ættu að fá að ráða nafngiftum barna sinna: „Hér er rétt að stjórnvöld setji sem minnstar takmarkanir og hindranir, en treysti einstaklingum og foreldrum til að vita best hvað þetta varðar.“

Ráðherrann telur eðlilegt að nöfn breytist líkt og annað í íslensku máli: „Alveg eins og okkar fallega tungumál er lifandi og í sífelldri þróun er eðlilegt að það sama gerist með nafngiftir.“

Einn þeirra sem vilja breyta lögunum er Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar. Hann lagði á nýliðnu þingi fram frumvarp um að mannanafnaefnd yrði lögð niður. Frumvarpið var ekki afgreitt úr nefnd.

- ih



**ENDURSKOÐAÐ** Hanna Birna Kristjánsdóttir telur að endurskoða þurfi nafnalögin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÚTSALAN
ER HAFIN
KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!
OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG
Kringlan
KRINGLAN.IS
OPIÐ SUNNUDAGA KL. 13 - 18
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

## 21.06.2014 → 27.06.2014

**350 METRAR** er breiddin á nýjum ósi Lagarfljóts og Jökulsár á Dal í botni Héraðsflóa.



**1.290 krónur** kostaði kökusneiðin í Mývatnssveit sem varð tilefni til umræðu um verðlagningu í íslenskum ferðaiðnaði.



**4 mánuðir** er sá tími sem líða mun áður en Luiz Suarez má stíga fæti á fótboltavöll á ný eftir að FIFA refsaði honum fyrir að bíta andstæðing sinn í öxlina.

**216.000** lestir er heildarafli þorsks fyrir næsta fiskveiðiár samkvæmt ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



**32** hjól eru undir stærstu flugvél heims sem er af gerðinni Antonov 225 og lenti á Keflavíkurflugvelli í vikunni.



**1.200 HEIMILI** urðu fyrir verulegu tjóni í flóðinu í Xinjiang-héraði í norðvesturhluta Kína.



**1.332 kílómetrar** er vegalengdin sem keppendur í WOW Cyclothon-hjólreiðakeppninni fóru.

# Starfsmenn Fiskistofu harmi slegnir

**Sjávarútvegsráðherra tilkynnti starfsmönnum Fiskistofu að til stæði að flytja stofnunina til Akureyrar á fundi í gær. Lítum á flutning stofnunarinnar sem fjöldauppsögn, segir trúnaðarmaður starfsmanna. Segir að fáir, ef nokkrir, starfsmenn muni flytja með stofnuninni.**

**STJÓRNSÝSLA** Starfsmenn Fiskistofu líta á flutning Fiskistofu til Akureyrar sem fjöldauppsögn og voru í tilfinningalegu uppnámi eftir fund með sjávarútvegsráðherra í gær. Sjávarútvegsráðherra tilkynnti á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun að Fiskistofa yrði flutt norður á Akureyri. Um 70 manns starfa hjá Fiskistofu og er vonast eftir að flutningur verði að fullu afstaðinn í lok árs 2015.

Eftir hádegi í gær var haldinn starfsmannafundur að beiðni forstjóra Fiskistofu og var hringt í starfsmenn í sumarfríum og þeir hvattir til að mæta á fundinn. Fundarefni var ekki gefið út fyrir fundinn og mætti Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra á fundinn og færði starfsmönnum fregnirnar.

Alma Jónsdóttir, skjalastjóri Fiskistofu, segir starfsmenn hafa verið niðurbrotna eftir fundinn. „Það var þannig að á fimmtudagsmorgun var boðaður starfsmannafundur að ósk forstjóra. Það var mikill kvíði í starfsmönnum sem vissu ekkert hvert fundarefnið var. Ráðherra mætti á fundinn og tjáði okkur þessar breytingar. Það væri í anda stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja störf út á landsbyggðina. Hann útskýrði þetta ekkert frekar fyrir okkur og starfsmenn voru algjörlega niðurbrotnir eftir fundinn og í áfalli, bæði forstjóri og starfsmenn. Þetta kom eins og köld vatnsgusa framan í okkur,“ sagði Alma.

Sigurður Ingi bauðst til þess að svara fyrirspurnum starfsmanna en fáar spurningar komu frá starfsmönnum. Alma lýsir fundinum á þann hátt að flestir starfsmanna hafi verið felmtri slegnir.

„Einn starfsmanna tjáði ráðherra að hann væri í algjöru losti við fregnirnar og sagðist ekki getað spurt ráðherra á þessu stigi málsins. Ráðherra bauðst þá til að mæta aftur að viku liðinni og ræða við okkur starfsfólk og því boði var tekið. Þetta er langstærsti flutningur opinberrar stofnunar í sögu lýðveldisins.“

Þegar Alma er spurð út í það hvernig henni hugnist að flytjast búferlum til Akureyrar segir hún of stutt síðan hún hafi fengið fréttirnar til að geta svarað því.

„Ég er nýbúin að fá þessar fréttir og ég, eins og allir starfsmenn, er bara að melta þetta. En starfsmenn eru auðvitað misvel í stakk búnir til að flytja norður. Til að mynda er starfsaldur nokkuð hár og fólk sem komið er yfir miðjan aldur er auðvitað ekkert að fara neitt. En svona er lífið og maður veit ekkert hvað morgundagurinn ber í skauti sér,“ segir Alma.

Margir starfsmanna eru í stöðugri samvinnu við ráðuneytið og eru daglega á fundum í ráðuneytinu. Af þeim sökum telja starfsmenn þennan flutning ekki hafa neitt hagræði í för með sér. Á meðan öll stjórnsýsla sjávarútvegsmála sé staðsett í Reykjavík sé auðséð að óhagræðið er mikið.

Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir er trúnaðarmaður starfsmanna Fiskistofu. „Starfsmenn eru harmi slegnir og við erum miður okkar eftir fréttirnar. Við erum enn að melta þetta. Þessar fréttir komu sem köld vatnsgusa framan í starfsmenn.“

Hún segir mikinn ugg í starfsfólki. „Hér er mikill mannauður sem mun aldrei fylgja stofnuninni norður. Hér innandyra er gífurlega mikil þekking á sjávarútvegi, fólk sem hefur unnið hjá Fiskistofu frá stofnun. Við starfsmenn horfum á þetta þannig að þetta sé svartur dagur í sögu stofnunarinnar. Við vorum ekki á nokkurn hátt vinnufær eftir þessar fregnir í dag og margir brotnuðu niður.“

Jóhanna telur, líkt og Alma, að mjög fáir, ef nokkur, flytjist til Akureyrar með Fiskistofu. „Ég reikna ekki með því að margir flytji og tel líklegra að enginn fari. Hér eru allir með maka og börn og sumir hverjir barnabörn og fasteignir. Það eru miklar skuldbindingar sem starfsmenn hafa hér í Reykjavík. Einnig er enginn hægðarleikur að finna sér leiguhúsnæði á Akureyri,“ segir Jóhanna.

Hún segir að starfsmenn Fiskistofu líti á flutning stofnunarinnar sem fjöldauppsögn í einhverjum búningi. „Það fengu allir áfall og við sitjum eftir vitandi lítið sem ekkert. Þetta er ekkert nema fjöldauppsögn. Það er verið að taka störfin og flytja þau í burtu. Við erum líklega bara á leið á atvinnuleysisbætur, en það er kannski betra að hafa fólk atvinnulaust í Reykjavík en á Akureyri, maður veit það ekki.“

sveinn@frettabladid.is

> **Starfsmenn voru algjörlega niðurbrotnir eftir fundinn og í áfalli, bæði forstjóri og starfsmenn. Þetta kom eins og köld vatnsgusa framan í okkur.**
>
> *Alma Jónsdóttir, skjalastjóri Fiskistofu*

> **Hér er mikill mannauður sem mun aldrei fylgja stofnuninni norður. [...] Við vorum ekki á nokkurn hátt vinnufær eftir þessar fregnir í dag og margir brotnuðu niður.**
>
> *Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir, trúnaðarmaður starfsmanna Fiskistofu*



**FISKISTOFA FLYTUR** Fiskistofa annast ýmsa stjórnsýslu á sviði sjávarútvegsmála, fiskeldis og hvalveiða, auk þess að safna upplýsingum um þessa málaflokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Í skoðun að flytja fleiri stofnanir norður



Tilfærsla höfuðstöðva Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, sagði **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra í ræðu á ársfundi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar í gær.

„Það er síðan í skoðun að flytja fleiri stofnanir norður á Akureyri á næstu misserum,“ sagði Sigmundur Davíð.

## Slæmar fréttir fyrir Hafnarfjarðarbæ



„Þetta kemur mér verulega á óvart og þetta eru slæmar fréttir fyrir bæjarfélagið. Það er alltaf slæmt að missa svo stóran vinnustað úr bænum“ segir **Rósa Guðbjartsdóttir**, formaður bæjarráðs Hafnafjarðarbæjar, um ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að flytja Fiskistofu til Akureyrar.

Rósa segir bæjarfulltrúa fyrst hafa frétt af málinu í gær. „Við höfum nú þegar óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um ákvörðunina,“ segir Rósa. Hún telur röksemd ráðuneytisins um fjölgun opinberra starfa á höfuðborgarsvæðinu ekki eiga við Hafnarfjarðarbæ: „Opinberum störfum hefur fækkað í Hafnarfirði undanfarin ár. St. Jósefsspítali var lagður niður fyrir nokkrum árum. Svo eru uppi áform um að leggja niður Sýslumannsembættið í Hafnarfirði.“

**3JA HÆÐ Í KRINGLUNNI**

**Af sérstökum ástæðum er til sölu eða leigu rekstur Hársnyrtistofu, allar innréttingar til staðar (neglur – förðun). Stofa hefur verið rekin þar frá 1987. Þá getur húsnæðið líka verið til sölu og/eða leigt fyrir ýmsan rekstur**

**Áhugasamir geta haft samband á póstfangið 3hkringlan@gmail.com**

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Friedrichshafen | 28° | New York | 27° |
| Aþena | 30° | Gautaborg | 18° | Orlando | 33° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 13° |
| Berlín | 24° | Las Palmas | 25° | París | 18° |
| Billund | 18° | London | 20° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 34° | Stokkhólmur | 17° |

**Á MORGUN** Víða hægviðri




**MÁNUDAGUR** 8-13 m/s V-til, annars hægari




**HLÝTT UM HELGINA** Dálítil rigning A-lands og víða stöku skúrir, einkum V-til. Léttskýjað SA-til fyrrihluta dags. Á mánudag hvessir V- og S-til og bætir í úrkomu. Hiti 10-20 stig.

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



GARÐA DÖGUM
LÝKUR UM HELGINA!
Tóbakshorn
799
1.390
10 Stjúpur
799
1.290
Sýpris
999
1.990
Ódýrara lítraverð
795kr/ltr
JOTUN
Treolje
Pallaolía 3 ltr
2.385
3.295
Háþrýstidæla
17.995
24.995
Háþrýstidæla með pallabursta
110 bar, 5m slanga.
440ltr/klst.
5254231
Broil King
Great Barbecues Every Time
Gasgrill
15.990
19.900
Omega 100
Grillflötur 500x360mm,
Hlíf yfir brennara, 6,2 kW
OUTBACK
3000226
Gasgrill
45.490
56.900
Broil King Gem
8,8 kW/h brennari
Postulínshúðuð grillgrind, Grillflötur: 32,5 x 49 cm
3000605
SPRENGIVERÐ!
Garðsett Kingfisher
10.990
16.900
4 stólar, borð og sólhlíf!
3899215
Garðstóll
5.990
7.900
Garðstóll Kingsbury
Saman-brjótanlegur
3899087
Garðstóll
12.990
18.900
Garðstóll Toledo
UV Rattan, sessa fylgir.
3899434
Götukústur
999
1.599
HEKK- OG GREINAKLIPPUR
25%
afsláttur
5044450/58
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



**1.** Hvað heitir hljómsveitin sem Ásgeir Börkur Ásgeirsson syngur í?
**2.** Hver er nýskipaður dómkirkjuprestur?
**3.** Hvað heitir eftirlitslausa vottunin sem flestir grænmetisbændur nota?

**SVÖR**
**1.** Mercy Buckets. **2.** Sveinn Valgeirsson. **3.** vistvæn landbúnaðarafurð.

Úkraína, Georgía og Moldóva undirrituðu í gær samstarfssamninga við Evrópusambandið:

# Rússar hóta alvarlegum afleiðingum

**BELGÍA** „Hvílíkur dagur,“ sagði Petro Porosjenkó Úkraínuforseti geislandi af ánægju eftir að hafa undirritað samstarfssamning við Evrópusambandið í gær. „Kannski mikilvægasti dagurinn fyrir land mitt frá því að sjálfstæði fékkst.“

Úkraína varð sjálfstætt ríki árið 1991 eftir að hafa tilheyrt Sovétríkjunum áratugum saman. Auk Úkraínuforseta undirrituðu leiðtogar Georgíu og Moldóvu sams konar samning í Brussel í gær.

Rússar eru hreint ekki ánægðir: „Undirritun Úkraínu og Moldóvu á örugglega eftir að hafa alvarlegar afleiðingar,“ sagði Grigorí Karasín, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel var hins vegar ákveðið að fresta frekari refsiaðgerðum á hendur Rússlandi, en ESB hefur krafist þess að rússneskir ráðamenn leggi sig fram um að stilla til friðar í Úkraínu.

Vopnahléið, sem átti að gefa uppreisnarmönnum í Úkraínu kost á því að leggja niður vopn, er nú liðið án þess að mikið hafi gerst.

Ólgan í Úkraínu hófst í nóvember eftir að Viktor Janúkóvitsj, þáverandi forseti landsins, ákvað að undirrita ekki þennan sama samstarfssamning við ESB sem nú hefur verið undirritaður. **- gb**



**ÁNÆGÐIR** Petró Porosjenkó Úkraínuforseti á milli forsetanna Jose Maria Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og Herman van Rompuy, forseta ráðherraráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undirskriftir afhentar:

## Andmæla hvalveiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Rúmlega 4.000 erlendir ferðamenn og Íslendingar hafa í júní skrifað undir yfirlýsingu þar sem þeir heita því að borða ekki hvalkjöt og lýsa yfir vilja til þess að hvalveiðum Íslendinga verði hætt.

Í gær afhentu sjálfboðaliðar IFAW-samtakanna og Hvalaskoðunarsamtaka Íslands fulltrúa atvinnuvegaráðuneytisins 2.018 undirskriftir en fyrir tveimur vikum var farið með 2.015 póstkort með jafn mörgum undirskriftum í ráðuneytið.

Um 60 sjálfboðaliðar munu í sumar ræða við ferðamenn og Íslendinga í Reykjavík um kosti þess að velja hvalaskoðun frekar en hvalveiðar.

Þeir hvetja enn fremur fólk til að velja þá veitingastaði sem merktir eru Whale Friendly. **- gb**

Ráðherra ákveður afla:

## Fylgir ráðleggingum Hafró

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur tekið ákvörðun um heildarafla tiltekinna fisktegunda fyrir næsta fiskveiðiár. Ráðherra fylgir tillögum Hafrannsóknarstofnunar um ráðlagðan heildarafla í öllum tegundum.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að mikilvægt sé að halda orðspori Íslands sem sé „sjálfbær nýtingarþjóð sem byggir ákvarðanir sínar á vísindum“.

Þar er kallað eftir auknu samráði vísindamanna og sjómanna, enda stangist reynsla þeirra síðarnefndu stundum á við vísindi þeirra fyrrnefndu. **- sój**

# Ónýti málatilbúnað í hlerunarmálum

**Formaður Lögmannafélagsins segir framkvæmd og eftirlit með símhlustunum ófullnægjandi. Ríkissaksóknari hefur ekki svarað fundarbeiðnum frá félaginu vegna málsins. Verði ekki gerðar úrbætur þurfi dómstólar að ónýta málatilbúnaðinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þessi hægagangur er ekki ásættanlegur,“ segir Jónas Þór Guðmundsson, formaður Lögmannafélags Íslands.



**JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON**

Stjórn félagsins óskaði eftir fundi með ríkissaksóknara þann 16. apríl 2013 til að ræða framkvæmd símahlustunar og eyðingu upplýsinga þegar um samtöl lögmanna og sakborninga væri að ræða. Félaginu barst svar frá embættinu daginn eftir þar sem fram kom að ekki væri tímabært að funda sérstaklega vegna þessa.

Jónas greinir frá þessu í grein sem hann skrifar í nýjasta tölublað Lögmannablaðsins. Í svarinu hafi komið fram að ríkissaksóknari myndi á næstu vikum upplýsa félagið um tilhögun eftirlits embættisins með hlustunum og breytta framkvæmd á því sviði. Frá því að þetta svar barst hefur erindið tvisvar verið ítrekað án svars frá ríkissaksóknara. „Ég staðfesti það, við höfum ekkert heyrt í þeim,“ segir Jónas.

Í grein sinni segir Jónas að svör ríkissaksóknara við spurningum blaðamanna í tilefni nýgengins dóms í Imon-málinu, þar sem dómarar töldu sérstakan saksóknara hafa gerst brotlegan við lög með því að hlera símtöl verjenda og sakborninga, veiti því miður ekki skýrar vísbendingar um hvort brugðist hafi verið við ábendingum og kvörtunum með breytingum, og þá hverjum, um þessi mál.

Jónas segir að með núgildandi fyrirkomulagi sé hugsanlegt, og reyndar líklegt, að rannsakandinn hafi komist yfir upplýsingar sem gagnist við rannsókn mála og málsókn, enda þótt þær verði ekki notaðar beinlínis sem sönnunargögn í sakamáli. Hann segir þetta allt benda til þess að bæði framkvæmd símhlustunar og eftirlit með henni sé ófullnægjandi.

Þá leggur Jónas í grein sinni í dæmaskyni til þrjár leiðir til úrbóta. Hann segir að að því er eftirlitið snerti hafi ríkissaksóknari sjálfur bent á að embættið hafi vart burði vegna fjárskorts til að sinna því, að minnsta kosti svo vel sé.

„Þetta er staðan eins og hún blasir við okkur,“ segir Jónas í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að lokum að verði ekki gerðar úrbætur á bæði framkvæmd símahlustunar og eftirliti með henni blasi við að eina raunhæfa aðhaldið felist í því að dómstólar ónýti málatilbúnað ákæruvaldsins þar sem í ljós komi að símtöl sakbornings og verjanda hafi verið hlustuð. Komi aðhaldið ekki frá dómstólunum sjálfum sé óhjákvæmilegt að breyta lögum.

Ríkissaksóknari hefur ekki svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins um þetta mál. **fanney@frettabladid.is**



**ÓLÖGLEGAR HLERANIR** Nokkur tilfelli hafa komið upp að undanförnu þar sem staðfest er að rannsóknaraðilar hafa hlerað símtöl verjenda og sakborninga.

### Tillögur til úrbóta

1. Að hlutlaus aðili eyði upptökum með símtölum verjenda og sakbornings áður en rannsakandi fer yfir upptökur.
2. Að fundin sé tæknileg útfærsla á því að upptaka sé stöðvuð ef hringt er úr hinum hlustaða síma í tiltekin símanúmer.
3. Að við uppkvaðningu úrskurðar um símahlustun skipi dómari sakborningi sérstakan lögmann sem hefði það hlutverk við framkvæmd hlustunar að gæta hagsmuna sakbornings og þeirra sem hann talar við, án vitundar þeirra og vilja.

Íslendingar tilbúnir að ganga til samninga um makrílveiðar næsta árs:

# Óbreytt ástand í makríldeilu

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er óbreytt ástand í makríldeilunni,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra. Norski sjávarútvegsráðherrann Elisabeth Aspaker var hér á landi í síðustu viku og var staðan í makríldeilunni rædd.

„Menn hafa kannski betri skilning á vandamálinu og hafa sameiginlega sýn á það. Þegar því er náð er styttra í að menn geti fundið lausnir,“ segir Sigurður Ingi og bætir við hann viti ekki hvort lausnin verði nákvæmlega eins og Íslendingar vilji.

Sigurður Ingi segir að Íslendingar hafi lýst sig reiðubúna að ganga til samninga um makrílveiðar næsta árs strax í sumar. Norski sjávarútvegsráðherrann hafi hins vegar lýst því yfir að hann teldi að málið yrði ekki tekið upp fyrr en næsta haust.

Treglega hefur gengið að semja um veiðar úr makrílstofninum sem er flökkustofn. Í vetur sömdu Evrópusambandið, Norðmenn og Færeyingar um skiptingu veiðiheimilda úr stofninum. Íslendingum var ekki boðið að vera með í þeim samningi. **-jme**



**LÝSA SAMNINGSVILJA** Makríldeilan var rædd á fundi sjávarútvegsráðherra Noregs og Íslands. Íslendingar hafa lýst yfir því að þeir vilji semja um kvóta næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



ÍAV 1954 2014 60

# Uppbygging í 60 ár

*- þakkað sé frábærum starfsmönnum!*



Á þeim 60 árum sem liðin eru frá stofnun Íslenskra aðalverktaka hefur fyrirtækið komið að hönnun og byggingu fjölda mannvirkja. Mannvirkin spanna allt svið byggingariðnaðarins og má þar nefna íbúðabyggingar, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, vegi, brýr, jarðgöng, veitur, snjóflóðamannvirki, hafnir, virkjanir, iðnaðarhúsnæði, verksmiðjur, skóla, sundlaugar, radarstöðvar, íþróttahús, knattspyrnuhallir og flughermihús.





JARÐGÖNG BRÝR SUNDLAUGAR
KNATTSPYRNUHALLIR VERKSMIÐJUR
SKÓLAR IÐNAÐARHÚSNÆÐI
HAFNIR VEGIR SNJÓFLÓÐAMANNVIRKI
ÍBÚÐABYGGINGAR ÍÞRÓTTAHÚS
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
STÓRIÐJA VEITUR VIRKJANIR FLUGVELLIR







Ný heimasíða ÍAV - www.iav.is

Í verkum sínum leggur ÍAV mikið upp úr gæðum og umfram allt öryggi og heilbrigði starfsmanna. Til að ná þeim markmiðum hefur fyrirtækið á undanförnum árum undirgengist tvær alþjóðlegar vottanir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi með ISO 9001:2001 gæðavottun ásamt OSHAS 18001:2007 öryggisvottun.

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 530 4200

***Við breytum vilja í verk***

Fellaskóli kom verst út úr PISA-könnuninni en Borgarskóli best og Reykjavík var yfir landsmeðaltali:

# Próf á íslensku skýrir niðurstöðu í Fellaskóla

**MENNTUN** Reykjavíkurborg birti í gær niðurstöður PISA-könnunarinnar árið 2012 eftir grunnskólum.

Fellaskóli kom verst út úr könnuninni. Tæplega helmingur nemenda skólans náði ekki fyrsta stigi af sex í stærðfræði.

Hildur Björk Svavarsdóttir, sviðstjóri hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, segir að ekki sé hægt að horfa fram hjá hve margir innflytjendur séu í skólanum. Prófið er þreytt á íslensku en 67 prósent nemenda Fellaskóla eru af erlendu bergi brotnir.

Borgarskóli kom best út úr könnuninni. Skólin sameinaðist Engjaskóla árið 2012 og heitir nú Vættaskóli. Jóhanna S. Vilbergsdóttir, skólastjóri Vættaskóla, þakkar færum kennurum og hópaskiptingu nemenda árangurinn. „Hóparnir fara mishratt yfir efnið og geta nemendur sjálfir metið í hvaða hópi þeir vilja vera.“

Að mati Hildar á að taka niðurstöðum PISA-könnunarinnar með fyrirvara. Nemendur viti að niðurstaða könnunarinnar skipti þá engu máli. Vísar Hildur í viðtöl við nemendur að könnuninni lokinni sem kláruðu prófið eins hratt og mögulegt var til að komast sem fyrst heim.

Reykjavík var yfir landsmeðaltali í könnuninni en Ísland kom almennt ekki vel út úr henni. Lesskilningur, læsi í stærðfræði og náttúrufræði voru undir OECD-meðaltali. **– ih, ktd**



**KOMU VERST ÚT** Fjöldi nemenda af erlendum uppruna í Fellaskóla á þátt í að skýra niðurstöður PISA-könnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samkomulag um leiðtoga:

## Staða bæjarstjóra auglýst

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær hefur auglýst eftir umsóknum í starf bæjarstjóra. Sjálfstæðisflokkur og Björt framtíð sitja í nýjum meirihluta bæjarstjórnar eftir sveitarstjórnarkosningar.

Á vefsíðu bæjarins segir að umsækjendur þurfi „þekkingu og farsæla reynslu af stjórnun, stefnumótun og rekstri“ sem og „leiðtogahæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum“. Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí næstkomandi. **- bá**



**ÞRETTÁN ÁRA SKILIN** Maimuna Abdullahi á leiðinni heim til sín í Kadúna í Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afleiðingar einstrengingsháttar Boko Haram í Nígeríu:

## Þúsundir stúlkna eru á flótta

**NÍGERÍA, AP Maimuna Abdullahi er aðeins ein af þúsundum stúlkna á barnsaldri sem hafa gengið í gegnum hjónaskilnað í norðaustanverðri Nígeríu. Ýmist flúðu þær sjálfar misnotkun eiginmannsins eða eiginmenn þeirra hentu þeim út.**

**Þegar Maimuna flúði var andlit hennar svo bólgið eftir barsmíðar eiginmannsins að læknar óttuðust að hún væri farin úr kjálkalið. Þá voru bak hennar og handleggir þakin förum eftir svipuhögg, sem faðir hennar veitti henni fyrir að hafa flúið eiginmanninn.**

**Hún er því flúin frá foreldrum sínum og þorir ekki heim: „Ég veit að þau munu neyða mig til að fara aftur til eiginmanns míns,“ segir hún.**

**Hún er, eins og aðrar í sömu sporum, fórnarlamb herferðar öfgasamtakanna Boko Haram, sem hafa krafist þess að stúlkur gangi í hjónaband frekar en að fara í skóla. Samtökin hafa gengið hart fram og rænt hundruðum stúlkna sem sátu á skólabekk.** **- gb**




# Vill fá upplýsta umræðu um Evrópumál

Menntamálaráðherra telur umræðu um Evrópumál á villigötum. Menn séu fastir í að ræða hvernig Ísland eigi að aðlaga sig regluverki ESB. Hann vill ekki tjá sig um hver eigi að verða afdrif umdeildrar tillögu utanríkisráðherra um viðræðuslit.

**STJÓRNMÁL** „Það er rangt sem menn hafa haldið fram að það sé ekki hægt að hafa upplýsta umræðu um Evrópumálin og þá spurningu hvort Ísland eigi að vera aðili að sambandinu án þess að fyrir liggi samningur við ESB,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. Illugi blés nýju lífi í ESB-umræðuna með ræðu sem hann hélt á Hrafnseyri á þjóðhátíðardaginn.

Illugi segir að menn séu allt of fastir í að ræða spurninguna hvernig Ísland eigi að aðlaga sig regluverki ESB.

„Við höfum ekki svarað því sem samfélag hvort við viljum fara inn í evrusamrunann sem er augljós og fyrirsjáanlegur. Það er verið að auka samruna innan evrusvæðisins meðal annars með því að stefna að meiri samruna ríkisfjármála evruríkjanna,“ segir Illugi og bætir við að Íslendingar verði að svara því hvort þeir vilji fara inn í slíkt samband eða hvort þjóðin telji hagsmunum sínum betur borgið á þann hátt. Þetta þurfi að ræða áður en við förum að ræða hvernig samningur getur litið út.

„Við þurfum að svara því hvort við viljum taka þátt í þeirri vegferð sem augljós er,“ segir Illugi.

–En hvernig á þjóðin að svara þessari spurningu?

„Þjóðir hafa svarað þessari spurningu áður en þær sækja um með því að kjósa flokka í meirihluta á þjóðþing sín sem leggja áherslu á ESB-aðild og sótt um aðild á grundvelli þess. Annar möguleiki er, eins og Sjálfstæðisflokkurinn lagði til 2009, að það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Þá vöruðu sjálfstæðismenn við því að það væri farið af stað með umsókn þar sem annar stjórnarflokkurinn var á móti því að sækja um en hinn flokkurinn meðmæltur.“ Enda hafi farið svo að umsóknarferlið stöðvaðist.

Enn er ekki ljóst hvað verður um afar umdeilda þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga eigi til baka umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Illugi kveðst ekki vilja tjá sig um tillöguna eða hugsanleg afdrif hennar, svarar því einungis til að tillagan sé á forræði utanríkisráðherra.

Illugi segir að þjóðin eigi annarra kosta völ en að ganga í Evrópusambandið.

„Ef við lítum til sögunnar þá hefur okkur vegnað ágætlega þó við séum ekki í ESB. Við höfum EES-samninginn og þar með aðgang að innri markaði sambandsins sem skiptir miklu máli. Nýlega höfum við gert fríverslunarsamning við Kína og áfram er unnið á vettvangi EFTA-ríkjanna við gerð fríverslunarsamninga. Við eigum góð færi á slíkum samningum sem fámenn þjóð sem auðvelt er að semja við. Þegar kemur að utanríkisviðskiptum þá eru okkur allir vegir færir og það er hægt að halda því fram að við eigum ekki minni möguleika utan ESB en innan.“

johanna@frettabladid.is



**VILL BREYTA UMRÆÐUNNI** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að þjóðin verði að svara þeirri spurningu hvort hún vilji fara inn í evrusamrunann sem sé augljós og fyrirsjáanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef við lítum til sögunnar þá hefur okkur vegnað þó ágætlega þó við séum ekki í ESB.**
>
> *Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra*

Formaður SVÞ fagnar fríverslunarsamningnum við Kína:

## Segir að vöruverð lækki hér

**VIÐSKIPTI** „Það er alveg klárt mál að vöruverð kemur til með að lækka hér á landi,“ sagði Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu, í viðtali um fríverslunarsamning við Kína í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Fríverslunarsamningurinn tekur gildi á þriðjudaginn, en honum er ætlað að bæta viðskiptakjör milli landanna. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki segja samninginn því bjóða upp á gríðarleg tækifæri, enda er í honum kveðið á um niðurfellingu tolla á helstu útflutningsafurðum Íslendinga.

Meðal annars verða allar sjávarafurðir tollfrjálsar, en algengir tollar á þeim eru á bilinu 10 til 12 prósent.

„Við fögnum þessum samningi,“ segir Margrét Sanders. „Þetta er eitthvað sem við erum búin að berjast fyrir. Fríverslunarsamningur er mikið hagsmunamál fyrir verslunina, og við teljum að þetta sé leið til lækkunar vöruverðs. Þannig að neytendur fagna og við fögnum.“

Hún segist ekki óttast að netverslun muni aukast á kostnað verslunar hér á landi: „Ef við erum að bjóða samkeppnishæft verð,“ segir hún. „Þá fáum við fleiri inn í verslanirnar og þá fjölgar starfsfólki og allir hagnast á þessu.“ **- gag, gb**



**MARGRÉT SANDERS** Formaður Samtaka verslunar og þjónustu segir fríverslunarsamninga mikið hagsmunamál fyrir verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
5stk. BÓNUS PYLSUBRAUÐ 260g
149 kr 5 stk.
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159 kr 4 stk.
1598 kr 10 stk. 120g
1598
BÓNUS VÍNARPYLSUR
359 kr. 485g. 10 stk
NAUTA Veisla
Ferskir nautgripa-hamborgarar 2 X 140 GRÖMM
439 kr. boxið
Pólskar PYLSUR
87% KJÖTINNIHALD
298 kr pk. 4 stk.
Kjarnafæði Pólskar Pylsur
BÓNUS Grillkjöt
Bónus BBQ grísakótilettur
1198 kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur
ÍSLANDSLAMB
2198 kr. kg.
ÍSLANDS LAMB
Grill lambalærissneiðar 1.flokkur
ÍSLANDSLAMB
1398 kr. kg.
ÍSLANDS LAMB
Grill lamba-sirloin sneiðar
BÓNUS Grísakótilettur
1398 kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
2013 SLÁTRAÐ
FROSIÐ LAMBAKJÖT
FERSKUR KJÚKLINGUR
KJÖRFUGL
2013 SLÁTRAÐ
1198 krónur kg.
KS
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
1998 kr. kg
Kjörfugl FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
KJÚKLINGAVÆNGIR
298 kr. kg
Kjörfugl FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
2013 SLÁTRAÐ
3598 krónur kg.
KS
Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambafillet
SS Fremst Fyrir bragðið
759 kr. kg
Sláturfélag Suðurlands
Frosinn grillsagður lambaframpartur
2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
KS
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
759 kr. kg
HEILL FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI SUNNUDAGUR 12:00-18:00

## Leiðtogaráð ESB vill að Juncker verði forseti framkvæmdastjórnarinnar:

# Vilji Camerons var hundsaður

**EVRÓPUMÁL** Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, var sá eini sem David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, tókst að fá til liðs við sig þegar greidd voru atkvæði um næsta forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Jean-Claude Juncker frá Lúxemborg varð fyrir valinu þrátt fyrir harða andstöðu Camerons, sem hafði vikum saman reynt hvað hann gat til þess að fá hina leiðtogana til að fallast á aðra lausn. Þegar á reyndi hafði Juncker stuðning 26 ríkja af 28.

„Þetta er slæmur dagur fyrir Evrópu,“ höfðu fjölmiðlar eftir Cameron í gær, en hann sagðist þó líta svo á að hann hefði aðeins tapað orrustu en ekki stríðinu.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hafði gefið Cameron vonir um að hún myndi geta fallist á annan mann í embættið, en hélt sig á endanum við þann sem hún upphaflega studdi, nefnilega Juncker.

Þá voru það vonbrigði fyrir Cameron að hvorki Fredrik Reinfeldt né Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherrar Svíþjóðar og Danmerkur, stóðu með honum.

Andstaða Camerons við Juncker er byggð á því að hann muni leggja alla áherslu á að fá Evrópusambandinu meiri völd á kostnað aðildarríkjanna. Þetta gengur þvert á þau loforð sem Cameron hefur gefið Bretum um að hann ætli að berjast fyrir því að aðildarríkin fái aftur til baka eitthvað af þeim völdum sem framseld hafa verið til Brussel.

Cameron er einnig afar ósáttur við það nýja fyrirkomulag að Evrópuþingið ráði úrslitum um valið á forseta framkvæmdastjórnarinnar.

„Ég hef sagt leiðtogum ESB að þeir gætu átt eftir að sjá eftir þessari nýju aðferð við að velja forseta framkvæmdastjórnarinnar,“ skrifaði Cameron á Twitter-síðu sína í gær. „Ég mun alltaf taka málstað Bretlands.“

Juncker er talinn eiga vísan stuðning yfirgnæfandi meirihluta hins nýkjörna Evrópuþings, en þingið mun taka afstöðu um miðjan næsta mánuð. -gb



**ÓSÁTTUR Í BRUSSEL** David Cameron mætir til leiðtogafundar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> **Þetta er slæmur dagur fyrir Evrópu.**
> *David Cameron, forsætisráðherra Bretlands*


# HÚSNÆÐI
## ÓSKAST TIL LEIGU

Viðlagatrygging Íslands óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar

**Miðað er við afhendingu þann 1. desember 2014.**

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð um 170-350m².
Húsnæðið skal vera hefðbundið skrifstofu- og þjónustuhúsnæði.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið skulu sendar á netfangið **vidlagatrygging@vidlagatrygging.is**, merktar ***"Skrifstofuhúsnæði VTÍ".***
Frestur til fyrirspurna rennur út **fimmtudaginn 10. júlí 2014,**
svör við fyrirspurnum verða send fyrir **15. júlí 2014.**

**Húslýsing og upplýsingar um gögn sem fylgja skulu tilboði má finna á heimasíðu Viðlagatryggingar Íslands: www.vidlagatrygging.is**

Leigutilboðum skal skila til Viðlagatryggingar Íslands, Borgartúni 6, 105 Reykjavík, eigi síðar en **mánudaginn, 21. júlí 2014. Merkt : Leiga á húsnæði fyrir Viðlagatryggingu Íslands.**

Viðlagatrygging Íslands




**UNNIÐ VIÐ RAFLÍNUR** Raforka hefur verið skert í fjórgang frá áramótum. Afkastageta byggðalínunnar er ekki nægjanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Loðnuvertíðin hafði áhrif á byggðalínuna

Byggðalína er svo lösku að lítil veiði á loðnu varð þess valdandi að skerðing á raforku var minni en gert var ráð fyrir. Flutningsgeta byggðalínunnar er aðeins fimm prósent af öllu því rafmagni sem notað er hverju sinni.

**ORKUMÁL** Frá áramótum hefur fjórum sinnum þurft að grípa til skerðingar á raforku til fyrirtækja á svæðinu frá Eyjafirði í norðri og til Djúpavogs í austri. Ástæða skerðingarinnar er sú að byggðalínan annar ekki því álagi sem er á henni og hún getur ekki annað eftirspurn. Þetta kemur sér afar illa fyrir fyrirtæki á Norður- og Austurlandi. Í sumum tilvikum hefur tilkynning borist til fyrirtækja aðeins fjórum tímum áður en raforka er skert til þeirra.

Þrátt fyrir að byggðalínan hafi ekki annað álaginu á norðausturhorni landsins var álagið minna en venjulega á þessum tíma. Til að mynda veiddist lítið af loðnu í febrúar og mars. Það hafði þau áhrif að loðnubræðslur á Austurlandi þurftu ekki eins mikið rafmagn og við það var álagið á byggðalínuna minna en ella. „Horfa verður á orkuflutninga milli landshluta sem einn hluta af samgöngukerfinu,“ segir Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar Landsnets.

Flutningsgeta byggðalínunnar er ekki nægjanlega mikil milli landshluta. Byggðalínan á að sinna öllum notendum kerfisins og framkvæmdir til styrkingar byggðalínu eru notendum alls staðar á landinu til hagsbóta.

„Flutningsgeta byggðalínunnar er ekki nema um fimm prósent af öllu því rafmagni sem notað er hverju sinni sem þýðir að línan býður ekki upp á mikinn sveigjanleika, jafnt fyrir framleiðendur rafmagns sem vilja geta selt raforku um allt land, sem og fyrir fyrirtæki og einstaklinga víðs vegar um landið sem vilja búa við trygga orku,“ segir Íris.

Mjólkursamlagið á Akureyri býr við ótryggan orkuflutning og kom fram í máli Kristínar Halldórsdóttur að fyrirtækið hefði aðeins fengið fjögurra tíma fyrirvara þegar ein skerðingin átti sér stað í vor. Að hennar mati hefði þetta verið afar lítill fyrirvari og ekki nægjanlegur nema til að stöðva framleiðsluna um tíma í samlaginu.

Íris segir þetta eiga sér þá skýringu að vilji Landsnets sé sá að skerða sem allra minnst raforku til notenda. Ef Landsnet þyrfti að spá fram í tímann þá væru eflaust skerðingarnar fleiri en ella. Af þeim sökum þurfi því stundum að grípa til skerðingar með stuttum fyrirvara. Landsnet skilji samt sem áður áhyggjur fyrirtækja á svæðunum og reyni að gera allt til að orkan verði skert sem sjaldnast og það vari í eins stuttan tíma og þurfa þykir í hvert sinn.

sveinn@frettabladid.is



> **Flutningsgeta byggðalínunnar er ekki nema um fimm prósent af öllu því rafmagni sem notað er hverju sinni sem þýðir að línan býður ekki upp á mikinn sveigjanleika.**
> *Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri á Akureyri*





16
kr. afsláttur í dag
liða úrslit á HM
Nú fara í hönd 16 liða úrslit á HM og því fá lykilhafar*
16 króna afslátt af bensín- og dísel-lítranum í dag,
laugardaginn 28. júní. Afslátturinn gildir hjá ÓB og Olís.
ARGENTINA
DATT LIÐIÐ
ÞITT ÚT
EÐA VILTU
SKIPTA UM LIÐ?
Við þökkum fyrir ótrúlega þátttöku í
HM-leiknum okkar. Nú getur þú valið
þér nýtt lið og þá færðu 5 kr. afslátt
fyrir hvert mark sem það skorar í
úrslitakeppninni. Nánari upplýsingar
á ob.is.
PIPAR\TBWA • SÍA • 141579
VELDU
ÞITT HM-LIÐ
Á OB.IS
ÓB
*Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslu- og Tvennukortum.

Búvöruframleiðendur blekkja neytendur:

# Merkingarlaus umhverfismerking

Fréttablaðið upplýsti í vikunni að merkingin „vistvæn landbúnaðarafurð“, sem er á umbúðum alls konar landbúnaðarafurða, væri í raun fullkomlega merkingarlaus.

Merkinu var komið á með vottun samkvæmt opinberri reglugerð árið 1998. Þar var kveðið á um ýmis skilyrði þess að geta fengið vottunina; til dæmis að skepnum hafi ekki verið gefnir hormónar eða óhóflega mikið af sýklalyfjum, að notkun á áburði, lyfjum og varnarefnum í garðyrkju sé innan tiltekinna marka, og búfjárbeit rýri ekki landgæði.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þegar þeir sem fá vottunina hafa fengið hana, á að meta með árlegu eftirliti hvort þeir uppfylli skilyrðin áfram; annars er vottunin afturkölluð og þar með rétturinn til að nota merkinguna.

Annars vegar stendur hnífurinn þar í kúnni; eftirlit með vottuninni hefur ekki verið neitt í tólf ár. Atvinnuvegaráðuneytið, áður landbúnaðarráðuneytið, sem setti reglugerðina og á samkvæmt henni að geyma skrár um framleiðendur sem hafa hlotið vottunina, hefur engar upplýsingar um hverjir nota merkinguna.

Hins vegar fann Fréttablaðið staðfest dæmi um að framleiðendur sem komu á markað eftir að hætt var að hafa eftirlit með vottuninni hafa engu að síður merkt vörur sínar sem „vistvæna landbúnaðarafurð“. Það heitir einfaldlega að skreyta sig með stolnum fjöðrum. Sama má raunar segja um þá sem einhvern tímann kunna að hafa uppfyllt skilyrðin og gera það jafnvel enn þá, en án þess að nokkur til þess bær aðili votti það eins og vera ber. Það á til dæmis við um næstum því alla grænmetisbændur í landinu.

Alls konar merkingar og vottanir um að fylgt sé vistvænum framleiðsluháttum, passað upp á umhverfið, velferðar dýra gætt og þar fram eftir götunum, skipta æ meira máli við markaðssetningu matvöru. Meðvitaðir neytendur fylgjast með þessum merkingum og beina viðskiptum sínum til þeirra sem hafa fengið opinbera gæðastimpla. Það er grafalvarlegt mál þegar framleiðendur skreyta vörur sínar með merki sem engin raunveruleg vottun eða eftirlit liggur að baki. Með því er verið að blekkja neytendur.

Eins og Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, benti á í Fréttablaðinu eru þetta líka ósanngjarnir samkeppnishættir. Grænmetisframleiðendur sem þykjast vera vistvænir eru í samkeppni við framleiðendur með lífræna vottun, sem er alvöru vottun, útheimtir mikla vinnu og gæðaeftirlit og sætir ströngu árlegu eftirliti.

Það er þess vegna gott hjá Sigurði Inga Jóhannssyni landbúnaðarráðherra að lýsa því yfir í Fréttablaðinu í dag að annaðhvort verði eftirliti með vottuninni komið á aftur, eða reglugerðin einfaldlega slegin af.

Hins vegar er pínulítið dularfullt að ráðuneytið hans, sem ætti að hafa vitað það í tólf ár að það hefur ekkert eftirlit með vottuninni og heldur engar skrár um þá sem hafa fengið hana, skuli á þeim tíma ekki hafa gert neinar athugasemdir við að búvöruframleiðendur merktu vörur sínar með henni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871






## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Dýrmætasta eignin

Yfirlit Fjármálaeftirlitsins, sem birt var í vikunni, um stöðu lífeyrissjóðanna á síðasta ári hrópar á skýra pólitíska framtíðarsýn. Það ákall hefur að sönnu hljómað lengi en verður hærra og hærra með hverju ári. Pólitíska andsvarið lætur hins vegar á sér standa.

Óhætt er að staðhæfa að lífeyriskerfið sé einhver dýrmætasta eign samfélagsins. Það voru auðnuspor þegar fyrstu skrefin voru stigin til uppbyggingar á almennu lífeyriskerfi með sameiginlegri ábyrgð launafólks og atvinnufyrirtækja.



Þar sem áður var mjór vísir er nú kerfi í hlutfalli við umfang þjóðarbúskaparins sem engin önnur þjóð, að Hollendingum fráskildum, getur státað af.

Þjóðmálaumræðan er oft þversagnakennd. Segja má að hnútukast í garð lífeyrissjóðanna hafi aukist eftir því sem þeim hefur vaxið ásmegin. Og þá beina menn helst sjónum sínum að stjórnkerfi þeirra. Vitaskuld þurfa þeir aukið aðhald eftir því sem þeir verða umsvifameiri í þjóðarbúskapnum. En hinu mega menn ekki gleyma að það er einmitt þetta stjórnkerfi sem hefur fært samfélaginu þá dýrmætu eign sem sjóðirnir eru. Það er öfugsnúið að byrja á að breyta því sem vel hefur gefist.

Hættumerkin sem eru fram undan lúta að stærstum hluta að pólitískum viðfangsefnum á þessu sviði. Það er þögnin um þau sem þarf að rjúfa. Þeim verður ekki sópað undir teppið endalaust án afleiðinga.

# Góð umsögn

Aðrar ályktanir verða ekki dregnar af yfirliti Fjármálaeftirlitsins en að almennu lífeyrissjóðirnir sem ekki njóta opinberrar ábyrgðar standi ágætlega þrátt fyrir áföllin í stóðu af hruninu. Þar kemur skýrt fram að tryggingafræðileg staða þeirra sjóða hefur batnað á undanförnum árum og er nú nálægt því að vera í jafnvægi.

Raunávöxtun sjóðanna í fyrra var vel yfir ávöxtunarviðmiði sem er í gildi. Athyglisvert er að tíu ára meðaltal, sem inniheldur tapið í hruninu, sýnir að ávöxtun á því tímabili fullnægir ávöxtunarviðmiðinu. Þetta eru umtalsverð tíðindi, sem ástæða er til að fagna.

Vandamálin snúa fyrst og fremst að lífeyrissjóðum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Tryggingafræðileg staða þeirra var neikvæð um sex hundruð milljarða króna. Þetta er vandi sem snýr beint að skattgreiðendum. Þeir eiga ekki aðeins rétt á að vita hver framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar er heldur einnig hverjar hugmyndir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa til lausnar.

Annar pólitískur vandi sem fram kemur í yfirlitinu felst í því að nærri helmingur af verðbréfaeignum lífeyrissjóðanna er með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Þótt ríkissjóður sé traustur skuldari þarf enga sérfræðinga í áhættustýringu til að sjá að þessi mikli áhættusamruni er umhugsunarefni. Skattborgararnir sem eiga réttindi í nútíð og framtíð í sjóðunum eru sjálfir í ábyrgð fyrir helmingi þeirra eigna sem réttindi þeirra hvíla á.

Einnig á þessu sviði eiga skattborgararnir rétt á að heyra afstöðu stjórnmálaflokkanna til áhættudreifingar og hvernig þeir hyggjast bregðast við. Höftin eru vitaskuld kjarni vandans. Það er einfaldlega óábyrgt að halda þessum hættumerkjum fyrir utan almenna stjórnmálaumræðu.

# Vandi stjórnmálanna

Um leið og sú krafa er gerð til stjórnmálaflokkanna að þeir komi með skýr svör við þessum stóru spurningum verður að viðurkenna að þetta eru einhverjar stærstu og erfiðustu spurningarnar sem þeir standa andspænis. Það þarf að fórna einhverju fyrir lausnirnar. Og það sem meira er: Fórnin kemur fyrst og ávinningurinn síðar. Það er pólitíska klípan.

Hér kemur til kasta kjósendanna. Þeir þurfa að vera tilbúnir til þess að meðtaka og ræða þann boðskap sem byggir á langtímasjónarmiðum en ekki bara stundarhagsmunum. Það gerist hins vegar ekki sjálfkrafa. Til þess þarf forystu og sannfæringarkraft sem stjórnmálin verða að veita.

Vinstri stjórnin lokaði augunum fyrir þessum tveimur vandamálum. Vonir voru bundnar við nýja ríkisstjórn en hún kaus að hafa sama hátt á í fyrsta fjárlagafrumvarpi sínu. Ólíklegt er að nokkur ríkisstjórn hafi styrk til að taka á svo erfiðum málum á seinni hluta kjörtímabils. Eina færi núverandi stjórnar er því að kynna áform sín og áætlanir í næsta fjárlagafrumvarpi.

Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar hefur aftur á móti þrengt möguleika hennar og jafnvel gert þá að engu. Það var annars vegar gert með því að útiloka eina af þeim leiðum sem Íslandi eru færar í peningamálum og gæti hugsanlega opnað möguleika fyrr en nú horfir á meiri áhættudreifingu lífeyrissjóðanna. Hins vegar með því að verja bankaskattinum í niðurgreiðslur á húsnæðisskuldum einstaklinga fremur en skuldum skattborgaranna þar á meðal vegna lífeyrisskuldbindinga.

Það er forgangsröðun af þessum toga sem þarf að draga inn í stjórnmálaumræðuna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# DEBENHAMS

*Sumar*

# ÚTSALAN ER HAFIN

## 30-70% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af dömunáttfötum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Collection „boot leg" gallabuxum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af barnakjólum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum leikföngum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af herranáttfötum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Úrvali af barnaskyrtum



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum herra útsöluskóm



**50% AFSLÁTTUR AF:**
Öllum dömu útsöluskóm frá Red Herring, Principles og Collection

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Finndu okkur á facebook

**Opið 11:00 - 18:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# HM RISASKJÁR Á

# ARENA DE IN




HEIMAVELLI NOVA
NGÓLFSTORG
DAGSKRÁ Á INGÓLFSTORGI Í DAG
14:30 DJ Margeir · Högni Egilsson
Daníel Ágúst · Ásdís · Unnsteinn Manuel
16:00 Brasilía - Chile
20:00 Kólumbía - Úrúgvæ
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

# HELGIN



**Valdimar Guðmundsson**
**tónlistarmaður**

### Metnaður í Manager

Ég mun líklega klára tímabilið mitt með Tottenham í Football Manager 2013. Ég sé svo til hvort maður kíki eitthvað út með strákunum í kvöld. Æsispennandi helgi.



**Elísabet Gunnarsdóttir, tískubloggari og viðskiptafræðingur**

### Pensill og skúringar

Ég verð í málningargallanum fyrripart helgarinnar með pensil í annarri en skúringagræjurnar í hinni og horfi á sólina út um gluggann. Á sunnudaginn ætla ég síðan að stinga af til Feneyja.



**Snæbjörn Ragnarsson, tónlistarmaður og skáld**

### Sofa, sofa, sofa

Ég á frí um helgina! Það gerist aldrei. Ég þarf reyndar sennilega að fara aðeins í stúdíóið, og svo þarf ég að drulla mér út að hlaupa og í ræktina ef ég ætla að komast þetta Reykjavíkurmaraþon. Og sofa.



**Anna Svava Knútsdóttir leikkona**

### Nýbúin í hálskirtlatöku

Ég ætla að gera nákvæmlega ekki neitt. Ég var í hálskirtlatöku og mér líður ömurlega. Ég ætla nú samt að láta mig dreyma um pitsu og annan mat.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á MARKAÐ** sem tólf ungir myndskreytar halda í Hinu húsinu og kauptu verk beint af listamönnunum. Í boði verða einstök verk, verk í takmörkuðu upplagi og verk prentuð í stærra upplagi.



**Á NÝJA PLÖTU EDS SHEERAN** sem heitir því einfalda nafni X. Platan fór á topp iTunes-listans á nokkrum klukkutímum.




**SÍÐUSTU ORÐSENDINGU ELSKHUGANS** eftir Jojo Moyes. Hjartaskerandi, fyndin og vel fléttuð saga sem segir sögur tveggja kvenna. Önnur gerist um 1960 og hin 2003. Hefur eitthvað breyst á fjörutíu árum?



**Á THE WOLVERINE** á Stöð 2 í kvöld. Leikstjóri er James Mangold og aðalleikarar Famke Janssen og Hugh Jackman. Ofurhetjumynd frá 2013 þar sem Hugh Jackman fer á kostum.



**HJÁLMAR** Það hallar ekki á neinn þótt fullyrt sé að þeir séu með helstu reggísnillingum landsins. MYND/GUÐMUNDUR VIGFÚSSON

# Frumkvöðlar í reggítónlist

Hljómsveitin Hjálmar fagnar í ár tíu ára afmæli sínu með pomp og prakt.

Hjálmar urðu í raun til fyrir ákveðna slysni, þegar við vorum að taka upp reggí með Rúna Júl í Geimsteini árið 2004,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari í hljómsveitinni Hjálmum, en hún fagnar tíu ára afmæli í ár. Í því tilefni er ýmislegt á döfinni hjá sveitinni og má þar nefna afmælistónleika í Eldborgarsal Hörpu í september og þá mun líta dagsins ljós vegleg safnplata með bestu lögum Hjálma. „Platan sem mun bera heitið Skýjaborgin mun innihalda samtals 30 lög og þar af þrjú nýleg,“ bætir Guðmundur Kristinn við.

Fyrsta plata Hjálma kom út árið 2004 og ber titilinn Hljóðlega af stað en óhætt er að segja að Hjálmar hafi ekki farið hljóðlega af stað, því platan varð gífurlega vinsæl, náði gullsölu og var valin rokkplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum auk þess sem Hjálmar voru valdir bjartasta vonin. „Við bjuggumst ekki við þessari velgengni til að byrja með. Ég hafði ekki mikið hlustað á reggí áður en þetta byrjaði, það var aðallega Steini sem hafði hlustað á reggí í Svíþjóð og hafði mestu reggíþekkinguna,“ útskýrir Guðmundur Kristinn.

Hjálmar eru í raun frumkvöðlar á reggísviðinu á Íslandi. „Í öllum öðrum löndum voru til reggíbönd en ekki hérna en nú er til fullt af reggíhljómsveitum og ég fagna því, reggísenan á Íslandi er flott.“

Sveitin hefur farið utan til þess að drekka í sig uppruna reggísins. „Við fórum til Jamaíka árið 2009 og tókum upp plötu, það var magnað. Við fórum meðal annars heim til Bobs Marley heitins og hittum þar son hans. Við höfum þó ekki planað neina svona pílagrímsferð í bráð.“

Hinn 1. júlí er alþjóðlegi reggídagurinn og ætla Hjálmar af því tilefni að hefja miðasöluna á afmælistónleikana sína þann dag. „Það kom auðvitað ekkert annað til greina en að nýta þenna yndislega dag í að hefja miðasöluna.“

gunnarleo@frettabladid.is

### HJÁLMAR Í TÍU ÁR

**Útgefnar plötur**
**Hljóðlega af stað** 2004
**Hjálmar** 2005
**Ferðasót** 2007
**IV** 2009
**Keflavík Kingston** 2010
**Órar** 2011

Hjálmar hafa ávallt valið að flytja efni sitt á íslensku og árið 2010 fékk hljómsveitin verðlaun á Degi íslenskrar tungu fyrir stuðning sinn við málið. Um þessar mundir eru Hjálmar einnig að leggja lokahönd á upptökur með Norðmanninum Erlend Oye, sem margir þekkja í gegnum hina frábæru hljómsveit Kings of Convenience. Í júlí munu Hjálmar einmitt koma fram ásamt Erlend á norsku tónlistarhátíðinni Træna.

# Sumarlegur matur sem er tilvalinn í garðinn

Ferskt og frumlegt kartöflusalat og girnileg kjúklingaspjót í BBQ-döðlusósu á grillið.

### Grilluð kjúklingaspjót í BBQ-döðlusósu

*Aðalréttur fyrir 4*

- 1 kg kjúklingalæri (úrbeinuð og skinnlaus)
- 8 grillspjót (ef þau eru tréspjót, þá þarf að leggja þau í heitt vatn í lágmark þrjá tíma)

**BBQ-döðlusósa**

- 100 g döðlur (steinlausar)
- Vatn
- Eplaedik
- Tómatsósa
- Paprikuduft
- Dijon-sinnep
- 1 tsk. chilisósa
- Sojasósa



Sjóðið vatnið og döðlurnar og setjið í matvinnsluvél ásamt restinni af hráefninu, blandið vel saman þar til að úr verður þykk sósa, smakkið til með salti og pipar.

Skerið kjúklinginn í litla bita u.þ.b. 4x4 cm og setjið í bakka, hellið BBQ-sósunni yfir og látið marinerast í lágmark 30 mín. Þá er kjúklingurinn þræddur upp á spjótin og þau grilluð á vel heitu grillinu.

### Salat með sætum kartöflum, ab-mjólk og fetaosti

- 200 g ab-mjólk
- 100 g hreint skyr
- 100 g sýrður rjómi með graslauk og lauk
- 80 g fetaostur
- 2 msk. olía
- 600 g sætar kartöflur
- Salt og pipar

Skrælið sætu kartöflurnar, skerið í bita, steikið í olíunni og kælið. Hrærið saman abmjólk, skyri, sýrðum rjóma og muldum fetaosti. Kryddið með salti og pipar. Blandið að lokum sósunni og sætu kartöflunum saman.Hægt er að nota venjulegar kartöflur í stað sætra kartaflna.



*Heimild: Heilsutorg.is*


Kjörís
Veðurhorfur
um helgina:
Bongó!
SUMAR
Mjúkís
MANDARÍNUBRAGÐ
SUMAR
Mjúkís
Kjörís
MANDARÍNUBRAGÐ

# Hugsar aldrei um statusinn

**Guðbergur Bergsson** er einn virtasti og dáðasti rithöfundur þjóðarinnar og þrátt fyrir háan aldur sendir hann frá sér tvær bækur á þessu ári. Hann er alltaf að læra eitthvað nýtt og segir sér aldrei falla verk úr hendi. Hann segir álit annarra á verkum hans ekki skipta sig nokkru máli, enda hljóti það að vera óskaplega þreytandi að vera eitthvað.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Guðbergur stefnir mér í miðbæ Mosfellsbæjar, nánar tiltekið í húsakynni prentþjónustunnar Artpro, sem hann á ásamt félaga sínum Guðna Þorberbergssyni. Þar situr hann við tölvuna og klippir kvikmyndir sem hann hefur tekið víðs vegar um heiminn, meðal annars í byltingunni í Portúgal 1974, en sú mynd er nánast fullunnin, aðeins eftir að tala inn á hana sem Guðbergur gerir að sjálfsögðu sjálfur eins og allt annað sem viðkemur kvikmyndum hans.

„Ég hef verið að taka kvikmyndir frá 1972 og hef gefið nokkrar þeirra út á dvd-diskum. Þetta eru yfirleitt súrrealískar kvikmyndir, 2-3 mínútur að lengd, auk þess sem ég hef gert kvikmynd sem er myndskreytt ljóð úr fyrstu ljóðabókinni minni. Svo hef ég árum saman gert kvikmyndadagbækur og nú langar mig til að koma þeim á dvd-diska. Þannig að ég hef verið að læra að klippa og setja saman í tölvunum hérna. Annars hef ég mest gaman af því að vinna í handverkinu. Ég sit við fyrir jólin og sker og brýt saman jólakort sem við framleiðum og stafla þeim í bunka. Það er svo gott að vinna með höndunum því þá getur maður hugsað frjálst á meðan.“

### Þreytandi að vera eitthvað

Guðbergur hefur löngu öðlast goðsagnakennda stöðu í íslenskum bókmenntaheimi, þótt hann hafi verið umdeildur framan af ferlinum. Í tilefni af áttræðisafmæli hans fyrir tveimur árum var opnuð Guðbergsstofa í heimabæ hans Grindavík og ég spyr hann hvernig honum líði í þeirri stöðu að vera orðinn bæjardýrmæti Grindvíkinga sem ekki voru alltaf hrifnir af skrifum hans.

„Ég veit ekkert hvort þeir eru orðnir nokkuð hrifnari af mér. Þetta var hugmynd sem upphaflega kom frá aðfluttum framsóknarmanni. Ég setti stofuna algjörlega upp sjálfur, skannaði myndir og skrifaði texta en ég held kannski að ein af ástæðunum fyrir stofunni sé að ég á mikið af myndum sem ég hef tekið alveg frá því að ég var átta ára af fólki í bænum. Þannig að þetta er góð heimild um bæjarbraginn og þróunina og fólk er ánægt með það.“

Umræðan um myndatöku og heimildasöfnun Guðbergs leiðir talið að þeim miklu heimildum sem hann safnaði á filmur í byltingunni í Portúgal 1974 þar sem hann segist hafa getað valsað um allt, meira að segja inn í fangelsin, án þess að nokkur amaðist við honum. „Ég var enginn, skilurðu. Ég var ekki til í þeirra augum og ef maður er ekki til þá kemst maður hvert sem maður vill. Um leið og maður er orðinn eitthvað fer fólk að vera á varðbergi.“

Það er hrein unun að hlusta á Guðberg lýsa tímanum í Lissabon og á Spáni þar sem hann umgekkst flóttamenn og anarkista sem báru með sér allt sitt dót í ferðakoffortum á sífelldum flótta undan yfirvöldum frá einni borg til annarrar. Talið um að vera ósýnilegur leiðir til umræðu um andstæðu þess; að vera einn virtasti höfundur þjóðarinnar og undir smásjá hennar, sem hann segir reyndar að snerti sig ósköp lítið. „Ég hugsa aldrei um það. Ég held að það sé óskaplega þreytandi að vera eitthvað. Ef það er eitthvað sem er óöruggt í lífinu þá er það listin og maður veit ekkert um það hvernig verkum manns muni reiða af, enda ekki hægt að meta það á nokkurn hátt. Það er verið að reyna að meta það í gegnum sölutölur en það segir ekkert um hvað er lífvænlegt í listinni. Annað sem árangur í listinni er mældur í eru dómarnir sem verkin fá, en það segir heldur ekkert. Helst að þeir höfundar sem verða eitthvað noti það til að stæra sig af að þeir hafi í upphafi fengið vonda dóma. Það þykir voðalega fínt.“

Guðbergur setti þjóðfélagið á annan endann með skáldsögunni Tómas Jónsson – metsölubók árið 1966 en hann segist ekkert hafa fundið fyrir því. „Ég var í útlöndum og það fór alveg framhjá mér.“

### Ný skáldsaga um stríðsárin

Nýjasta bók hans, Litla hugsanabókin, er safn örhugsana í nokkurs konar spakmælaformi. Hvaðan kom sú hugmynd? „Ég hef gefið út aðra hugsanabók og á efni í ótal í viðbót. Ég skrifa hjá mér heilabrot um tilveruna og mann sjálfan og svo datt mér í hug að gefa þessa litlu bók út að gamni. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan ég sendi þetta til útgefandans og vissi svo sem ekkert hvernig hann tæki í það að gefa það út.“

Ég leyfi mér að efast um að nokkur útgefandi myndi hafna handriti frá manni með status Guðbergs í bókmenntaheiminum en hann er á því að það gæti vel gerst. „Ég er ekki söluhöfundur svo hann gæti alveg hafnað því á þeim forsendum. Annars hugsa ég aldrei um það hvaða status ég hafi. Hvorki þegar ég var ungur maður né miðaldra og alls ekki núna þegar ég er orðinn gamall.“

Þótt honum verði tíðrætt um háan aldur sinn er Guðbergur langt frá því sestur í helgan stein. Auk alls sem að framan er talið var hann að ljúka við skáldsögu sem kemur út í haust. „Hún heitir Þrír sneru aftur og gerist að mestu leyti í stríðinu. Sögusviðið er afskekktur staður á Íslandi þangað sem koma tveir Bretar sem ferðamenn fyrir stríð. Síðan koma þeir aftur sem hermenn í stríðinu og þá gerast ýmsir atburðir vegna þess að þarna eru líka Þjóðverjar. Eftir að þeir fara heldur annar þeirra sambandi við gamla konu á staðnum og í gegnum þau samskipti fylgjumst við með þróuninni á meðan staðurinn verður smám saman eftirsóttur staður fyrir ferðafólk. Þannig að það má segja að staðurinn sé táknrænn fyrir þetta land. Ég nota sömu aðferð og notuð er í Íslendingasögunum að það er ekkert vitað fyrirfram og allt gerist á mjög óvæntan hátt. Og það er ekki fyrr en í lokin sem lesandinn gerir sér grein fyrir því hvað hefur verið um að vera.“

### Íslenskir villimenn

Afköst Guðbergs eru með ólíkindum því auk skáldsagnaskrifanna hefur hann haldið úti bloggi þar sem hann reifar ýmis mál sem ofarlega eru á baugi. Fellur honum aldrei verk úr hendi? „Nei, mér fellur aldrei verk úr hendi. Aldrei nokkurn tíma. Og ég ▶

## GUÐBERGUR UM …

### ástina

„Ástin getur verið víti en hún er aldrei víti til varnaðar. Hún er þvæla, því ef hún væri ekki þvæla þá væri bara búið að leysa hana eins og hnút. Sem betur fer er ekki hægt að leysa þvæluna og maður sækir alltaf í hana.

### rithöfunda

„Það kemur enginn mikill rithöfundur beint úr háskóla. Allir miklir rithöfundar koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum upp úr hreinni þvælu.

### meint auðæfi sín

„Kannski er ég auðugur, en það er flókið mál. Og ég á engan flugvöll á Spáni, það er misskilningur. Ég erfði hins vegar skjöl sem sýna fram á að ég ætti að eiga stóran hluta af Algeirsborg. Það svæði hefur hins vegar verið þjóðnýtt og ég held að ég verði aldrei svo heppinn að því verði skilað, þrátt fyrir skráningu mína sem eiganda.

### skáldsagnagerð

„Mér finnst það ódýr aðferð að nota raunverulegar persónur í skáldsagnagerð. Skáldsaga verður að vera algjörlega hrein og standa eða falla með sínu. Og það gerir ekkert til þótt hún falli og það gerir heldur ekkert til þótt hún standi.


H:N markaðssamskipti / SÍA



**GUÐBERGUR BERGSSON**
„Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt, núna er ég til dæmis að læra að fljúga flugvél. Það er lykillinn að því að halda sér ungum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er alltaf að læra eitthvað nýtt, núna er ég til dæmis að læra að fljúga flugvél. Það er lykillinn að því að halda sér ungum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er orðið of seint að láta þann æskudraum rætast að læra læknisfræði sem var það sem mig langaði mest til að gera.“

Ýmsum hafa þótt bloggpistlarnir ansi gagnrýnir á samfélagið en Guðbergur blæs á það. „Mér finnst það ekki. Það er mér bara eðlislægt að velta hlutum fyrir mér og ég er alinn upp við það að alltaf væri verið að ræða hlutina. Heima var endalaust verið að ræða og deila um eitthvað og það voru aldrei neinir tveir sammála. Maður var aldrei ómeðvitaður um það sem var að gerast. Mér finnst samfélagið vera mjög heillandi og sérstaklega þessir útrásarvíkingar og fallið, sem ég vil heldur kalla fellir. Þessir menn gerðu eitthvað stórkostlegt, þeim tókst að fella heilt samfélag, örfáum mönnum. Þetta eru náttúrulega algjörir snillingar og þeir settu landið á hausinn með samþykki þjóðarinnar, enda voru þeir nákvæmlega eins og þjóðin að því leyti að þeir höfðu ekkert menningarvit, þeir hugsuðu bara um munað. Þeir keyptu ekkert af málverkum, engin listaverk eins og auðmenn í öðrum löndum gera. Undir niðri voru þeir bara íslenskir villimenn eins og allir aðrir. Allir peningarnir fóru í glingur, þeir keyptu ekkert sem er varanlegt. Þessi þjóð hefur óbeit á öllu sem stenst tímans tönn og kann ekki að meta það sem er mikils virði. Menning okkar er svo grunn.“

**Opnar plastpokann**

Guðbergur hefur áratugum saman verið með annan fótinn á Spáni þar sem hann á íbúð í Madrid og hann segist líta á það sem skyldu sína að kynna spænskan menningarheim fyrir Íslendingum, sem hann hefur gert með ófáum þýðingum á meistaraverkum spænskrar tungu. „Ég hef skyldutilfinningu bæði gagnvart þjóð minni og gestaþjóð minni. Ég flutti stóran hluta spænska menningarheimsins hingað heim á skipulagðan hátt með þýðingum. Hins vegar hugsar maður ekkert um það hvort þjóðin kunni að meta það framlag, þetta er bara skyldutilfinning hins menntaða manns, sem spratt að hluta til upp úr því að ég var alltaf innan um þannig fólk og smitaðist af því.“

Þú hefur alltaf verið með annan fótinn á Íslandi, datt þér aldrei í hug að flytja alfarið til Spánar? „Nei, það er mér nauðsynlegt að vera hér. Ég hef aldrei verið með Spán á heilanum. Ég hef stundum hitt fólk sem hefur þau lönd sem það hefur dvalið langdvölum í á heilanum, en mér finnst það voðalega tilgerðarlegt.“

Það er hægur leikur að gleyma sér við að hlusta á frásagnir Guðbergs af lífi sínu og því fólki sem hann hefur umgengist í gegnum tíðina, en tíminn er hlaupinn og ekkert svigrúm fyrir aðra spurningu en þessa hefðbundnustu allra spurninga: Hvað er framundan? „Ég þarf að ganga frá kvikmynd og ég þarf að ganga frá annarri skáldsögu sem er alveg ægilega stór. Hún hefur legið í plastpoka á gólfinu heima í tvö, þrjú ár og kannski opna ég nú plastpokann og lýk við hana.“

## Úr Litlu hugsanabókinni

24

Þjóðareinkenni:
Að vera eitt í dag og annað á morgun er að verða ekkert „þá upp er staðið“.

56

Þjóðir eru sjálfum sér verstar með góðri hjálp frá vænum vinaþjóðum.

82

Líf ódauðlegs listamanns hefst þegar hann hefur legið nógu lengi dauður.





# AMERÍSKIR DAGAR

SÍÐUSTU DAGAR

AMERÍSKIR DAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF BROYHILL

**LARAMIE** 2JA SÆTA SÓFI
**159 .990**
FULLT VERÐ: 199.990
AÐEINS 13.964 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** 3JA SÆTA SÓFI
**167.990**
FULLT VERÐ: 209.990
AÐEINS 14.654 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** sófasett
microfiber áklæði.
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

**ATTIC** SÓFABORÐ
**87.990**
FULLT VERÐ: 109.990
AÐEINS 7.754 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** STÓLL
**135.990**
FULLT VERÐ: 169.990
AÐEINS 11.894 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.



**GABRIELLE** sófasett ljóst áklæði. 2 sæta B:152 D:94 H:91 cm. 3 sæta B:206 D:94 H:91 cm.



**CAMBRIDGE** sófasett áklæði. 2 s. B:193 D:90 H:91 cm. 3 s. B:255 D:90 H:91 cm.

**GABRIELLE** 2JA SÆTA
**175 .990**
FULLT VERÐ: 219.990
AÐEINS 15.344 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**GABRIELLE** 3JA SÆTA
**191.990**
FULLT VERÐ: 239.990
AÐEINS 16.724 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**CAMBRIDGE** 2JA SÆTA
**159 .990**
FULLT VERÐ: 199.990
AÐEINS 13.964 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**CAMBRIDGE** 3JA SÆTA
**175.990**
FULLT VERÐ: 219.990
AÐEINS 15.344 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

NÝJAR VÖRUR FRÁ
**BROYHILL**
SÓFAR, STÓLAR, BORÐ O.FL.

París hægindastóll
**119.990**
FULLT VERÐ: 149.990



**PARIS** hægindastóll
Sand eða rautt
slitsterkt áklæði.

Kent hægindastóll
**143.990**
FULLT VERÐ: 179.990



**KENT** hægindastóll
Stálrammi og
svart eða hvítt leður.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á Amerískum dögum stendur og/eða birgðir endast.

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17



LA-Z-BOY
LA-Z-BOY
Hinn eini sanni!
LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.
Í HVAÐA SÆTI VERÐUR ÞÚ?
HM-TILBOÐ
La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!
EDEN
Á FRÁBÆRU
HM-TILBOÐI
KR. 94.990
FULLT VERÐ: 119.990
LA-Z-BOY
EDEN Slitsterkt áklæði í nokkrum litum.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.
119.990
FULLT VERÐ: 139.990
EMPIRE Svart gæðaleður.
Stærð: B:80 D:70 H:102 cm.
119.990
FULLT VERÐ: 159.990
ASPEN
FÆST EINNIG
Í NOKKRUM LITUM Í
ÁKLÆÐI Á HM-TILBOÐI
KR. 89.990
LA-Z-BOY
ASPEN Gæðaleður nokkrir litir.
Stærð: B:80 D:80 H:102 cm.
149.990
FULLT VERÐ: 179.990
RIALTO Gæðaleður svart, hvítt eða vínrautt.
Stærð: B:81 D:98 H:107 cm.
149.990
FULLT VERÐ: 199.990
CLARKSTON brúnt eða svart
gæðaleður. Stærð: B:97 D:102 H:112 cm.
KOMDU
OG SJÁÐU NÝJA
LA-Z-BOY
SÝNINGARRÝMIÐ
OKKAR!
G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100



**Þetta er mjög erfitt en maður verður að koma þeirri hugsun í gegn að maður getur ekki bjargað öllum og ef við værum ekki þarna myndu fleiri deyja. Við erum að bjarga einhverjum.**

**FLÖKKUHJÚKRUNARFRÆÐINGUR** Gunnhildur Árnadóttir er orðin þaulvön hlutum sem koma öðrum spánskt fyrir sjónir á borð við sóttkví, bólusetningar og flug á framandi slóðir. Hún viðurkennir þó að með aldrinum fylgi pressa á að festa rætur, eignast heimili og stofna fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Getur ekki ein bjargað heiminum

Gunnhildur Árnadóttir starfar sem hjúkrunarfræðingur hjá hjálparsamtökunum Læknar án landamæra. Hún lagði til hliðar ljósmóðurdrauminn fyrir flökkulíf á framandi slóðum og segir lykilinn vera að trúa því að maður sé að gera gagn.

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is



Gunnhildur Árnadóttir fyllir þrítugt á árinu og á hvergi heima. Eða þannig orðar hún það sjálf, kímin. Nú hefur hún unnið í Malaví, Miðafríkulýðveldinu, Suður-Súdan og Gíneu. Næsti áfangastaður er Síerra Leóne þar sem hinn skæði ebólufaraldur ræður ríkjum. Hún er starfsmaður hjálparsamtakanna Læknar án landamæra en á milli erfiðra verkefna nær hún sér niður og starfar sem hjúkrunarfræðingur í heimahjúkrun í Ósló.

Gunnhildur er stödd hér á landi í löngu ákveðnu fríi til að vera viðstödd brúðkaup bestu vinkonunnar. Þar tóku kökuskreytingar við af meðhöndlun þeirra sem sýktir eru af ebóluveirunni skæðu í Gíneu. Starfinu sem flökkuhjúkrunarfræðingur fylgir það að erfitt er að skipuleggja sig fram í tímann. Sérstaklega núna en Gunnhildur þurfti að vera í hálfgerðri sóttkví í Ósló í 21 dag áður en hún kom heim til að ganga úr skugga um að hún hefði ekki sýkst af veirunni. Hún viðurkennir að það geti verið erfitt að sameina þessa tvo heima. „Maður má ekki gleyma lífinu sem maður á hérna heima og detta inn í þennan flökkuheim. Það er nefnilega mjög auðvelt,“ segir hún og heldur áfram: „Það getur verið snúið að sameina þetta tvennt og þetta er heimur sem maður skilur ekki nema hafa prófað. Þegar ég tala við vinkonur mínar og þær spyrja: Hvernig var úti? svara ég yfirleitt: Bara fínt. Ef ég segði frá vinnudögunum í smáatriðum myndi ég örugglega gera fólk þunglynt bara.“

### Ætlaði ekki að vera „bara“ hjúkka

Hún er fædd í Reykjavík en uppalin í Hveragerði þar sem Gunnhildur byrjaði ung að vinna í heilbrigðisgeiranum. Faðir hennar, Árni Gunnarson fyrrverandi alþingismaður, var lengi framkvæmdastjóri Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði þar sem Gunnhildur byrjaði snemma að ganga í öll verk. Hún fór í Kvennaskólann og tók svo snögglega ákvörðun um að læra hjúkrun á Akureyri án þess að eiga neinar rætur þangað að rekja. „Ég sé sko ekki eftir þeirri skyndiákvörðun yfir morgunmatnum. Akureyri er yndislegur bær og gott að búa þar. Ég eignaðist marga af mínum bestu vinum í dag þar.“

Gunnhildur ætlaði aldrei að vera „bara hjúkka“ eins og hún orðar það og var stefnan tekin á ljósmóðurnám. Eftir fjögur ár í námi var hún hins vegar komin með nóg af skóla og gaf sér tvö ár til að vinna áður en hún héldi áfram. Það hafði hins vegar lengi blundað í henni áhugi á hjálparstarfi en faðir hennar hafði starfað fyrir Hjálparstofnun Kirkjunnar í Eþíópíu. Það varð úr að haustið 2008 hélt hún ásamt vinkonu sinni til Malaví fyrir milligöngu Hjálparstofnunar kirkjunnar í sjálfboðastarf. „Við vorum búnar að safna og leggja fyrir ferðinni í langan tíma og ætluðum að vera í sex mánuði. Eins og allir muna var haustið 2008 alræmt á Íslandi og eftir október varð dvölin allt í einu helmingi dýrari fyrir okkur,“ segir Gunnhildur sem kom fyrr heim frá Malaví en segist þarna hafa ákveðið að vinna í þessum geira. „Ég sá mörg samtök þarna úti sem voru í hjálparstörfum án þess að gera hlutina rétt. Þau voru ekki að kenna fólkinu sjálfbærni og ég hugsaði að það hlyti að vera hægt að gera þetta betur. Þess vegna ákvað ég að sækja um í meistaranám í alþjóðalýðheilsufræði við Karolinska Institutet Í Stokkhólmi.“

Landsvirkjun

*Orkuforðinn okkar*

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Miðlunarlónin eru góð geymsla fyrir raforku og gera kleift að vinna rafmagn jafnt og þétt allt árið.

**Verið velkomin í heimsókn í sumar!**

**Kárahnjúkastífla:** Leiðsögumaður tekur á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

**Búrfellsstöð:** Gagnvirk orkusýning er opin alla daga kl. 10–17.

**Vindmyllur á Hafinu:** Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

**Kröflustöð:** Jarðvarmasýning er opin alla daga kl. 10–17.

**www.landsvirkjun.is/heimsoknir**



**ALÞJÓÐLEGT** Hluti starfsfólks samankominn í Suður-Súdan.



**HEITT OG RAKT** Gunnhildur í gallanum sem hún þarf að vinna í á meðan ebólufaraldurinn stendur yfir. Hún viðurkennir að bara sé hægt að vinna í stuttan tíma í senn og algengt að það líði yfir fólk í heitu og röku loftslaginu.



**ÆVINTÝRI** Lærir að kveikja eld með Masaímönnum í Kenía.



**NÝFÆDD** Barn sem Gunnhildur tók á móti í flóttamannabúðunum í Suður-Súdan.

### Langt og strangt inntökuferli

Eftir Malaví fór Gunnhildur að vinna á Landspítalanum. Þar blöskruðu henni vinnuaðstæður svo mikið að hún sagði upp og hélt til Óslóar að vinna í heimahjúkrun. „Mér fannst ekki forsvaranlegar vinnuaðstæður heima, allt of mikið álag á fáa hjúkrunarfræðinga. Ég fékk nóg eftir eina næturvakt þar sem ég var ein með fulla deild af mjög veikum sjúklingum og tveir urðu bráðveikir á sama tíma. Ég gat ekki verið á tveimur stöðum í einu og þetta var mikið álag. Ég sá ekki fram á að ástandið á spítalanum væri að fara að batna og gat ekki hugsað mér að taka næstu vaktir, krossa putta og vona að það kæmi ekkert fyrir. Því ef eitthvað gerðist á minni vakt gæti ég ekki fyrirgefið mér. Þannig að ég ákvað að hætta og það var mjög góð tilfinning. Svo ég flutti til Noregs, eins og svo margir íslenskir hjúkrunarfræðingar, og réð mig í heimahjúkrun.“

Þaðan var förinni heitið til Stokkhólms í meistaranámið þar sem Gunnhildur kynntist alls kyns hjálparsamtökum og þar á meðal Læknum án landamæra. Kennari hennar var stofnandi samtakanna í Svíþjóð og Gunnhildur ákvað að sækja um.

„Það er heljarinnar inntökuferli sem stendur yfir í marga mánuði. Maður þarf að standast alls kyns próf, til dæmis persónuleikapróf, rökhugsunarhópæfingar og hæfnispróf. Heilbrigðismenntun er ekki forsenda fyrir því að vinna fyrir samtökin þar sem við þurfum á öllum að halda, það þarf að setja upp tjöld, tengja rafmagn, tryggja framboð á vatni og svo framvegis. Handlagnir gaurar eru í uppáhaldi hjá okkur og eru í raun mikilvægasti hlekkurinn í starfseminni. Það er ekki nóg að senda hjúkkuna af stað með pillurnar í ferðatöskunni. Það er algengur misskilningur að samtökin snúist bara um lækna því hér er fólk úr öllum áttum og með fjölbreyttan bakgrunn.“

Gunnhildur segir mikilvægt að hugsa út fyrir kassann og vinna vel í teymi í starfinu, enda geta komið upp ýmsar aðstæður við störf. Þá er góður kostur að geta unnið vel undir pressu.

### Mikil eymd og ömurleiki

Haustið 2012 fór Gunnhildur í sitt fyrsta verkefni á vegum samtakanna. Áfangastaðurinn var Mið-Afríkulýðveldið þar sem hún var í þrjá mánuði. „Þrátt fyrir að þetta væri mín fyrsta för fyrir samtökin fékk ég ekki þetta klassíska Afríkumenningarsjokk enda hafði ég tekið það út í Malaví. En auðvitað er breyting að flytja frá Ósló til lítils sveitaþorps í regnskóginum í Afríku. Maður er samt búinn að búa sig undir það og venst rafmagnsleysinu fljótt. Þarna voru fallegustu stjörnur sem ég hef séð.“

Síðan þá hefur Gunnhildur verið í sex mánuði sem hjúkka í flóttamannabúðum í Suður-Súdan, þar sem hún meðal annars gegndi stöðu yfirmanns um tíma. Þar var faraldur af lifrarbólgu E þar sem ófrískar konur voru einna helst í áhættuhópi. „Það dóu ansi margir hjá okkur þar. Mikið var um fyrirburafæðingar og við vorum með börn niður í 700 grömm og engar græjur til að hugsa um þau.“ Aðspurð hvernig það sé að vinna í svona aðstæðum þar sem ómögulegt sé að bjarga öllum svarar Gunnhildur:

„Þetta er mjög erfitt en maður verður að koma þeirri hugsun í gegn að maður getur ekki bjargað öllum og ef við værum ekki þarna myndu fleiri deyja. Við erum að bjarga einhverjum. Maður sér mikið af eymd og ömurleika en ég hef alltaf hugsað að ég geti ekki ein bjargað heiminum. Maður hins vegar verður að trúa því að maður sé að gera eitthvert gagn. Ef maður fer í einhvern efa varðandi það þá missir maður vitið fljótt, og trúðu mér, það gera það margir. En maður er alltaf með aðgengi að sálfræðiaðstoð hjá samtökunum og þeir hugsa vel um þessa hlið.“

### Tveir ólíkir heimar

Næst á dagskrá hjá Gunnhildi er ebóluverkefni í Síerra Leóne. Hún er spennt fyrir að fara en greinilega orðin þaulvön hlutum sem koma öðrum spánskt fyrir sjónir á borð við sóttkví, bólusetningar og flug á framandi slóðir. Hún viðurkennir að það sé komin smá pressa á að festa rætur, eignast heimili og stofna fjölskyldu. Hún finnur þó aðallega fyrir því þegar hún kemur heim til Íslands.

„Ég gæti verið í þessu 100 prósent en vel að taka mér smá frí á milli verkefna. Fara til Óslóar í heimahjúkrunina enda mikilvægt að halda tengslum og ekki detta alveg út. Þegar kallið kemur set ég tvær ferðatöskur í geymslu úti og fer. Það er erfitt að sameina þessa tvo heima og ef ég get ráðið því í framtíðinni ætla ég til dæmis að reyna að sleppa því að koma aftur heim beint í jólaösina. Þar kristallast munurinn á milli heimanna tveggja. Það er svo mikil geðveiki í samfélaginu, yfirnóg af mat og allir að keppast við að kaupa flottast, mest og dýrast. Ég kom einu sinni beint frá Mið-Afríku heim um jól og það var erfiður tími að koma heim. Til dæmis hitti ég vinkonur mínar þar sem var allt fullt af mat og allir að ræða hversu margar og dýrar gjafir væri búið að kaupa. Mér hreinlega ofbauð og tók smá kast á þær. Svo áttaði ég mig, maður verður að taka mið af aðstæðum hverju sinni og ekki reyna að ætlast til þess að fólk skilji sem hefur ekki upplifað. Það er ómögulegt að reyna að bera þessa tvo heima saman. Það er ekki hægt.“

Hálslón – 2100 Gl.
*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gígalítrum (milljörðum lítra).
Hálslón er vatnsmesta lón landsins. Þegar lónið fyllist síðsumars er vatni veitt um yfirfall sem steypist í um 100 metra háum fossi, Hverfanda, niður í Hafrahvammagljúfur.
Þórisvatn – 1400 Gl.
Blöndulón – 412 Gl.
Hágöngulón – 320 Gl.
Krókslón – 140 Gl.
Sultartangalón 109 Gl. • Kelduárlón 60 Gl. • Hrauneyjalón 33 Gl. • Gilsárlón 20 Gl. • Sporðöldulón 25 Gl. • Bjarnarlón 5 Gl. • Ufsar– og Vatnsfellslón 3 Gl.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Fimm ár eru síðan poppkóngurinn Michael Jackson lést fyrir aldur fram. Þegar hann dó var hann á barmi gjaldþrots en síðan hann féll frá hefur hann þénað tæplega áttatíu milljarða króna–meira en nokkur núlifandi listamaður á svo skömmum tíma. Þó kóngurinn sé allur þá blómstrar vörumerkið Michael Jackson.





# POPP-KÓNGURINN LIFIR





## 79,5 MILLJARÐAR Á FIMM ÁRUM

Vörumerkið Michael Jackson hefur blómstrað frá því hann lést eins og kemur fram í nýrri bók, Michael Jackson Inc., eftir Zack Greenburg. Þar kemur fram að vörumerkið hefur halað inn um sjö hundruð milljónir dollara síðan hann lést, tæplega áttaíu milljarða króna. Þó að Jackson hafi þénað á tá og fingri var dánarbú hans í skuld þegar hann lést. Þá tóku skiptaráðendur dánarbúsins málin í sínar hendur. Samningur var gerður um útgáfu myndarinnar This Is It. Nokkrum mánuðum eftir andlát hans var einnig skrifað undir plötusamning við Sony upp á sjö plötur á tíu árum. Þá voru gerðir samningar við Cirque du Soleil um sýninguna Michael Jackson: The Immortal World Tour.

### ➜ Michael (2010)

Átta af tíu lögum á plötunni voru samin af Michael sjálfum. Flest laganna voru tekin upp á árunum 2007 til 2009. Aðdáendur og fjölskylda Jacksons hafa hins vegar efast um að þrjú lög á plötunni sem tekin voru upp í kjallara Eddie Cascio, Breaking News, Keep Your Head Up og Monster, séu í raun sungin af Michael. Sony hefur vísað þessum ásökunum á bug. Þá voru margir sem gagnrýndu útgáfu plötunnar og héldu því fram að Jackson hefði verið fullkomnunarsinni og hefði ekki viljað gefa út efni sem væri óklárað.

### ➜ Xscape (2014)

Á plötunni eru áður óútgefin lög eftir poppkónginn en hún hefur að geyma átta lög, þar á meðal Love Never Felt So Good, dúett með Justin Timberlake. Lagið var upprunalega tekið upp af Michael árið 1983. Platan fór á topp vinsældalista í Bretlandi, Belgíu, Danmörku, Frakklandi og á Spáni. Í Bandaríkjunum fór platan beint í annað sæti.



## NEVERLAND

Michael Jackson keypti búgarðinn árið 1988.Reglulega skjóta sögusagnir upp kollinum um að Neverland verði breytt í eins konar safn til minningar um poppkónginn líkt og Graceland, glæsihýsið sem Elvis Presley kallaði heimili sitt. Fjölskylda Jacksons hefur hins vegar vísað þessum sögum á bug.

BÖRNIN

## Reyndi sjálfsvíg fimmtán ára

**Poppkóngurinn eignaðist þrjú börn: Michael Joseph Jackson, Jr., betur þekktan sem *Prince Michael Jackson I,* sautján ára, Paris-Michael Katherine Jackson, sextán ára og Prince Michael „Blanket" Jackson II, tólf ára. Eldri börnin tvö átti Michael með Debbie Rowe en ekki er ljóst hver móðir Blankets er.**



Eftir andlát goðsins fékk móðir hans, Katherine, forræði yfir börnunum þremur en Debbie fékk heimsóknarrétt. Árið 2012 skiptu Katherine og T.J. Jackson, sonur Titos Jackson, bróður Michaels, með sér forræði yfir þeim.

**Prince** varð fréttamaður hjá Entertainment Tonight árið 2013. Hann þreytti frumraun sína í leiklist í sjónvarpsseríunni 90210 sama ár og hefur lýst því yfir að hann vilji leika meira.

**Paris** vill líka feta leiklistarbrautina og leikur í London's Bridge and the Three Keys sem er væntanleg á næsta ári. Árið 2013 reyndi hún að fremja sjálfsvíg með því að gleypa tuttugu verkjatöflur og skera úlnlið sinn með kjötsaxi. Í kjölfarið var hún send í meðferð í heimavistarskólanum Diamond Ranch Academy í Utah.

**Prince, Paris og Blanket,** ásamt ömmu sinni, settu saman heimildarmyndina Remembering Michael árið 2013 sem var hægt að horfa á á netinu gegn tíu dollara gjaldi.

> **Ég man að ég fraus um stund og trúði ekki mínum eigin eyrum og síðan helltist yfir mig eins konar tóm sem er erfitt að lýsa.**
>
> *Erla Gunnarsdóttir aðdáandi*



**HEILLAÐIST STRAX** Hallgrímur heldur mikið upp á Jackson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## „Hann dó af því hann dansaði svo mikið!"

„Ég var að dansa á Borginni 1980 þegar Don't Stop 'Till You Get Enough kom allt í einu ofan úr loftinu. Í miðju pönki og nýbylgju var það eins og tónlist frá öðrum hnetti en ég heillaðist strax. Þetta var svo allt annað grúv," segir rithöfundurinn Hallgrímur Helgason sem heldur mikið upp á poppgoðið. Hann var svo heppinn að sjá Jackson á tónleikum í Madison Square Garden í New York.

„Það var Bad-túrinn og ég var eini hvíti maðurinn í salnum, fyrir utan hann sjálfan, en hann var farinn að fölna vel þá. Síðan hvarf hann lengra og lengra inn í sérviskuþokuna og var orðinn síðasta sort undir lokin en bjargaði sér með því að deyja. Þá tók almenningur við sér og hann varð loks viðurkenndur alla leið, líka af popp-fræðingunum," segir Hallgrímur. Hann var í Hrísey þegar hann fékk fregnir af andláti stjörnunnar en dóttir hans var með á hreinu af hverju hann lést.

„Daginn eftir vaknaði dóttir mín, þá 4 ára, með útskýringu á dauða hans sem hún endurtók allt sumarið: „Hann dó af því hann dansaði svo mikið!" Fyrir mér var hann mikill gleðigjafi og dæmi um snilld í sínum geira," en uppáhaldslag rithöfundarins er Workin' Day and Night.



**MIÐINN SEM ALDREI VAR NOTAÐUR** Erla með tónleikamiðann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hóaði vinkonum saman í erfidrykkju

„Ég gleymi aldrei stað og stund þegar ég frétti af andláti poppkóngsins en það var í túfréttum Sjónvarpsins og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir kom því að í lok fréttatímans að fregnir hermdu að Michael Jackson hefði látist á heimili sínu," segir fjölmiðlafræðingurinn Erla Gunnarsdóttir, einn gallharðasti aðdáandi Michaels Jackson.

„Ég man að ég fraus og trúði ekki mínum eigin eyrum og síðan helltist yfir mig eins konar tóm sem er erfitt að lýsa. Síðan kom sorgin í öllu sínu veldi og ég fór til baka til æskuára í huganum en ég var ekki nema níu ára þegar hann varð að átrúnaðargoði mínu fyrir lífstíð."

Erla náði þó að gera gott úr hlutunum, þó draumar hennar um að hitta poppgoðið hefðu orðið að engu á augabragði, og hyllti kónginn eins og henni einni er lagið.

„Það var ekkert annað að gera en að hóa æskuvinkonunum heim í erfidrykkju. Þar var kóngsins minnst með dansi og söng á pallinum fram á nótt og að sjálfsögðu voru tekin fram nokkur gömul plakót til að skreyta veggi og borð með," segir Erla með bros á vör. Hún keypti sér miða á tónleika Jacksons í London sem voru hluti af tónleikaferðalaginu This Is It sem átti að hefjast 13. júlí árið 2009.

„Ég á tónleikamiðann enn og held mikið upp á hann og mér fróðari menn segja að hann geti orðið verðmætur þegar fram líða stundir.

NÝJU SUMARSMELLIRNIR FRÁ DJÆF

# — FRÍSKANDI ÁVAXTAHJÚPUR — EÐA LJÚFFENG LAKKRÍSFYLLING




emmessís

PIPAR\TBWA • SÍA • 141566

# Rauðir sandar og djúpir firðir

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Margir vilja meina að Vestfirðir séu best geymda leyndarmál landsins. Náttúran er í aðalhlutverki á þessum slóðum en fjölbreytt úrval er af alls kyns forvitnilegum stöðum til að sækja heim á ferð milli fjarðanna. Heitar náttúrulaugar, sjóminjasafn, eyjaferð innan um ósnortið fuglalíf, galdrafár og þverhnípt fuglabjörg.

**VESTFIRÐIR**
**ÚTIVIST OG AFÞREYING**







**Útivist**

## Fjölbreytt fuglalíf í bland við kyngimagnaða galdra á Ströndum

**1. Elsta verstöð landsins**
Sjóminjasafnið í Ósvör í Bolungarvík hefur verið nefnd elsta verstöð landsins og víst er að þar hefur verið útræði frá upphafi Íslandsbyggðar. Þar er verbúð, salthús, fiskihjallar, sexæringur, dráttarspil, fiskireitur og útihjallar. Inni við eru munir sem tilheyra árabátatímanum, skinnklæði sjómanna og ýmis verkfæri og munir sem voru vermönnum nauðsynlegir til daglegra nota. Skemmtilegt og fróðlegt safn að skoða með fjölskyldunni.

Listaverk í miðri náttúrunni: Það er ómissandi hluti af ferðalagi um Vestfirði að koma við í Selárdal við Arnarfjörð. Þar eru gönguleiðir yfir í Tálknafjörð. Einnig er gaman að koma við í Brautarholti í Selárdal þar sem er að finna fjölmörg verk eftir bóndann og einn frægasta alþýðulistmann Íslands í seinni tíð, Samúel Jónsson.

**2. Eyjaferð**
Það er kjörið að fara hálftíma bátsferð frá Ísafirði út í eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi. Á eyjunni er hægt að skoða fjölbreytt fuglalíf þar sem ýmsar tegundir þrífast vel í sínu náttúrulega og ósnortna umhverfi. Einnig er gaman að koma við í einu af minnstu pósthúsum í Evrópu og senda eins og eitt póstkort heim.

**3. Afskekktur staður**
Ingjaldssandur er dalur við Önundarfjörð milli Barða og Hrafnaskálanúps. Þangað er gaman að koma en vegur liggur til Ingjaldssands út með Dýrafirði hjá Núpi fram hjá Gerðhamradal og um Sandheiði. Þar er bærinn Sæból, gamall kirkjustaður, en Guðjón Samúelsson teiknaði núverandi kirkju og var hún vígð 1928. Sæból er svokallaður síðasti bærinn í dalnum en ábúendur búa við hálfgerða vetrareinangrun yfir köldustu mánuði ársins.

**4. Stórt sjávarbjarg**
Látrabjarg er þverhnípt fuglabjarg og þar er einn vestasti tangi landsins, Bjargtangi. Látrabjarg er stærsta sjávarbjarg landsins og hefur að geyma stórbrotið fuglalíf sem ævintýralegt er að fylgjast með. Fjölmargar gönguleiðir eru um svæðið sem eru miserfiðar.

**5. Galdrar á Ströndum**
Galdrasafnið á Hólmavík er skemmtilegt fyrir unga sem aldna. Áhugavert er að fræðast um sögu galdra á þessum slóðum en Strandir eru órjúfanlega tengdar galdrafári 17. aldar og eru þeirri sögu gerð skil á Galdrasafninu.



MYND/ÁGÚST ATLASON


MYND/ÁGÚST ATLASON

## Tónlist fyrir alla fjölskylduna

**6. Rauðisandur-festival**
Tónlistarhátíð við strandlengjuna í Vestur-Barðastrandarsýslu dagana 3-6. júlí næstkomandi. Þar koma fram erlendir og innlendir listamenn á borð við Sam Amidon, Emilíönu Torrini, Lay Low, Moses Hightower, Ylju, Amaba Dama og Pascal Pinon. Auk tónlistardagskrár er sem fyrr boðið upp á ýmislegt annað eins og fjallgöngur með leiðsögn, jóga á sandinum, sandkastalakeppni og galdrastundir með seiðkonu. Í ár verður teymi viðarhöggslistamanna með opna vinnustofu á sandinum sem allir mega taka þátt í, auk selaskoðunar á sandinum með leiðsögn fyrir alla fjölskylduna.



MYND/ÁGÚST ATLASON

**Neytum og njótum**

## Heimabakað í bland við nýveiddan fisk

**7. Simbahöllin á Þingeyri**
Gömul matvöruverslun á Þingeyri þar sem starfrækt er kaffihús á sumrin. Samhliða kaffihúsinu er hestaleiga og einnig eru skipulagðir göngu- og hjólatúrar í náttúrunni í kring. Aðalréttur kaffihússins er belgískar vöfflur með heimalagaðri rabarbarasultu og rjóma.

**OPNUNARTÍMAR:** **1.-15. júní:** 12.00-16.00, **16. júní-15.ágúst:** 10.00-22.00, **16.-30.ágúst:**12.00-18.00

**8. Tjöruhúsið**
Margrómaður veitingastaður í Neðstakaupstað í Ísafirði. Þar er daglega borinn fram glænýr fiskur, í bókstaflegri merkingu enda stutt í höfnina, í hádeginu og kvöldin. Veitingastaðurinn er staðsettur í einu elsta húsi bæjarins og hægt að sitja bæði inni og úti í fallegu umhverfi.

**OPNUNARTÍMAR:** **Mán.-sun.:** 12.00-14.00, 18.30-22.00

**9. Stúkuhúsið á Patreksfirði**
Notalegt kaffihús sem er staðsett á góðum útsýnisstað nálægt sundlauginni á Patreksfirði. Þar má finna ilmandi kaffi og nýbakað sætabrauð í bland við ljúffenga rétti og súpu dagsins.

**OPNUNARTÍMAR:** 11.00-23.00 **alla daga yfir sumartímann.**



MYND/ÁGÚST ATLASON

**Sundlaugar á svæðinu:**

## Buslað í náttúrunni

**10. Drangsnes**
Sundlaugin er með gott útsýni yfir svæðið. Laugin var byggð árið 2005 og er 12,5 m löng. Þar er að auki heitur pottur, gufubað og krakkapollur.

**11. Reykjanes við Djúp**
Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er að finna sundlaug sem byggð var árið 1925 í stærð ólympíulaugar og er fyllt með náttúrulega heitu vatni.

Laugin er eins og stór heitur pottur og ómótstæðileg á björtum sumarkvöldum með útsýni yfir Djúpið. Reykjanes er eitt fárra jarðhitasvæða á Vestfjörðum og þar þrífst mikið fugla- og dýralíf sem er kjörið fyrir hvers kyns náttúruunnendur.

Hótel er svo starfrækt í gamla heimavistarskólanum við hliðina á lauginni.


veidihornid.is
ÞÚ KAUPIR EKKI HAMINGJUNA
En þú getur fengið þér nýtt veiðidót og það er nokkurn veginn það sama.
AÐEINS 29.995,-
SCIERRA
CC3 VÖÐLUPAKKI
Vandaðar öndunarvöðlur og skór.
AÐEINS 53.900,-
SIMMS
FREESTONE VÖÐLUPAKKI
Fjögurra laga öndunarvöðlur og skór.
AÐEINS 29.995,-
REDINGTON CROSSWATER
FLUGUVEIÐIPAKKI MEÐ ÖLLU
FRÁ AÐEINS 59.900,-
SAGE
FLUGUVEIÐIPAKKAR Í ÚRVALI
FRÁ 6.995,-
RIO FLUGULÍNUR
Ótrúlegt úrval og full ábyrgð. Ef línan þín hentar þér ekki máttu skila henni.
FRÁ 29.900,-
SAGE FLUGUHJÓL
Vönduð hjól í miklu úrvali.
AÐEINS 8.995,-
COCOONS
VEIÐIGLERAUGU
Bandarísk gleraugu sem henta einnig yfir sjóngler.
AÐEINS 6.995,-
SCIERRA VÖÐLUTASKA
Fyrir vöðlurnar og veiðifatnaðinn.
AÐEINS 33.900,-
SIMMS
FALL RUN PRIMALOFT JAKKI
Margir litir. Henta í alla útivist.
AÐEINS 29.995,-
SCIERRA
KENAI VEIÐIJAKKI
Vatnsheldur með útöndun.
FRÁ 11.995,-
MCLEAN
HÁFAR MEÐ INNBYGGÐRI VIGT Í HANDFANGI
AÐEINS 39.900,-
REDINGTON
DUALLY TVÍHENDA
Fjögurra hluta í hólk. Lífstíðarábyrgð.
FRÍ HEIMSENDING ÞEGAR PANTAÐ ER Í NETVERSLUN.
VEIÐI 2014
VEIÐI 2014 KOMIÐ ÚT
KOMDU OG NÁÐU ÞÉR Í FRÍTT EINTAK
Framúrskarandi fyrirtæki 2010
Framúrskarandi fyrirtæki 2011
Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Framúrskarandi fyrirtæki 2013
FRAMÚRSKARANDI FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIDIHORNID.IS
ÁRNASYNIR

**ORÐBRAGÐ Á BÓK !**

**Í haust er von á Orðbragðs-bók eftir fyrirmynd hinnar geysivinsælu sjónvarpsþátta sem sýndir voru á RÚV. Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason skrifa.**

FÆRT TIL BÓKAR

## Heimsyfirráð

Danskir gagnrýnendur hrífast mjög af Valeyrarvalsi **Guðmundar Andra Thorssonar** í þýðingu Erik-Skyum Nielsen.



Lofsamlegir dómar hafa birst í öllum helstu blöðum og gagnrýnandi Weekendavisen talar fyrir munn flestra krítíkeranna þegar hann segir: „Takið eftir nafninu: Guðmundur Andri Thorsson. Enn óþekktur í Danmörku, en eftir tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs mun hann bráðlega leggja heiminn að fótum sér.“

## Amy Tan kemur

Bandaríska skáldkonan Amy Tan er væntanleg til landsins. Hún verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Art in Translation sem haldin verður í haust.



Af því tilefni á að endurprenta hina geysivinsælu skáldsögu hennar Leik hins hlæjandi láns sem kom fyrst út á íslensku í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar árið 1992.

Aðrar bækur Tan sem komið hafa út á íslensku eru Dóttir beinagræðarans, Kona eldhúsguðsins og Dóttir himnanna.

## Fimm höfundar frá Íslandi á Bókasýningunni í Gautaborg í haust

Á bókasýningunni í Gautaborg í september munu íslensku höfundarnir Eiríkur Örn Norðdahl, Yrsa Sigurðardóttir, Andri Snær Magnason, Sjón og Lani Yamamoto koma fram í bókmenntadagskrá og öðrum viðburðum. Sagt verður nánar frá dagskránni í Gautaborg þegar nær dregur.

Bókasýningin í Gautaborg er stærsta bókasýning Norðurlanda en hana sækja árlega um 100.000 gestir. Íslenskur sýningarbás í Gautaborg verður í samstarfi við Íslandsstofu. Bókasýningin í Gautaborg verður haldin dagana 25. til 28. september í ár.

Það er liður í Norðurlandaátaki Miðstöðvar íslenskra bókmennta að lögð verður sérstök áhersla á sýnileika íslenskra höfunda og bókmennta í dagskrá bókasýningarinnar í Gautaborg á næstu þremur árum.



LANI YAMAMOTO







# Stúlkurnar frá Rómönsku-Ameríku hafa vinninginn

Tvær bækur frá Rómönsku-Ameríku hafa sérstöðu í sumarbókaflóðinu. Beðið fyrir brottnumdum og Stúlkan frá Púertó Ríkó eru sumarauki í rigningunni. Litir, lykt og líf frá framandi heimshluta.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Í afþreyingarbókaflóði sumarsins bera tvær bækur höfuð og herðar yfir aðrar. Báðar eru þær skrifaðar af bandarískum konum sem eiga það sameiginlegt að hafa búið í æsku í Rómönsku-Ameríku. Jennifer Clement býr reyndar enn í Mexíkóborg en hefur í millitíðinni búið í New York og París og Esmeralda Santiago flutti sem barn til New York frá Púertó Ríkó og býr enn í nágrenni borgarinnar. Bók hennar, Stúlkan frá Púertó Ríkó, er fyrsti hluti sjálfsævisögu hennar og segir frá árunum í Púertó Ríkó, flutningnum til New York og fyrstu árunum þar. Bók Clement, Beðið fyrir brottnumdum, er hins vegar skáldsaga sem lýsir lífi ungrar stúlku, Ladydi Garcia Martinez, sem býr í litlu þorpi skammt frá Acapulco í Mexíkó.

Bækurnar eru mjög ólíkar en lýsa báðar sárri reynslu og niðurlægingu. Bók Santiago endar á jákvæðum nótum þegar hún hefur fengið inngöngu í leiklistarskóla og sér fram á breytingu á högum sínum og bók Clement endar sömuleiðis með bjartsýni, þótt allt sem lýst hefur verið fyrr í bókinni um það sem bíður Mexíkóa sem reyna að komast ólöglega inn í BNA gefi svo sem ekki ástæðu til að ætla að þrengingum Ladydi sé þar með lokið.

Bækurnar eiga það hins vegar sameiginlegt að vera sjaldgæflega vel skrifaðar og bera með sér liti, líf og lykt sem allt of sjaldan berast inn á borð íslenskra lesenda. Þrátt fyrir kröpp kjör og miklar ógnir sem steðja að ungum stúlkum í ofurveldi eiturlyfjabarónanna í Mexíkó er Beðið fyrir brottnumdum full af gleði og gáska og persóna Ladydi svo lifandi að lesandinn verður ástfanginn af henni á fyrstu síðu. Aukapersónur, einkanlega móðirin, eru líka skemmtilegar og þrátt fyrir allar hremmingarnar sem á dynja í sögunni er það með hlýju í hjarta sem maður leggur hana frá sér að lestri loknum. Esmeralda, Stúlkan frá Púertó Ríkó, verður manni ekki eins hjartfólgin en, þótt undarlegt megi virðast, taka hremmingarnar í sögu hennar meira á lesandann en skelfingin sem vofir yfir Ladydi í gegum alla söguna. Báðar eru bækurnar þeirrar gerðar að strax eftir nokkrar blaðsíður er lesandinn genginn inn í heim stúlknanna og á erfitt með að slíta sig þaðan fyrr en að lesinni síðustu blaðsíðu. Sannarlega kærkominn og litaglaður sumarauki í rigningunni.



JENNIFER CLEMENT



ESMERALDA SANTIAGO

Ekki spillir fyrir að þýðingar beggja bókanna eru vel unnar eins og vænta mátti af þýðendunum Ingunni Snædal, sem þýddi Beðið fyrir brottnumdum sem Bjartur gefur út, og Herdísi Magneu Hübner, sem þýðir Stúlkuna frá Púertó Ríkó fyrir Sölku. Það er full ástæða til að hvetja alla sem vilja að bækur heilli sig og hreyfi við sér til að kíkja á þessar tvær.




# Gröndal lifir!

BÆKUR ★★★★★

**Dægradvöl**
Benedikt Gröndal
**FORLAGIÐ–ÍSLENSK KLASSÍK**

Sem barn var hann „fúll og einrænn, nokkuð hneigður til grófyrða“. Fullorðinn var hann stundum bitur og dómharður í garð samferðamanna sinna, drykkfelldur og breyskur á ýmsa lund. Samt var hann manna fyndnastur á prenti og sló nýjan tón í íslenskum bókmenntum á seinni hluta nítjándu aldar með gamansögum sínum, Heljarslóðarorrustu og Þórðar sögu Geirmundssonar. Benedikt Gröndal er af mörgum ástæðum einhver mest heillandi persónuleiki íslenskrar bókmenntasögu og í Dægradvöl, sjálfsævisögu hans sem nú er nýútkomin í kiljuútgáfu, fá lesendur tækifæri til að kynnast honum sjálfum, samferðamönnum hans og þeim tímum sem hann lifði.

Gröndal ólst upp í hringiðu íslenskrar rómantíkur og sjálfstæðisbaráttu. Faðir hans, Sveinbjörn Egilsson, var rektor Bessastaðaskóla og kennari og lærifaðir Jónasar Hallgrímssonar og annarra Fjölnismanna. Sjálfur fetaði hann hina hefðbundnu braut íslenskra menntamanna á nítjándu öld, varð stúdent og las við Kaupmannahafnarháskóla, lauk ekki prófi en vann við tilfallandi fræðistörf lengi vel. En ævi Gröndals fól líka í sér óvænta útúrdúra og gönuhlaup. Á tímabili daðraði hann við kaþólsku og ferðaðist með dularfullum rússneskum trúboða, Djúnka, og dvaldi í skjóli hans í klaustri. Hann hafði margvíslega hæfileika, sem teiknari, náttúrufræðingur og norrænufræðingur en var þó umfram allt klassískt menntaður í latínu og grísku og skáld á dönsku, íslensku og latínu frá unga aldri. Gáfur hans dreifðust víða og sennilega naut hann aldrei sannmælis af samtímamönnum sínum.

Arfleifð Benedikts Gröndal í íslenskri menningarsögu er áhugaverð og ekki laus við mótsagnir. Meðan hann lifði var hann helst þekktur sem ljóðskáld en nú eru líklega fáir lesendur sem ná sambandi við ljóð Gröndals. Á hinn bóginn hafa lausamálsverk hans, gamansögurnar og ekki síst Dægradvöl, sem var fyrst gefin út eftir dauða hans, haldið nafni hans á lofti. Í Dægradvöl birtist Gröndal í öllu sínu veldi, bæði kostir hans og gallar lýsa af textanum. Hann er manna stílfimastur, mannlýsingar hans eru hver og ein meistaraverk, en stundum brýst önuglyndið fram, það er eins og hann geti illa haldið aftur af sér og þá brýst dómharkan og heiftin fram, ekki síst í lýsingum einstakra manna.

Eitt af því sem gerir Dægradvöl heillandi og svolítið ólíka mörgum klassískum ævisögum, er að höfundur hennar gerir alls enga tilraun til að fella sögu sína í ákveðið form eða mynstur. Hann rekur eigin ævi í tímaröð að mestu og dregur fáar ályktanir um hið stærra samhengi. Þess vegna verður verkið eins og sneiðmynd af þeim tíma sem hann lifði en líka mögnuð sjálfslýsing. Lesandinn verður að mæta Dægradvöl á forsendum höfundarins, hann er ekki að skálda samhangandi sögu, hann lýsir einfaldlega því sem fyrir hann bar og fellir dóma. Við kynnumst honum smám saman, ferðumst með honum í gegnum lífið, upplifum sjaldgæfa gleði hans, margvíslegan harm og mótlæti.

Benedikt Gröndal lifir með okkur á margvíslegan hátt, fyrir þremur árum síðan voru teikningar hans af íslenskum fuglum gefnar út í gullfallegri bók, Gröndalshús stendur úti á Granda og bíður þess að því verði fundinn staður og nú síðast var hann aðalpersónan í skáldsögu Guðmundar Andra Thorssonar, Sæmd. Allt er þetta fullkomlega verðskuldað. Gröndal hefur skilið eftir sig djúp spor og ein ástæða til að lesa Dægradvöl er að reyna að rekja þau spor, en ástæðurnar eru fleiri. Í bókinni kynnumst við einstökum sögumanni sem hlífir engum og síst sjálfum sér, hann birtir okkur horfna tíma í vægðarlausu ljósi og síðast en ekki síst er hann frábær rithöfundur, hann kemur á óvart á hverri síðu og það er sama hvar gripið er niður, alltaf er stíllinn ferskur, lifandi og óvæntur.

*Jón Yngvi Jóhannsson*

**NIÐURSTAÐA:** Ógleymanleg ævisaga eins sérstæðasta og ritfimasta höfundar íslenskrar bókmenntasögu.

# SNJALLSÍMAFORRIT

LAUGARDAGUR 28. JÚNÍ 2014 | **Kynningarblað** Öppin í fríið, gagnleg öpp fyrir krakka og alla hina.


# Spara má tíma og peninga með réttu öppunum

**Með réttu öppin í snjallsímanum má ekki aðeins spara peninga heldur einnig tíma. Átta þúsund viðskiptavinir Símans nýta þjónustuapp fyrirtækisins mörgum sinnum í hverjum mánuði. Öpp sem hafa skýran tilgang eru þau sem helst slá í gegn og það hjálpar þeim enn frekar að vera flott.**



Jóna Soffía Baldursdóttir segir þjónustuvef Símans hafa sannað gildi sitt. Þeir fjölmörgu sem noti hann geri það oft og reglulega, enda geti þeir sparað bæði tíma og peninga með því að vita hver notkunin er. MYND/GVA

Hvar stend ég þegar kemur að farsímanotkun minni? Hvað hef ég eytt miklu? Hversu mikið hef ég talað? Þetta eru spurningar sem við getum fengið svör við með einföldum hætti í þjónustuappi Símans,“ segir Jóna Soffía Baldursdóttir, forstöðumaður vefþróunar Símans, en eining hennar hefur hannað fjölda appa, bæði til afþreyingar og þjónustu, síðustu ár.

Notkun á þjónustuappinu hefur farið stigvaxandi frá því að það fór fyrst í loftið í lok árs 2012. Nú er svo komið að það er skoðað nærri sextíu þúsund sinnum á mánuði eða nærri tvö þúsund sinnum á dag.

### Æ fleiri kjósa appið

„Við sjáum að fólk er margt hvert farið að sjá að með því að fylgjast betur með notkuninni getur það sparað peninga og ekki hvað síst tíma – því svörin við spurningunum fást strax,“ segir Jóna Soffía og bætir við að átta þúsund notendur séu vel virkir, þeim fjölgi stöðugt og sjá megi hversu vel þeir nýta appið á því hve oft þeir nota það. Hún hvetur því viðskiptavini til að sækja sér appið og sjá möguleikana.

„Með þjónustuappinu geta viðskiptavinir skoðað sundurliðaða notkun sína sex mánuði aftur í tímann, tekið stöðuna á gagnamagni, smáskilaboðum og mínútum, breytt gagnamagni netpakka, séð hvaða númer eru skráð sem vinanúmer þegar það á við, athugað hvað er innifalið í áskriftarleiðinni sinni og keypt áfyllingu á frelsi og netpakka fyrir öll frelsisnúmer,“ lýsir Jóna Soffía. Þægindin séu augljós.

„Áhersla Símans þegar kemur að öppum er að hafa þau notendavæn, þau þurfa að henta við daglegt amstur, skemmtileg tilefni eða afþreyingu.“ Auk þjónustuappsins hefur Síminn til að mynda, í samstarfi við Gangverk, unnið app að Sjónvarpi Símans. „Það sló í gegn. Strax sáum við þúsundir notenda og ljóst var að eftirspurnin var mikil enda appið einfalt og tilgangur þess skýr, því það veitir möguleikann á að horfa á sjónvarpið hvar og hvenær sem er,“ segir hún.




Þjónustuvefur Símans veitir greinargóðar og nákvæmar upplýsingar um símanotkun. Þar má einnig fylla á frelsið svo dæmi séu tekin.

### Öpp með tilgangi

Ansi mörg öpp floppa á meðan önnur blómstra. Spurð hvað þurfi til svo þau slái í gegn svarar Jóna Soffía: „Öpp sem hafa skýran tilgang eru þau sem slá í gegn. Gott dæmi um slíkt er til dæmis GoMobile-söfnunarappið sem veitir notendum sem versla hjá samstarfsfyrirtækjum inneign hjá Símanum. Henni geta þeir svo ráðstafað að vild í vörur og þjónustu.“

En Jóna Soffía er þó á því að hagnýtingin ein og sér skili ekki endilega bestu öppunum. „Þau verða líka að vera flott. Það er lykillinn að velgengni.“



App Símans fyrir Landsmót hestamanna heldur utan um allar upplýsingar mótsins. Þar má finna fréttir, kort af mótssvæði og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

## Allar helstu upplýsingar í appi fyrir Landsmót hestamanna

Landsmótsapp Símans á eftir að nýtast mótsgestum vel. Þar eru upplýsingar um hesta og knapa sem taka þátt. Hægt er að sjá stöðuna í riðlunum og fylgjast með árangri hesta og knapa. Öll dagskráin er í appinu, bæði keppnisdagskrá og skemmtidagskrá. Þar fást fréttir um hestamannamótið ásamt því að hægt er að tengjast Twitter í gegnum það.

Í appinu er kort af svæðinu og almennar upplýsingar um aðstöðuna, veitingastaði, salerni, tjaldsvæði og bílastæði.

Appið var fyrst kynnt til leiks árið 2012. Það er unnið af Símanum og er á íslensku og ensku.

## *Frábær erlend öpp inn í sumarið*




### Vantar eitthvað í ísskápinn?

„Out of Milk er fullkomið app fyrir fjölskylduna,“ segir Jóna Soffía Baldursdóttir, vefþróunarstjóri Símans. „Innkaupalistinn verður sameiginlegur og ekki annað að gera en að bæta því sem vantar í ísskápinn inn og sá sem fer fyrstur í búðina getur kippt þeim vörum sem vantar með heim.“



### Ekki missa af marki

„Forza Football er frábært app nú þegar fótboltavertíðin stendur sem hæst,“ segir Jóna Soffía. „Appið sendir fréttir um stöðu fótboltaleikja, hvar sem er í heiminum og hvenær sem er. Besta app fyrir fótboltaunnendur sem ég hef kynnst.“




### Sneiddu hjá vondu víni

„Vivino er frábært app fyrir léttvínsáhugamenn. Með því að mynda flöskuna fáum við að vita um vínið og sjáum með hvaða mat það passar og hvaða einkunn það fær. Með þessu appi er ekki slegin feilnóta í Vínbúðinni,“ segir Jóna Soffía.

# Appaðu þig gegnum sumarfríið

Síminn og spjaldtölvan eru löngu orðin staðalbúnaður í töskunni hvert sem ferðinni er heitið. Eftirfarandi smáforrit gæti verið skynsamlegt að hafa á ferðalagi um Ísland.



Undirbúðu sumarfríið í símanum og náðu í smáforrit til að létta þér lífið á ferðinni.

### 112-appið fyrir öryggið

112-appið hefur tvenns konar virkni. Annars vegar er hægt að kalla á aðstoð neyðarlínunnar ef á þarf að halda og hins vegar er hægt skilja eftir sig „slóð“ GPS-punkta.

### Flashlight

Það getur komið sér vel að hafa vasaljós í símanum. Til dæmis við lestur ofan í svefnpoka.

### Kindle

Kindle-appið er reyndar hægt að ná í í símann og sækja krassandi reyfara gegnum amazon.com til að lesa í símanum og þá þarf ekkert vasaljós.

### Vagahandbókin

Vegahandbókarappið gefur nýjustu upplýsingar um vegakerfið og ferðaþjónustu á landinu öllu. Sérstök kortabók fylgir og með QR-kóðum er hægt að fá gagnlegar upplýsingar, svo sem um áætlun ferja, veður og færð.

Boðið er upp á að hlusta á fjöldann allan af lesnum þjóðsögum með því að skanna QR-kóða.

### Veðrið

Veðurappið er gott að hafa þar sem skjótt skipast veður í íslensku lofti. Þar er hægt að skoða staðarspár allra stöðva á einu korti en einnig fá veðurspá fyrir það landsvæði sem maður er staddur á, eftir GPS.

### Eldsneyti

Bensínvaktin: Appið sækir upplýsingar um bensínverð hjá öllum bensínstöðvum á Íslandi og lætur vita hvar bensínið er ódýrast og hvaða bensínstöð er næst. Hægt að reikna út bensíneyðslu bíls og kostnað út frá uppgefnum gögnum.

### Trapster

Appið lætur þig vita af hraðamyndavélum í nágrenninu.



### Almenningssamgöngur

Strætóappið sýnir hvenær næsti strætó kemur og hvert hann fer. Einnig er hægt að finna bestu leiðina þangað sem ferðinni er heitið og leita uppi næstu biðstöð á rauntímakorti.

### Næði í fríinu

Já-appið flettir sjálfkrafa upp nafni þess sem er að hringja og birtir á skjánum. Getur komið sér vel ef þú vilt ekki láta ónáða þig í fríinu. Einnig birtir appið nafn þess sem þú ert að hringja í.

### Myndir

Instagram-appið heldur myndrænt utan um ferðasöguna.

### Kóðaðar upplýsingar

Scan-appið skannar inn QR-kóða sem geta innihaldið ýmiskonar upplýsingar. Til dæmis eru listasöfn mörg með fróðleik á QR-kóðum og á söguslóðum er oft að finna QR-kóða með upplýsingum.






**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, 512 5429, jonivar@365.is **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ GERIR VANALEGA
SÍMINN ÞINN SAFNAR PENINGUM Á MEÐAN
GOMOBILE ER NÝTT INNEIGNARKERFI SEM VEITIR ÖLLUM KREDITKORTHÖFUM AFSLÁTT Á ÓTRÚLEGUSTU STÖÐUM.
AFSLÁTTURINN VERÐUR AÐ INNEIGN SEM ALLIR GETA NÝTT TIL AÐ VERSLA SKEMMTILEGA HLUTI Í GOMOBILE APPINU.
VIÐSKIPTAVINIR SÍMANS GETA JAFNFRAMT NÝTT INNEIGNINA TIL AÐ GREIÐA INNÁ SÍMREIKNINGINN, SPOTIFY ÁSKRIFTINA EÐA SJÓNVARP SÍMANS.
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **GOMOBILE.IS**
Lemon
Síminn
GOmobile

# SNJALLARI INNKAUP

*með símanum þínum!*

FRÍTT APP
FRÁ KRÓNUNNI

## *Alvöru app í apparatið!*

Krónu appið er verkfæri til þess að gera innkaupin auðveldari, þægilegri og skilvirkari.

**App sem sparar pening og fyrirhöfn**

- Sýnir öll þau tilboð sem í gangi eru – kjarabót fyrir heimilið.
- Inniheldur verðskanna sem sýnir verð vörunnar – þarft ekki að fara í verðskanna verslunar.
- Einfalt að útbúa innkaupalista og deila í gegnum sms eða tölvupóst.
- Inniheldur lista yfir vinsælustu vörur Krónunnar sem auðvelt er að bæta við innkaupalistann.
- Appið man hvaða vörur þú kaupir oftast og færir þær í „uppáhalds“ listann þinn.

**Kort sem vísar þér leiðina**
Upplýsingar um staðsetningu og opnunartíma allra verslana Krónunnar er að finna í appinu, ásamt korti sem vísar þér leiðina að þeirri verslun sem er þér næst.

**Uppfærsla væntanleg**
Ný og endurbætt útgáfa af appinu er væntanleg nú í haust, sem mun auka notkunarmöguleika þess talsvert. Sæktu appið frítt með QR kóðanum hér til hliðar, eða í App Store eða Google Playstore.

Náðu í appið FRÍTT með því að skanna QR kóðann




*Tilnefnt sem besta appið hjá Íslensku vefverðlaununum og Nexpo*



Kíktu inn á **kronan.is** og skoðaðu kennslumyndbönd sem kynna notkunarmöguleika appsins.

KRÓNAN
*– fyrst og fremst ódýr og snjöll*

EXPO - www.expo.is



## HAMINGJA Á HÓLMAVÍK

**Hamingjudagar standa nú yfir á Hólmavík. Íbúar leggja sitt af mörkum í hamingju, hugarró, gleði og kærleika og taka vel á móti gestum, jafnt brottfluttum sem öðrum. Fyrst voru hamingjudagar haldnir á Hólmavík árið 2005 og hafa jafnan verið mjög vel heppnaðir.**

# MICHELIN-BITI Á MIKLUBRAUT?

**TILVERAN** *Niðurnídd lúgusjoppa við Miklubraut fær á sig stjörnuglampa í júlí þegar Michelin-matreiðslumeistarinn Agnar Sverrisson opnar þar hágæða skyndibitastað og teflir fram tveimur mjög klístruðum og djúsí réttum.*

Það hefur náttúrlega ekkert gengið upp í þessum skúr hingað til en það þykir mér bara betra og mjög skemmtileg áskorun," segir Agnar sem í fyrstu fussaði og sveiaði þegar vinur hans, Gylfi Harðarson matreiðslumaður, stakk upp á þeir opnuðu einstakan skyndibitastað í gömlu Nestis-sjoppunni við Miklubraut.

„Við Gylfi lærðum saman til kokks og höfum grínast með að opna saman veitingastað heima á Íslandi í gegnum tíðina. Ég hvatti hann svo í rælni til að svipast um eftir húsnæði í miðbænum en eftir árangurslausa leit ók Gylfi fram hjá skúrnum góða á Miklubraut og sendi mér myndir. Mér fannst hugmyndin af og frá í fyrstu en þegar ég sá lúguna og möguleikann á heimteknum lúgumat varð ég viss um að skúrinn væri betri staður en nokkur annar," segir Agnar brosmildur og fullur tilhlökkunar.

Agnar hefur undanfarin sextán ár búið í Lundúnum og rekur þar Michelin-veitingastaðinn Texture við Portman Square og þrjá vínbari undir nafninu 28°50° sem bjóða upp á léttan franskan mat með góðum vínum á góðu verði.

„Ég þori nú ekki að lofa Michelin-stjörnu á Miklubraut en við viljum gera þetta eins gott og það gerist og vöndum okkur í hvívetna. Þannig vinnum við," segir Agnar sem hefur metnað í fyrirrúmi.

**BRAGÐSTERKT AF GÖMLUM BELJUM**

Þeir Agnar og Gylfi hafa umturnað skúrnum á Miklubraut, með dyggri hjálp föður Agnars, en til stendur að opna staðinn um miðjan júlí.



**MICHELIN-MAÐUR** Agnari líður vel í London og er ekki á heimleið. „Mér finnst gaman að hafa fullt í fangi og mikið fyrir stafni. Veitingabransinn er harður og dagurinn sem maður slakar á og heldur að maður sé að gera rétt veður dagurinn sem allt fer niður á við." MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við erum að opna nokkuð sem aldrei hefur sést né þekkst á Íslandi og bjóðum eingöngu upp á tvo rétti á matseðli; ostborgara og svínarif. Mér hefur lengi þótt vanta slíkan stað heima, þar sem boðið er upp á toppgæða skyndibita sem hægt er að elda á skammri stund. Hér á Englandi njóta slíkir staðir vinsælda því fólk kann að meta að geta fengið sér almennilega hamborgara, svínarif eða annað gómsætt án þess að það taki langan tíma að lesa matseðil eða elda matinn."

Agnar hefur framhald á síðu 6 ▶













# MIKLAR FRAMFARIR HAFA ORÐIÐ Í FEGRUNARTANNLÆKNINGUM

**MÁNAFOSS KYNNIR** *Efni úr tannlituðu, hvítu postulíni, E.Max, er nú komið á markað og kemur að mörgu leyti í stað gömlu gull- og postulínskrónanna. Með E.Max er hægt að endurskapa heilbrigt útlit tanna með postulínskrónum þannig að erfitt er að sjá hvort um gervi er að ræða.*

Komið er á markað nýtt postulínsefni í tannlækningum, E.Max, sem að mörgu leyti leysir af hólmi gömlu gullkrónurnar og málm-ábrenndu postulínskrónurnar. Efnið er úr tannlituðu hvítu postulíni og engan dökkan málm er að finna. „Það er gaman að geta boðið upp á efni sem sameinar bæði styrk og flott útlit, við viljum auðvitað að postulínskrónur og brýr líkist sem mest náttúrulegum heilum tönnum og hafi sama gegnsæi,“ segja tannlæknirinn Jón Ólafur Sigurjónsson og tannsmiðurinn Bjarni Róbert Jónsson.



**KRÓNA** Heilfræst króna úr E.Max
MYND ÚR MYNDASAFNI IVOCLAR VIVADENT

E.Max-postulínið kom á markað fyrir um átta árum og er í stöðugri þróun. Það er framleitt af Ivoclar Vivadent, fyrirtæki með aðsetur í Liechtenstein. Íslenskir tannlæknar og tannsmiðir eru flestir farnir að bjóða upp á þessa tegund postulíns með góðum árangri.



**PRESSAÐAR SKELJAR** Pressaðar skeljar úr E.Max sem eru límdar utan á tennur.
MYND ÚR MYNDASAFNI IVOCLAR VIVADENT

**KRÖFUR FÓLKS ERU AÐ BREYTAST**
„Hér áður fyrr hafði fólk kannski ekki mikið um það að segja hvernig krónur eða brýr á tennur það fengi. Algengt var að tannlæknar gerðu gullkrónur til þess að styrkurinn yrði sem mestur. Þrátt fyrir að gullkrónur og gömlu málmábrenndu postulínskrónurnar séu endingargóðar þá er útlit þeirra ekki eins gott og þegar nýja postulínið er notað,“ segir Jón Ólafur. „Fólk í dag hefur meira val um hvað það fær og staðreyndin er sú að flestir vilja fallegt, heilbrigt útlit á sínum tönnum,“ segir Jón Ólafur enn fremur.

**MIKIL TÆKNIFRAMFÖR**
Í dag er hægt að endurskapa heilbrigt útlit tanna með postulínskrónum þannig að erfitt er fyrir leikmann að sjá að um gervi sé að ræða. Krónur eru gjarnan gerðar á tennur ef þær hafa brotnað illa eftir til dæmis slys, eru mikið viðgerðar og slitnar eða í hreinum fagurfræðilegum tilgangi. „Postulínskerfi eins og E.Max-kerfið eru það góð að ómögulegt getur verið að greina smíði frá náttúrulegri tönn,“ segja þeir Jón Ólafur og Bjarni Róbert. „Síðan er hægt að nota þetta postulínskerfi á tannplanta, þar sem tennur hafa tapast og skrúfu er komið fyrir í beininu.“

**SAMSKIPTI TANNLÆKNIS OG TANNSMIÐS MIKILVÆG**
Til að sem bestur árangur náist þarf samvinna tannlæknisins og tannsmiðsins að vera mikil. „Hér í Reykjavík er svo stutt á milli staða að það er ekkert mál fyrir tannsmiðinn að skreppa til tannlæknisins og fara yfir þau verkefni sem þeir eru að vinna saman,“ segir Bjarni Róbert. „Í dag nýtum við okkur tölvutæknina til samskipta að mörgu leyti líka, við tökum mikið af ljósmyndum og sendum á milli í tölvupósti, en það er alltaf gaman að hittast og ræða tilfellin, útkoman verður betri fyrir vikið,“ segir Jón Ólafur.

Tannsmiðum hefur fækkað á Norðurlöndunum og eru mörg verkefni send alla leið til Kína. „Þar með tapast sá möguleiki að tannlæknir og tannsmiður skoði verkefnin saman í munni sjúklings og geri þær breytingar og lagfæringar sem óskað er eftir,“ segir Bjarni Róbert.



**KRÖFURNAR BREYTAST** Í dag hefur fólk meira val þegar kemur að tannlækningum. Flestir vilja heilbrigt útlit á tönnum sínum. MYND/DANÍEL



**SAMVINNA** Þeir Jón Ólafur og Bjarni Róbert vinna náið saman svo að sem bestur árangur náist fyrir sjúklinga þeirra. MYND/DANÍEL





**FYRIR OG EFTIR** Hér er augntönnin frá náttúrunnar hendi í svæði hliðarframtannarinnar, tannplanti var settur í augntannarsvæðið sjálft og E.Max-króna smíðuð á það. Augntönninni sjálfri var breytt í hliðarframtönn með E.Max-postulínskrónu.



Felið öldrunarmerki og lýti
á augabragði. Sjáið muninn!
NÝJUNG
Slétt húð
Fínar línur
Hrukkur
Svita-holur
ÁN
Optical Blur 5 sek.
MEÐ
Optical Blur 5 sek.
KOMIÐ AFTUR
Optical Blur 5 sek.
PRIMER MEÐ LJÓSBROTSÖGNUM SEM HAFA
SÝNILEGA FEGRANDI OG SLÉTTANDI EIGINLEIKA
FEGRANDI ÁHRIF Á AUGABRAGÐI:
Hrukkur virðast dofna um 38%*
Fínar línur virðast dofna um 41%*
Svitaholur í kinnum virðast dofna um 38%*
Húðin virkar með meiri ljóma: + 41%*
Gerir ójöfnur í húðlitnum minna áberandi og jafnari: + 26%*
*Rannsóknir húðsérfræðinga, 42 konur
Optical Blur 5sec
SMOOTHING PERFECTING PRIMER
IMMEDIATE PERFECTING EFFECT
BERIÐ Á HÚÐINA
Á EFTIR RAKAKREMINU
Take care.
GARNIER
/garniericeland

# LÉTTARA SKAP OG BETRI SVEFN

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Bryndís Guðmundsdóttir segist hafa byrjað á breytingaskeiðinu fyrir sjö árum. „Ég hef verið á þremur tegundum af hormónalyfjum, þurfti oft að skipta um tegundir. Ástæðan fyrir því var sú að lyfin hentuðu mér ekki, ég fékk meiri vanlíðan af þeim en ég hafði áður. Ég átti erfitt með svefn, svitnaði mjög mikið og var með mikla skapbresti," segir hún.






**ALLT ANNAÐ LÍF** Bryndís fann réttu lausnina þegar hún kynntist Femarelle. MYND/VALLI

„Ég ákvað að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau voru ekki að virka á mig. Leitaði að upplýsingum og fróðleik á netinu og rakst þá á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka því það sakaði ekki að reyna eitthvað annað. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á mér, ég fór að sofa betur, nú er ég hætt að svitna um nætur, skapið er miklu léttara og hef mun meiri orku en áður. Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu."

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-exctract og flaxceed-duft
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár

## FEMARELLE – ÖRUGGUR KOSTUR

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.
UPPLÝSINGAR www.icecare.is og Femarelle á Facebook.

# ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

*Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu.*

Birgitta Sveinbjörnsdóttir þjáðist af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurteknar þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílnum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar," segir hún.

„Vinkona mín sem er læknir benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var alveg ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf. Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég óvart gleymi að taka Bio-Kult-hylkin þá finn ég að þvagfærasýkingin lætur fyrir sér finna, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna enn betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna."







**BETRI HEILSA** Birgitta þjáðist af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan. MYND/GVA

## HYLKIN INNIHALDA:

- Trönuberjaþykkni (cranberry extract 36mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, styrkur: 1 milljarður)
- A-vítamín 320×g (900 iu, 40% af RDS)

**Tvö hylki einu sinni til tvisvar á dag með mat til að fyrirbyggja þvagfærasýkingu.**

# VIÐHELDUR GÓÐRI SJÓN

Blue Berry-töflurnar hjálpa til við að viðhalda góðri sjón. Lútein er litarefni sem er að finna í bláberjum og einnig í gula bletti augans – þeim hluta sjónhimnunnar sem gerir okkur kleift að sjá skýrt það sem er beint fyrir framan okkur.

„Ég hef notað Blue Berry-töflurnar frá New Nordic undanfarna þrjá mánuði og finn mikinn mun á augunum. Áður fyrr var ég mjög oft þurr í augunum og einnig rauðeygð, þar sem þurrkurinn olli því að ég varð viðkvæmari í augunum," segir Anna Daníelsdóttir. „Mér finnst líka að sjónin hafi lagast og mér líður mun betur í augunum eftir að ég byrjaði að taka Blue Berry."




**NOTKUN BLUE BERRY**
Flestir byrja að taka Blue Berry þegar þeir finna að sjónin er að breytast en það er ekkert sem mælir móti því að byrja fyrr til að fyrirbyggja breytingar. New Nordic Blue Berry-töflurnar koma ekki í staðinn fyrir heilsusamlegt og fjölbreytt fæði en þær eru góður kostur til að viðhalda augnheilsu, ríkar af lúteini og A-vítamíni. A-vítamín hjálpar til við að viðhalda eðlilegri sjón.
Takið eina töflu daglega með morgunmatnum.

**UPPLÝSINGAR**
***Upplýsingar er hægt að fá á www.icecare.is eða á www.newnordic.com***

## BLUE BERRY

Verndar og styrkir sjónina.
Innihald: A-vítamín, sink, kopar, bláberjaþykkni eyebright-extract (Euphrasis officinalis), lútein úr tagetesþykkni.

Aðeins ein tafla á dag.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna.

# NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

**ICECARE KYNNIR** *Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og vanlíðan vegna þess.*

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð,“ segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæmar af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn,“ segir Maja.



**LOKSINS LAUSN** Maja er loksins laus við sólarexem.

### PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA

„Ég var mjög spennt yfir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríið hófst. Ferðin var yndisleg og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðinn fastur viðskiptavinur Perfect Tan.




Perfect Tan inniheldur mandarínuextrakt og mandarínuolíu, pomeló-extrakt, kapers-extrakt, svartan pipar, kopar og C-vítamín.

Öll innihaldsefnin eru náttúruleg og hafa verið þurrkuð og meðhöndluð á þann máta að virku efnin varðveitast mun betur.

- **Sólartafla sem hentar öllum**
- **Veitir vörn gegn sólarexemi**
- **Styrkir húðina í sól**
- **Vörn gegn öldrun**
- **Veitir eðlilegan húðlit í sól**

Takið tvær töflur á dag í fjórar vikur áður en farið er í sól. Perfect Tan eykur líkurnar á fallegri húðlit í sól. Þegar sólin skín á húðina þá örvast melanínfrumurnar í húðinni.

***Skin Care Perfect Tan fæst í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsaðilans www.icecare.is Ef þú hefur spurningar, hafðu samband við starfsfólk IceCare á icecare@icecare.is***



**GOTT FYRIR MELTINGUNA** Eva Dögg Jónsdóttir hjá Icecare segir að Bio-Kult Infantis geri börnum gott.
MYND/ARNÞÓR

# FYRIR BÖRNIN

*Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda vinveittra gerla fyrir ungbörn og börn á öllum aldri. Bio-Kult Infantis er ný vara á Íslandi.*

Bio-Kult Infantis styrkir magaflóru ungra barna. Má nota fyrir allan aldur barna.

**BIO-KULT INFANTIS INNIHELDUR:**

- **Sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum**
- **Reynslan og rannsóknir sýna að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna.**
- **Hátt hlutfall af ómega-3 fitusýrum (1 mg í skammti).**
- **Staðreyndir sýna að ómega-3 spila nauðsynlegt hlutverk í myndun heilafruma og styrkja heilann. Einnig hefur gagnsemi ómega-3 verið staðfest, þær hafa bólguhamlandi áhrif og styrkja ónæmiskerfið.**
- **D3-vítamín og hver skammtur inniheldur 50% af ráðlögðum dagskammti.**
- **Allir þekkja gagnsemi D-vítamíns.**
- **Preplex (FOS og akasíugúm), blöndu efna sem styrkja meltinguna og fyrirbyggja niðurgang.**
- **Enginn viðbættur sykur, litar-, bragð- eða aukefni eru í vörunni.**

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.




# ÞJÁISTU AF FRJÓKORNAOFNÆMI Á SUMRIN?

*Hay Max er náttúruleg lausn sem hentar öllum. Hay Max er lífrænn salvi sem er einfaldur í notkun.*

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, bývaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum.

### ALLTAF MEÐ HAY MAX

Jón Páll Pálmason, þjálfari í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að þjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.“ Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana ófugt við mörg ofnæmislyf.





**MÆLI MEÐ** Jón Páll segist alltaf vera með Hay Max á sér.

### ÞVÍLÍKUR MUNUR

„Sonur minn, Emil Ingi, 13 ára, hefur verið með frjókornaofnæmi frá barnæsku. Síðasta sumar byrjaði hann að nota Hay Max-salvann. Þvílíkur munur, hann er allt annar drengur, getur verið úti á sumri, spilað golf og gert allt það sem hann langar til utan húss,“ segir Íris Rut Árnadóttir, móðir Emils.

„Frjókornaofnæmið var svo slæmt hjá honum að þegar við fórum í sumarbústað þurfti hann að halda sig inni í húsi mest allan tímann. Hann ber Hay Max-salvann vel undir augun og undir nefið og þetta bara svínvirkar. Hann notar Hay Max-salvann með ofnæmislyfjum og líður mun betur.“

# LAUSN VIÐ ÓÞÆGINDUM VIÐ ÞVAGLÁT

*Brizo er fæðubótarefni sem er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast, og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.*

Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið,“ segir Skúli Sigurðarson. „Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt, að mér leið betur. Áhrifin eru þau, að það virtist vera minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina.
Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með árangurinn og það hvernig mér líður af notkun þess. Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf.“




Blöðruhálskirtillinn umlykur þvagrásina rétt neðan við þvagblöðruna. Flest einkenni fela í sér erfiðleika við þvaglát og er það kallað einkenni frá neðri þvagfærum.

**ALGENGUSTU EINKENNIN ERU:**

- **Lítil eða slöpp þvagbuna**
- **Tíð þvaglát**
- **Næturþvaglát**
- **Skyndileg þvaglátaþörf**
- **Erfitt að hefja þvaglát**
- **Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát**



**NÁTTÚRULEG LAUSN** Skúli Sigurðarson segir að hann hafi fljótt fundið mun eftir að hann byrjaði að taka inn Brizo.

- **Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát**
- **Sviði eða sársauki við þvaglát**

Ef þetta er ekki meðhöndlað getur blöðruhálskirtillinn stækkað og þrengt alveg að þvagrásinni, það getur leitt af sér önnur þvagvandamál sem geta valdið skemmdum á nýrum.

***Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.***









**NÝTT LÍF** Gamli skúrinn við Miklubraut mun senn lifna við og bjóða upp á besta bitann í bænum, að sögn Agnars.



**PABBI** Agnar er óskaplega stoltur af föður sínum, Sverri Agnarssyni, sem standsetur nýja staðinn og hefur verið allt í öllu við uppbyggingu skúrsins. MYND/GVA

**Framhald af forsíðu ▶** lagt mikla vinnu í hamborgaragerðina og meðal annars smakkað blindandi fjórtán prufur af nautakjöti frá íslenskum framleiðendum, til þess eins að finna rétta kjötið.

„Hamborgari er ekki bara hamborgari, því kjötið skiptir öllu máli. Ostborgarinn á nýja staðnum verður töluvert þykkari en gengur og gerist, fituprósentan einstök og kjötið ekki af ungnautum heldur gömlum beljum, sem er mun bragðbetra. Það skiptir engu af hvoru kyni dýrsins kjötið kemur heldur er staðreynd að ungnautakjöt er mun bragðminna. Það féllu bara allir fyrir auglýsingabrellu um ungnautakjöt á árum áður og halda enn að það sé best í heimi, en svo er svo sannarlega ekki.“

Agnar lofar hreinni upplifun í skyndibita, bragðbesta matnum og besta verðinu í bænum. Hann hefur meðal annars látið sérsmíða robata-grill í Bretlandi sem gefur sterkt reykjarbragð í kjötið.

„Við leggjum áherslu á töff innviði í hönnun og úrvals hráefni í æðislegum mat. Hægt verður að borða inni og sækja mat í lúguna. Þarna verður gaman að koma, þarna gerast ævintýrin og verður gaman að upplifa meira mannlíf og eril við Miklubraut.“

**RAYMOND BLANC BÍTUR FYRSTA BITANN**

Agnar mætir með frægasta kokk Bretlands á opnun staðarins í júlí, sjálfan Raymond Blanc.

„Raymond verður fyrstur til að smakkar ostborgarann og um leið set ég nafn mitt á staðinn og stend og fell með því hvernig gengur. Ég færi enda ekki út í þetta nema ég virkilega vissi að hugmyndin væri góð.“

Agnar segir enga minnkun að því fyrir dáðan kokk að elda hamborgara.

„Ég lít svo á að sé maður með topp hráefni skipti engu hvort maður snúi hamborgurum eða eldi dýrindis nautasteik. Það þarf að bera sömu virðingu fyrir því öllu.“

Nýi staðurinn við Miklubraut hlýtur nafnið Dirty Burgers & Ribs.

„Því allt verður þetta dálítið „dirty“ og djúsí og sannarlega verður maður dálítið kámugur við að borða svínarif og borgara. Nafnið á því vel við,“ segir Agnar sem lofar því að sýna sig og sjá aðra á Dirty Burgers & Ribs þegar hann á erindi heim til Íslands.

„Ég mun alltaf kíkja á stemninguna og gaman að hitta fólk og spjalla. Ef ég er í stuði steiki ég einn og einn hamborgara og klístruð svínarif. Ekki spurning,“ segir hann og hlær.

■ thordis@365.is

GRAM

# HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX



## 20% afsláttur



FÖNIX

Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • www.fonix.is

# HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR** *MAGNOLIA OFFICINALIS – Það nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.*

Börkur af plöntunni Magnolia officinalis sem vex í fjallahéruðum Kína hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðlar að heilbrigðum, samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortisól, sem er stundum kallað stresshormónið.

Nýleg rannsókn frá Landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.



## Á NETINU

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri Balsam, bendir sem flestum á að kynna sér lækningamátt Magnolia á netinu.

**UMFJÖLLUN Í FRÆÐIRITUM**
Mikið hefur verið fjallað um plöntuna nýlega, til að mynda í fræðiritinu „The Nutrition Journal“ og á vefsíðunni webmd.com.

**NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR!**
Magnolia officinalis hefur nú þegar notið mikilla vinsælda á Íslandi og seldust fyrstu sendingarnar upp með hraði. ***Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu í Blómavali, vefverslunninni heilsutorg.is, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.***



**MEIRI HVÍLD** Magnolia officinalis stuðlar að heilbrigðum, samfelldum svefni.

**MARGIR HAFA HAFT SAMBAND**
Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, þakkar frábærar móttökur. „Svefnvandi og þunglyndi eru virkilega erfið vandamál sem geta sett mikið álag á líf fólks. Margir hafa nú þegar haft samband og sagt mér að með hjálp Magnolia hafi þeim tekist að ná mun betri stjórn á svefninum og hafi ekki liðið betur í langan tíma.“






# EITT VINSÆLASTA FÆÐUBÓTAREFNIÐ VIÐ ÞYNGDARSTJÓRNUN

**BALSAM KYNNIR** *GARCINIA CAMBOGIA 100% náttúrulegt fæðubótarefni. Tilvalið fyrir alla sem vilja borða minna í hverri máltíð, ná stjórn á millimálamauli, sykuráti, kvöldsnarli, losna við aukakílóin og upplifa vellíðan í eigin skinni.*

Fæðubótarefnið er unnið úr ávextinum Garcinia cambogia sem finnst í Suðaustur-Asíu. Ávöxturinn hefur verið notaður í mörg hundruð ár, bæði sem almenn fæða og sem lækningalyf.

Virkni ávaxtarins má rekja til efnisins HCA eða hýdroxýsýru sem hindrar fitubyggingu, minnkar matarþörf, veldur seddutilfinningu, jafnar blóðsykur og eykur serótónínframleiðslu sem framkallar jafnaðargeð, eykur vellíðan og minnkar stress.

Rannsóknir hafa sýnt að Garcinia Cambogia stóreykur þyngdartap, dregur úr matarþörf og bætir líðan. Margir finna árangur á aðeins 1-2 vikum. Garcinia cambogia er þegar orðið eitt allra vinsælasta fæðubótarefnið við þyngdarstjórnun á Íslandi og er nú m.a. fáanlegt í fjölda apóteka, Heilsuhorninu í Blómavali, Sportlífi, Fjarðakaupum og Heimkaupum.



**RÁÐLÖGÐ NOTKUN**
Taktu tvö hylki af Garcinia cambogia með vatnsglasi um 30-60 mínútum fyrir aðalmáltíð eða taktu tvö hylki stuttu eftir aðalmáltíð. Dagskammtur er tvö til sex grænmetishylki.

**UPPLÝSINGAR**
Frekari upplýsingar er að finna á Garcinia Cambogia Iceland á Facebook.

**BETRI DAGAR**
Svava María Ómarsdóttir hefur notað Garcinia cambogia í nokkurn tíma og mælir með því fyrir alla þá sem vilja upplifa betri líðan í eigin skinni. „Ég er heimavinnandi móðir og hef ekki mikinn tíma fyrir ræktina. Ég hef náð miklu betri stjórn á eigin þyngd og mér hefur aldrei liðið betur með sjálfa mig.“






**GÓÐUR ÁRANGUR** Svava María Ómarsdóttir bendir sem flestum á að kynna sér ótrúlegan árangur Garcinia cambogia á netinu.

# FERÐIR

LAUGARDAGUR **28. JÚNÍ 2014**

**Kynningarblað**
Sólarströnd
Borgarferðir
Áfangastaðir fræga fólksins
Furðuleg söfn
Ráð við bílveiki









Það er hægt að fara í skoðunarferð um borgina með tveggja hæða strætó eða fara í rútuferð með Ingu. Hún segir að Skotar séu gott og skemmtilegt fólk sem hafi gaman af því að taka á móti ferðamönnum. Edinborgarhátíðin er í ágúst. Þá flykkjast ferðamenn til borgarinnar og hótelgisting hækkar í verði. MYND/VISITSCOTLAND

# Menning og munaður í Edinborg

**Inga Geirsdóttir** hefur búið í Edinborg í tólf ár. Hún er leiðsögumaður og segir margt skemmtilegt í boði fyrir ferðamenn í Edinborg.

Flugfélagið EasyJet flýgur tvisvar í viku frá Keflavík til Edinborgar. Hægt er að fá sanngjarnt verð á flugi sé fólk skipulagt og bóki ferðina snemma. Skotland er fjölbreytt og skemmtilegt land. Hér áður fyrr flykktust Íslendingar til Glasgow í verslunarferðir en það tekur aðeins 45 mínútur að fara með lestinni þangað frá Edinborg. „Það eru margar góðar verslanir í Edinborg og verðið sambærilegt við Glasgow," segir Inga. „Edinborg er minni og ekki eins mikið stress og í Glasgow. Þess vegna þykir mörgum notalegt að koma hingað," bætir hún við.

### Gengið um hálöndin

Inga rekur ferðaþjónustu á netinu www.skotganga.co.uk. Hún var í hálandagöngu með hópi Íslendinga þegar blaðamaður náði í hana. Inga býður upp á margvíslegar gönguferðir um hálendi Skotlands, styttri og lengri ferðir, auk þess sem hún er með skoðunarferðir um Edinborg. Þá getur hún sett upp ferðir fyrir hópa eftir óskum.

### Falleg borg

Edinborg er falleg borg. Efst á hæð í borginni trónar Edinborgarkastali sem er frægasti kastali Skotlands og tákn borgarinnar. Elsti hluti kastalans, Sánkti Margrétarkapella, var byggður á tólftu öld. „Það er ýmislegt skemmtilegt hægt að gera í Edinborg," segir Inga. „Þegar fólk kemur í stuttar borgarferðir gefst kannski ekki mikill tími en þá er um að gera að nota hann vel. Í borginni eru þrjár verslunarmiðstöðvar og síðan er mjög gott „outlet" í Livingston en þangað er stutt að fara með lest. Mér sýnist fólk helst vilja fara í stuttar skoðunarferðir, kíkja á pöbba og borða góðan mat í borgarferðum. Ég hef boðið upp á tveggja tíma rútuferð um borgina og þá eru helstu staðir skoðaðir. Einnig getur fólk valið að fara í „city tour" með tveggja hæða strætó en sumir hafa kvartað yfir að þeir skilji skoskuna ekki nægilega vel. Auk þess er skemmtilegt að skoða höllina í Edinborg og prinsessugarðinn," segir Inga sem telur að borgin sé sú fallegasta í Evrópu.

### Pöbbarölt

„Skoskt kvöld er í boði með þriggja rétta máltíð, dans, söng og sekkjapípum. Pöbbalífið er sömuleiðis mjög skemmtilegt í borginni. Pöbbarnir hafa ekkert breyst í aldir og þar er boðið upp á góðan mat. Margir fá sér pöbbamat í hádeginu. Matarmenning hefur lagast mikið á undanförnum árum og enginn kvartar lengur yfir matnum. Jamie Oliver hefur nýlega opnað veitingahús í Edinborg og gaman er að heimsækja þann stað auk annarra flottra staða. Í ágúst fyllist borgin af gestum þegar Edinborgarhátíðin stendur yfir. Það eru óhemju mörg söfn í Edinborg og það er ókeypis inn á mörg þeirra," segir Inga. „Skotar eru skemmtilegt og gott fólk. Þeir taka vel á móti ferðamönnum."



Inga Geirsdóttir hefur búið í Edinborg í tólf ár.

„Það eru margvíslegar dagsferðir um hálendi Skotlands í boði. Ég hef einnig farið með ferðamenn til að skoða vatnaskrímslin í Falkirk en það eru risastór listaverk sem þar hafa verið sett upp. Þá höfum við skoðað Forth-brúna sem er frægt kennileiti." Inga segir að auðvelt sé að ferðast í lest frá Edinborg vilji fólk fara til Englands. „Það er ekki langt til York og margra annarra frábærra staða. Það er vel hægt að koma í menningar- eða verslunarferð til Edinborgar en það er líka hægt að spila golf."




# HJÓLATÖSKUR







SÖLUAÐILAR
Ellingsen, Fiskislóð 1
Kría Hjól, Grandagarði 7
Markið, Ármúla 40
Útilíf, Glæsibæ og Smáralind
heimkaup.is
Skíðaþjónustan á Akureyri

FJALLI.IS
í húsi Hirzlunnar, Smiðsbúð 6,
Garðabæ, sími: 564 5040


# Á meðal stjarna

**Draumaferðir** Þegar veðrið er eins og það hefur verið undanfarið, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu, leitar hugurinn til fjarlægra landa, hvítra stranda og fallegra staða sem lausir eru við rigningu og hafa meðalhitastig hærra en tíu gráður. Þetta eru staðir sem eru svo dásamlegir að stórstjörnur eru þar fastagestir. Í það minnsta er í lagi að láta sig dreyma um þá.



**ST. BARTS** Þessi töfrandi eyja í Karíbahafi státar af skrautlegu skemmtanalífi og sællegum sólarströndum, svo sem St. Jean-strönd þar sem töluverðar líkur eru á að hitta hjónakornin Jay-Z og Beyoncé eða Jessicu Alba en þau geyma snekkjurnar sínar í höfninni þar. MYNDIR/GETTY



**BONDI-STRÖND** Bondi-ströndin hefur lengi dregið að sér stjörnur eins og flugur að ljósi. Staðurinn er þekktur fyrir brimreiðar og siglingar og þangað halda stjörnur eins og Leonardo DiCaprio, Hugh Jackman, Paris Hilton og Nicole Richie þegar þau langar að lenda í ævintýrum.



**AMALFI-STRÖND** Gagnkvæm hrifning Brads Pitts og Angelinu Jolie er sögð hafa hafist á hótelinu Santa Caterina sem stendur á hinum hrífandi klettum Amalfi-strandar á Ítalíu. Og með útsýni eins og þar gefur að líta ætti engan að undra.



**ANGUILLA** Það er nóg að líta himinbláan sjóinn undan ströndum Anguilla augum til að skilja af hverju staðurinn laðar að sér stjörnur eins og Umu Thurman, Michael Jordan og Liam Neeson til að slaka á í hinu sólríka Karíbahafi.





## ÍSLENSKIR BARNAKLÚBBAR!
PEGASOS WORLD ●●●●●-SIDE



| | 1 vika | 2 vikur |
|---|---|---|
| 16/7 | 159.599 | 229.599 |
| 23/7 | 119.599 | 199.599 |
| 30/7 | 129.999 | Örfá sæti laus |
| 20/8 | 119.599 | 159.599 |

Gildir eingöngu nýjar bókanir, með minnst tvo saman í herbergi.

## OKKAR ÓDÝRASTA ALLT INNIFALIÐ
BON APART ●●●-ALANYA



| | 1 vika | 2 vikur |
|---|---|---|
| 02/7 | 59.599 | 79.599 |
| 09/7 | 67.599 | 85.599 |
| 23/7 | 99.599 | 149.599 |
| 30/7 | 95.999 | Örfá sæti laus |

Gildir eingöngu nýjar bókanir, með minnst tvo saman í herbergi.

World of TUI · nazar.is · 519 2777 · nazar

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Reykjanesbær er fimmta fjölmennasta sveitarfélagið á Íslandi, með rúmlega 14.000 íbúa. Sveitarfélagið var stofnað 11. júní 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga: Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar og Hafnarhrepps.

# Bæjarstjóri

Reykjanesbær óskar að ráða bæjarstjóra. Nýr meirihluti varð til eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar og hefur hann tekið ákvörðun um að auglýsa eftir bæjarstjóra.

**Starfssvið**
- Framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Stjórn og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Náið samstarf við bæjarstjórn
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Þátttaka í uppbyggingu samfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga er æskileg

**Persónulegir eiginleikar**
- Leiðtogahæfni
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á mótun og uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

# Stöðvarvörður á Þjórsársvæði

Landsvirkjun leitar að stöðvarverði fyrir aflstöðvar sínar á Þjórsársvæði til afleysinga í eitt ár frá og með hausti 2014. Starfið felur í sér eftirlit, viðhald og rekstur aflstöðva og annarra veitumannvirkja á svæðinu.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

> Vélfræðimenntun.

> Þekking á viðhaldi loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa.

> Reynsla af gæða- og öryggisstjórnun.

> Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar.

> Lipurð í mannlegum samskiptum og færni til að ná tökum á starfi og starfsumhverfi.

**Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar; landsvirkjun.is**
Nánari upplýsingar veitir Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar (brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí.



# Bifvélavirki óskast

## - til starfa á bílaverkstæði Bíla Áttunnar

Bíla...Áttan Sími 587 1400 Smiðjuvegi 30

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun, vélvirkjun og eða sambærileg reynsla.
- Rík þjónustulund.
- Stundvísi og létt hugarfar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

### Helstu verkefni

- Bilanagreining.
- Almennar viðgerðir á helstu gerðum bíla.

Senda skal starfsumsókn á netfangið bilaattan@bilaattan.is.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Ragnarsson í síma 892-5200.

**FJÖLBRAUTASKÓLINN Í GARÐABÆ**

**óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara (sbr. lög nr.87/2008) í afleysingar í ensku, íslensku og stærðfræði fyrir haustönn 2014 hið minnsta.**

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er framsækinn og öflugur framhaldsskóli og sækist efti kennurum sem sýna frumkvæði í starfi, hafa góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar má finna á Starfatorgi eða hjá Kristni Þorsteinssyni skólameistara **(kristinn@fg.is)** í síma 863 3071 og Elísabetu Siemsen aðstoðarskólameistara **(elisabets@fg.is)** í síma 899 2459.



FRÍSTUNDAHEIMILI

GRUNNSKÓLAR

LEIKSKÓLAR

VILTU MÓTA **FRAMTÍÐINA** MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## KRABBAMEINSLÆKNINGAR

### Deildarlæknar

Á dag- og göngudeild krabbameinslækninga Landspítala eru laus til umsóknar tvö störf deildarlækna til eins árs, en möguleiki er á ráðningu til lengri eða skemmri tíma. Starfshlutfall er 100%. Önnur staðan veitist frá 1. september 2014, en hin frá áramótum eða eftir nánara samkomulagi.

Starfið er unnið í náinni samvinnu við sérfræðilækna í krabbameinslækningum og felur í sér þverfaglega teymisvinnu með fjölmörgum öðrum sérgreinum læknisfræðinnar eins og skurðlækningum, lyflækningum, myndgreiningu og meinafræði. Einnig felur starfið í sér samvinnu við aðrar starfsstéttir á sviði krabbameinslækninga með þátttöku í fjölfaglegum teymum.

Starfsumhverfið á dag- og göngudeild krabbameinslækninga er lærdómsmiðað. Áformað er að viðkomandi deildarlæknir fái skipulagða handleiðslu sérfræðings í krabbameinslækningum. Fagleg árvekni og endurskoðun klínískra leiðbeininga og verkferla er hluti af fagmennsku deildarinnar.

Starfið hentar vel fyrir lækna sem hafa hug á að leggja fyrir sig krabbameinslækningar en líka fyrir þá sem eru að íhuga aðrar sérgreinar. Verið er að þróa vinnulag sem felur í sér aukna samvinnu fjölmargra starfsstétta með það að markmiði að gera meðferð og þjónustu við einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og ættingja þeirra skilvirkari.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Færni í almennum læknisstörfum
» Þátttaka og þjálfun í greiningu og meðferð sjúklinga með flókna langvinna sjúkdóma
» Þátttaka í samvinnu ólíkra sérgreina læknisfræðinnar
» Þátttaka í kennslu og vísindastarfi

### Hæfnikröfur

» Íslenskt lækningaleyfi
» Reynsla í lyflækningum er góður kostur
» Góð færni í mannlegum samskiptum
» Öguð vinnubrögð
» Áhugi á að bæta sig í faglegu klínisku umhverfi

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2014.
» Upplýsingar veita Berglind María Jóhannsdóttir, læknir, netfang berglmj@landspitali.is, sími 543 1000 og Helgi Sigurðsson, yfirlæknir, netfang helgisi@landspitali.is, sími 824 5406.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Helga Sigurðssyni, yfirlækni, LSH Eiríksgötu 21, 101 Reykjavík.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

## Kennarar óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða kennara í ensku, íslensku og stærðfræði næsta skólaár. Um er að ræða hlutastörf. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið **ohj@hradbraut.is.**



## Fjölskylduráðgjafi í Hlíðarskóla

**Hlíðarskóli, Skjaldarvík, 601 Akureyri, óskar eftir að ráða Fjölskylduráðgjafa í 100% starf frá og með 01. ágúst 2014.**

Hlíðarskóli er sérskóli innan grunnskólakerfis Akureyrar. Hann er staðsettur í Skjaldarvík, 5 km norðan Akureyrar í yndislegu og gefandi umhverfi. Hlíðarskóli er fyrir börn í verulegum vanda og fjölskyldur þeirra, nemendur sem eiga við vanda að stríða sem gerir þeim erfitt að dafna, líða vel og stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Má þar nefna t.d. félags- og tilfinningaleg vandamál, hegðunar- og aðlögunarvanda, samskiptavanda, vanda á einhverfurófinu, sértæka námserfiðleika og skerðingar af ýmsum toga

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.**

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2014**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



## LANDMÆLINGAMENN

**LNS SAGA** LEITAR AÐ NÝJUM KRÖFTUGUM STARFSMÖNNUM TIL AÐ SLÁST Í HÓPINN.

**LANDMÆLINGAMENN**
Vegna aukinna verkefna þá leitum við að mælingamönnum til starfa. Um er að ræða framkvæmdamælingar sem tengjast núverandi og nýjum verkefnum LNS Saga í Noregi.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Starfsreynsla á sviði landmælinga
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og af nákvæmni
- Byggingatæknifræðimenntun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta og norsku-, dönsku-, eða sænskukunnátta æskileg

Upplýsingar um starfið veitir Sigríður Guðmundsdóttir á sigridur.gudmundsdottir@lns.is eða í síma 511 7040. Tekið er á móti umsóknum ásamt ferilskrá á **umsokn@lns.is** til og með **6. júlí.**

LNS Saga

**LNS Saga** er ungt, framsækið, íslenskt verktakafyrirtæki, dótturfélag norska verktakafyrirtækisins Leonhard Nilsen & Sønner AS. Helstu verkefni LNS Saga eru í Noregi og snúa m.a. að jarðgangnagerð, eftirvinnu gangnagerðar, gerð hafnarmannvirkja auk vinnu við virkjanir og vegagerð. Starfsmenn LNS Saga eru um 150 talsins. Þeir eru með fjölbreyttan bakgrunn og menntun og staðsettir í verkefnum víðsvegar um Noreg og á skrifstofu fyrirtækisins á Íslandi.

CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

# Rafvirki

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.**

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði á þjónustuverkstæði okkar og á heimilum viðskiptavina, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum **rafvirkja** eða **manni með sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsækinu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir mánudaginn 7. júlí.**

**Umsóknareyðublöð** fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, **www.sminor.is**.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## Fatahönnuður

66°NORÐUR leitar að framúrskarandi fatahönnuði.
Við leitum að jákvæðum, skapandi einstaklingi sem lokið hefur viðurkenndu námi í fatahönnun og býr yfir skipulagshæfni og frumkvæði. Viðkomandi mun starfa undir stjórn yfirhönnuðar 66°NORÐUR.

### Hæfniskröfur:

- Verður að hafa lokið námi í fatahönnun.
- 2 ára starfsreynsla við fatahönnun, helst erlendis.
- Reynsla af hönnun á fjöldaframleiddum fatnaði skilyrði. Þekking á útivistar-eða sportfatnaði æskileg.
- Þekking á sníðagerð og framleiðsluferli skilyrði.
- Reynsla og kunnátta á adobe illustrator skilyrði.
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg.
- Góð tök á erlendum tungumálum er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á http://66north.rada.is.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir í elin@66north.is.**

66° NORÐUR

**CARTER**
*hársnyrtistofa*

Okkur vantar hressan hárgreiðslusvein til starfa.

Einnig möguleiki á stólaleigu. upplýsingar í síma 565-5530 eða 699-0979

---

**Vísir hf óskar eftir að ráða vélstjóra og Baadermann í frystihúð sitt í Grindavík**
Nánari upplýsingar gefur Ingólfur í síma 856-5754
**www.visirhf.is.**

VÍSIR

---

**Píparar eða menn vanir pípulögnum óskast til starfa sem fyrst.**
Áhugasamir sendi upplýsingar, nafn og símanúmer til box@frett.is merkt Pípari-2806

---

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 69729 06/14

## Lyfjafræðingur óskast til starfa við Pollinn

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til starfa í verslun Lyfju á Ísafirði.*

*Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er krefjandi starf, skemmtilegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.*

*Starfs- og ábyrgðarsvið: Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.*

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

*Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.*

**Umsóknarfrestur er til 13. júlí 2014. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

Umsóknir sendist á netfangið hallur@lyfja.is
Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, í síma 530-3800 eða hallur@lyfja.is

---

sinnum
heimaþjónusta

**Kennarar, leikskólakennarar, þroskaþjálfar og aðrir með sálfræði- eða uppeldismenntun athugið.**
Sinnum heimaþjónusta leitar að vel menntuðum einstaklingi til að sinna 5 ára langveiku barni, alla virka daga. Reynsla af atferlisþjálfun kostur en ekki skilyrði. Unnið er að mestu leyti á heimili barnsins.

Umsóknum skal skilað á eyðublaði sem er á **www.sinnum.is**. Nánari upplýsingar fást hjá Eygló Ingadóttur hjúkrunarstjóra í síma 770-2225.

---

## Starfsmaður óskast í Dogma Laugavegi.

Við auglýsum eftir starfsmanni í hlutastarf í verslun okkar á Laugavegi. Vinnutími er 4 tímar alla virka daga og önnur hver helgi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vera 20 ára eða eldri, reyklaus, og hafa reynslu af afgreiðslustörfum.

Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is

DOGMA

---

## Eldhússtarfsmenn og þjónar
### - hlutastarf

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

Hamborgarafabrikkan á Akureyri leitar að metnaðarfullum og duglegum eldhússtarfsmönnum og þjónum.

Ef þú ert heiðarlegur einstaklingur með jákvætt viðhorf til lífsins hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir ásamt mynd sendast á atvinna@fabrikkan.is merkt „Fabrikkan á Akureyri - þjónn" eða „Fabrikkan á Akureyri - eldhús"

**Hamborgarafabrikkan**
**Hótel Kea Akureyri**

---

Health & Lifestyle
DIVISION OF EIRBERG

# Starf verslunarstjóra nýrrar verslunar

Við leitum að öflugum verslunarstjóra fyrir nýja lífstílsverslun með áherslu á heilsu og lífsgæði. Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi eru skilyrði fyrir ráðningu.

## Starfssvið og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar.
- Tryggja að þjónusta sé til fyrirmyndar.
- Fylgjast með vörusölu og birgðahaldi.
- Umsjón með útliti verslunar og vöruframsetningu.
- Daglegur rekstur, stjórnun, ráðningar og mönnun.

## Eiginleikar og hæfniskröfur

- Árangursdrifinn einstaklingur, lipur í mannlegum samskiptum.
- Hafi hæfileika til að sinna ofangreindu starfi með framúrskarandi hætti.
- Búi yfir sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi frumkvæði.
- Hafi eldmóð, metnað og ríka þjónustulund.
- Menntun sem nýtist í starfi er mikill kostur.
- Góð reynsla af verslunarstjórn er skilyrði.

Áhugasamir, sem vilja starfa hjá framsæknu fyrirtæki og taka þátt í að opna og reka nýja lífstílsverslun í Kringlunni þar sem áhersla verður lögð á heilsu, lífsgæði og umhverfi, sendi umsókn með starfsferilsskrá og mynd á atvinna@eirberg.is
Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2014. Fyllsta trúnaðar verður gætt.

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Bókasafn Hafnarfjarðar auglýsir lausa 100% stöðu Deildarstjóra upplýsingadeildar og viðburða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.september**

Við leitum að bókasafns- og upplýsingafræðingi sem sýnir frumkvæði, er þjónustulundaður, tölvuglöggur, tilbúinn að vinna undir álagi og taka virkan þátt í þróun og uppbyggingu.

**Hæfniskröfur:**

- Góð tungumálakunnátta.
- Áhugi á að stjórna viðburðum.
- Færni í upplýsingaleit og mannlegum samskiptum
- Hæfni og reynsla í að tjá sig í ræðu og riti.
- Geta og metnaður til að vinna sjálfstætt.
- Færni í að vinna með öðrum.

Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU).

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Einarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar, í síma 585 5690 eða á **asein@hafnarfjordur.is**

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Bókasafns Hafnarfjarðar, Strandgötu 1, 220 Hafnarfjörður eigi síðar en **10. júlí 2014.** Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.



# störf í boði

Íslensk erfðagreining leitar að hæfu og metnaðarfullu fólki í eftirfarandi störf:

## Verkefnastjóri

### í stærðfræði-, tölfræði- og úrvinnsludeild

**Hlutverk:**
Við leitum að öflugri og ábyrgri manneskju til þess að:
• leiða hóp tölfræðinga og annarra sem vinna að úrvinnslu og túlkun erfðafræðigagna
• greina og túlka raðgreiningargögn frá sjúklingum
• nota, prófa og aðstoða við uppbyggingu á greiningarferlum
• innleiða og bæta skrá klíníska gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Ph.D. gráða í stærðfræði, tölvunarfræðum, tölfræði, verkfræði eða skyldum greinum
• Nokkurra ára reynslu á viðkomandi sviði
• Reynsla af notkun gagnaveita tengdum erfðafræðivísindum eða læknisfræði (t.d. UCSC genome browser, OMIM genome browser)
• Menntun eða reynsla á sviðum læknisfræði, erfðafræði eða tengdra greina er kostur.
• Mjög góð færni í skriflegum samskiptum á ensku
• Sterkir leiðtogahæfileikar, þarf að geta byggt upp öfluga liðsheild
• Geta og áhugi fyrir að vinna í þverfaglegu umhverfi
• Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg

## Sérfræðingur

### í stærðfræði-, tölfræði- og úrvinnsludeild

**Hlutverk:**
Við leitum að áhugasömum einstaklingi til þess að:
• greina og túlka raðgreiningargögn frá sjúklingum
• nota, prófa og aðstoða við uppbyggingu á greiningarferlum
• innleiða og bæta skrá klíníska gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• B.Sc. eða M.S. gráða í stærðfræði, tölfræði, tölvunarfræðum, verkfræði eða skyldum greinum
• Geta og vilji til þess að vinna í hóp
• Geta og áhugi fyrir að vinna í þverfaglegu umhverfi
• Góð almenn tölvukunnátta og afburða tölvulæsi
• Skipulögð og öguð vinnubrögð
• Góð færni í samskiptum á ensku

## Forritari

### með sérþekkingu í stærðfræði

**Hlutverk:**
Við leitum að áhugasömum forritara til þess að:
• styrkja Bioinformatics (lífupplýsingafræði) hópinn okkar
• taka þátt í þróun og rekstur kerfis sem vinnur úr gögnum fyrirtækisins
• hafa umsjón með vinnslu gagnanna sem fer að stærstum hluta fram á tölvuklasa (cluster) og fellur í flokk Big Data og high-throughput computing (HTC)
• þáttaka í þróun verkfæra sem gera öðrum sérfræðingum og vísindamönnum fyrirtækisins kleift að rata um gögnin og gera nýjar uppgötvanir í erfðafræði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• B.Sc. í stærðfræði, tölvunarfræði, lífupplýsingafræði, verkfræði eða skyldum greinum
• Reynsla í Python, Java eða C/C++
• Reynsla af Linux umhverfi
• Öguð vinnubrögð
• Reynsla af eða áhugi á Big Data, HTC, úrvinnslu vísindagagna eða erfðafræði er kostur.

**Íslensk erfðagreining er staðsett í Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.decode.is fyrir lok dags 6. júlí 2014 með ferilskrám og stuttu kynningarbréfi í viðhengi.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Guðrún Inga Blandon, netfang: gudrun.blandon@decode.is

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Sturlugata 8 | 101 Reykjavík | Sími: 570 1900 | www.decode.is



# Bifreiðarstjóri óskast

Gray Line
Your Iceland Tour Expert

Óskum eftir að ráða bifreiðarstjóra með rútupróf á næturvaktir. Starfið felur í sér ýmsan akstur, þrif og þjónustu við farþega.
Góð tungumálakunnátta æskileg

Allar nánari upplýsingar veitir Hjörtur Unnarsson í síma 660 1334 og umsóknir sendist á hjortur@grayline.is

*Gray Line Iceland er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.*

# Embassy clerk (Adm)

The Embassy of Japan seeks a capable, responsible, and flexible clerk

**Basic conditions for application**
- Good skills in administrative works and car-driving
- Good command of language (Icelandic and English) and computer
- Contract renewal every 2 years

**CV should be sent to the following address until 2 July.**

**Laugavegur 182, 105 Reykjavik**
**Tel. 510-8600, Fax. 510-8605**
**e-mail. japan@rk.mofa.go.jp**

Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

# Náms- og starfsráðgjafi óskast

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra óskar eftir að ráða til sín náms- og starfsráðgjafa, til að sinna verkefnastjórn, til tveggja ára. Starfssvæði náms- og starfsráðgjafa er allt Norðurland vestra.

**Meðal verkefna eru:**
- Náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga og úti á vinnustöðum
- Mat á raunfærni
- Skipulagning, umsjón og kennsla á námskeiðum Farskólans
- Almenn verkefnastjórn sem til fellur hverju sinni

**Menntunar- og hæfniskröfur eru:**
- Það er skilyrði að viðkomandi hafi lokið námi í náms- og starfsráðgjöf
- Kennsluréttindi er mikill kostur
- Góð þekking á atvinnulífi á Norðurlandi vestra
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 11. júlí 2014.**

Upplýsingar um starfið gefur Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, í síma 894-6012 og á bryndis@farskolinn.is.

# Verslunarstjóri óskast

**Kaupfélag Steingrímsfjarðar auglýsir laust til umsóknar starf verslunarstjóra í verslun félagsins á Norðurfirði frá 1. september 2014. Verslunarstjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegum rekstri verslunarinnar.**

**Helstu verkefni:**
- Innkaup
- Vörumóttaka
- Sala og póstafgreiðsla
- Dagleg stjórnun
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini

**Hæfni og þekking:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Rík þjónustulund og góð samskiptahæfni

Frekari upplýsingar gefur kaupfélagsstjóri í síma 455 3100 eða á netfanginu **jon@ksholm.is.** Umsóknum, ásamt ferilskrá, skal skila á skrifstofu

Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Höfðatúni 4, 510 Hólmavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí næstkomandi.**

**Kaupfélag**
**Steingrímsfjarðar**

# VERKFRÆÐINGUR Á HÖNNUNARDEILD ÚTIBÚ HÖNNUNARDEILDAR Á AKUREYRI

VEGAGERÐIN

**Vegagerðin auglýsir eftir verkfræðingi á hönnunardeild með starfsstöð á Akureyri. Um er að ræða fullt starf, við hönnun umferðarmannvirkja. Á hönnunardeild vinna um 17 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.**

**Starfssvið**
Vinna við hönnun vega, verkefnastjórn hönnunar, verkefni tengd viðhaldi vega auk þátttöku í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingar- eða umhverfisverkfræðingur M.Sc.
- Þekking á teikni- og hönnunarforritum
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku og einhverju Norðurlandamáli
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

***Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar menntunar- og hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.***

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2013.** Umsóknir berist mannauðsstjóra á netfang **olof.d.thorarensen@vegagerdin.is.**
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þær menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar eru þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Kristjánsson forstöðumaður hönnunardeildar (**kristjan.kristjansson@vegagerdin.is**) og Ólöf Dagný Thorarensen mannauðsstjóri (**olof.d.thorarensen@vegagerdin.is**) í síma 522 1000.

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

Vegagerðin er opinber stofnun, sem heyrir undir innanríkisráðuneytið. Hjá Vegagerðinni starfa um 300 manns, með fjölbreytta menntun og starfsreynslu, að mjög fjölbreytilegum verkefnum. Um þriðjungur starfar í Reykjavík og Hafnafirði en aðrir víðs vegar um landið. Vegagerðin hefur ítarlega starfsmannastefnu og öflugt starfsmannafélag. Vegagerðin er í góðum faglegum samskiptum við systurstofnanir sínar á Norðurlöndum. Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.Meginmarkmið Vegagerðarinnar eru: Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist. Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.Vel skipulögð og skilvirk starfsemi.Ánægt, hæft og gott starfsfólk.

MOSFELLSBÆR

# Áhugaverð störf hjá Mosfellsbæ

**Varmárskóli:**
- Umsjónarkennari á miðstig.
- Þroskaþjálfi.
- Stuðningsfulltrúar.
- Starfsfólk í frístundasel.

**Lágafellsskóli:**
- Deildarstjóri í stjórnendateymi.
- Umsjónarkennarar á yngsta stig.
- Tónmenntakennari á yngsta stig.
- Sérkennari.
- Stuðningsfulltrúar.
- Skólaliði.
- Þroskaþjálfar.
- Bókasafnsfræðingur á skólabókasafn.

**Krikaskóli:**
- Grunnskólakennari.
- Þroskaþjálfi eða leikskólasérkennari.
- Deildarstjóri í leikskóla.

**Allar nánari upplýsingar um laus störf hjá Mosfellsbæ á www.mos.is/lausstorf.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

LÍFSVERK

LÍFSVERK lífeyrissjóður er 14. stærsti lífeyrissjóður landsins með 51,3 milljarða í hreina eign í árslok 2013. Sjóðurinn var stofnaður árið 1954 og rekur samtryggingar- og séreignardeild. LÍFSVERK var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem tók upp beint sjóðfélagalýðræði, sá fyrsti til að aldurstengja réttindaávinning og sá fyrsti sem stóð að rafrænu stjórnarkjöri. Sjá nánar á **www.lifsverk.is.**

# Sérfræðingur

LÍFSVERK óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringarteymi sjóðsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Greining og mat fjárfestingakosta
- Kaup og sala verðbréfa
- Samskipti við markaðsaðila
- Skýrslugjöf og eftirfylgni fjárfestinga
- Þátttaka í mótun fjárfestingarstefnu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- B.Sc próf í viðskipta-, hag- eða verkfræði eða öðrum raungreinum
- Framhaldsmenntun og/eða próf í verðbréfaviðskiptum æskileg
- Góð reynsla af fjármálamarkaði
- Góð greiningarhæfni

**Eiginleikar**
- Traust og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Samstarfsvilji og starfsgleði
- Sveigjanleiki

## Upplýsingar veitir:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður er þriðji stærsti bær landsins með um 27.600 íbúa. Hafnarfjörður er framsækið sveitarfélag sem byggir á fjölskylduvænu umhverfi, fyrirmyndarþjónustu og öflugu atvinnulífi.

# Bæjarstjóri

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir öflugum aðila í starf bæjarstjóra.

**Starfssvið**
- Starfar samkvæmt samþykktum Hafnarfjarðarbæjar, sem birtar eru á vef bæjarfélagsins, **www.hafnarfjordur.is**
- Hefur yfirumsjón með starfsemi bæjarfélagsins og annast framkvæmd þeirra ákvarðana sem bæjarstjórn og bæjarráð taka
- Skipuleggur og undirbýr dagskrár funda, situr fundi bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra ráða og nefnda eftir atvikum
- Er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og farsæl reynsla af stjórnun, stefnumótun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

GARÐUR

Í sveitarfélaginu Garði búa rúmlega 1.400 íbúar. Sveitarfélagið er á nyrsta odda Reykjaness. Í Garði er blómlegt tómstunda-, íþrótta- og menningarlíf. Lögð er áhersla á að allir aldurshópar íbúanna fái notið sín í fjölbreyttu félagslífi. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar í vel búinni íþróttamiðstöð. Nánari upplýsingar um Garð er að finna á vefsíðunni **www.svgardur.is**

Um 200 nemendur stunda nám við Gerðaskóla og býr skólinn við mjög góðan aðbúnað og aðstöðu. Einkunnarorð skólasamfélagsins í Garði eru: **Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun og ábyrgð.**

# Skólastjóri

Staða skólastjóra við Grunnskólann í Garði er laus til umsóknar. Ráðið er í stöðuna til eins árs frá og með 1. ágúst 2014.

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Þekking og góður vilji til að leiða samstarf skólasamfélagsins út frá skólastefnu sveitarfélagsins og gagnvart samstarfsverkefnum/samningum sem skólinn á við aðrar stofnanir

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Menntun í stjórnun menntastofnana æskileg
- Reynsla af skipulagi og stjórnun kostur
- Mjög góð færni í samskiptum og góð meðmæli þar um
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Starfsmaður í fjárhagsdeild Vélasölunnar

**Vélasalan óskar eftir starfsmanni í fjárhagsdeild sína. (80% starfshlutfall)**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Færsla og gerð bókhalds
- Afstemmingar
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Aðstoð við uppgjör

**Hæfnikröfur:**
- Reynsla og þekking af sambærilegu starfi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvæðni og rík þjónustulund

Vélasalan er öflugt þjónustufyrirtæki í sjávarútvegi sem sérhæfir sig í innflutningi og sölu á vélum og búnaði í fiskiskip og báta og flestu sem því tilheyrir.

Nánari upplýsingar veitir Ingvaldur Gústafsson, **ingvaldur@velasalan.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.**
Umsóknir skulu sendar á **ingvaldur@velasalan.is**

VÉLASALAN
www.velasalan.is · ☎ 520 0000 · velasalan@velasalan.is

# Bifvélavirki óskast

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með réttindi eða sambærilega menntun og staðgóða almenna þekkingu á rafkerfum.
Upplýsingar í síma 420 6610 og 842 6615

TOYOTA REYKJANESBÆ

Ævo þjónusta ehf
Njarðarbraut 17
Njarðvík

# Microsoft sérfræðingur

Ert þú með MSCE vottun og mikla reynslu og þekkingu á Microsoft lausnum? Viltu starfa á líflegum vinnustað og takast á við fjölbreytt og spennandi verkefni? Þá gæti starf Microsoft sérfræðings hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Starfið felst m.a. í uppsetningu og rekstri á miðlægum Microsoft þjónum og lausnum á borð við Exchange, MS SQL, SharePoint, Lync og VDI.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí næstkomandi.**

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið

Ísafjarðarbær

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf skipulags- og byggingarfulltrúa. Nánari upplýsingar um starfið eru á heimasíðu Ísafjarðarbæjar
**www.isafjordur.is**

# Fasteignasalan Miklaborg auglýsir eftir sölumanni!

**Vegna góðrar verkefnastöðu óskum við eftir umsóknum um stöðu sölumanns. Hæfnisskilyrði eru meðal annars eftirfarandi:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sterkt tengslanet
- Metnaður í starfi
- Vinnusemi, sjálfstæði í störfum og skipulagshæfni
- Löggilding er mikill kostur.

***Hvetjum konur sem karla til að sækja um.***

Í boði er starf með árangurstengdum tekjum á vinnustað í fremstu röð í fasteignasölu.
**Umsóknarfrestur er til 16. júlí 2014**
**og óskast umsóknir sendast á oskar@miklaborg.is**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúli 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




## Stöðvarstjóri

Bílaleigur Avis og Budget leita að kraftmiklum og drífandi stjórnanda til að stýra leigustöðvum félagsins í Reykjavík. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem krefst frumkvæði og metnaðar í starfi.

**Helstu verkefni:**
- Dagleg stjórnun og rekstur leigustöðva félagsins í Reykjavík
- Starfsmannamál
- Þátttaka í áætlanagerð og stefnumótun
- Önnur verkefni sem til falla

**Hæfniskröfur:**
- Góðir leiðtogahæfileikar
- Menntun er nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun skilyrði
- Frumkvæði og árangursdrifni ásamt þjónustulund
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf

**Umsóknir sendist á atvinna@alp.is**
**merkt "Stöðvarstjóri".**
**Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2014.**

AVIS Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

# Hefur þú ástríðu fyrir matargerð?

Lostæti leitar eftir dugmiklum matreiðslumanni í starfsstöð sína í eldhúsi Lostætis á Akureyri. Lostæti er rótgróið, metnaðarfullt og farsælt matreiðslufyrirtæki, eitt stærsta sinnar tegundar á landsbyggðinni.

Skemmtilegur vinnustaður sem býður upp á góðan vinnutíma.

## Hæfniskröfur:

- Fagmenntun er skilyrði og meistararéttindi kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Útsjónarsemi, áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi
- Snyrtimennska og hreinlæti
- Góð tölvukunnátta æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí.
Umsóknarform og nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.lostaeti.is/atvinna
Fyrirspurnum svarar Valmundur Pétur Árnason framkvæmdastjóri, valli@lostaeti.is



Lostæti / Veislu- og veitingaþjónusta
www.lostaeti.is
lostaeti@lostaeti.is
s: 455 3700

LOSTÆTI

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Stærðfræðikennari í Salaskóla
- Leiðbeinandi í handavinnu fyrir eldri borgara

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN | Leikskólinn Bergheimar

**Auglýst eftir áhugasömum matreiðslumanni/matráði í dagvinnustarf til að elda fyrir nemendur og starfsfólk, leik- og grunnskóla í Þorlákshöfn.**

Í leikskólanum Bergheimum eru um 80 nemendur og í grunnskólanum eru 230 nemendur. Eldhúsið er glæsilegt í nýrri viðbyggingu leikskólans og fullbúið nýjum tækjum. Báðir skólarnir eru lifandi og skemmtilegir vinnustaðir sem vinna skv. skólastefnu Ölfuss með einkunnarorðiðn: „Vinátta, Virðing, Velgengni" og grænfánastefnu sem gerir þá kröfu að hráefni og nýting matvæla sé í samræmi við stefnuna.

Í Sveitarfélaginu Ölfusi búa um 1900 manns í þéttbýli og dreifbýli. Í Þorlákshöfn er aðstaða eins og hún gerist best; góðir skólar, öflugt og fjölbreytt félagslíf og glæsileg íþróttamiðstöð.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi getið hafið störf haustið 2014 eða eigi síðar en um áramótin 2014 - 2015.

**Umsóknarfrestur er til 11. júlí n.k. og skal umsóknum skilað á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn**

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði matreiðslu nauðsynleg
- Þarf að geta unnið matseðla með næringarútreikningum
- Reynsla í stjórnun eldhúsa er æskileg
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Snyrtimennska áskilin

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Matreiðslumaður ber ábyrgð á rekstri mötuneytis, þar með talið innkaupum og vinnuskipulagi þeirra sem starfa í mötuneyti á hverjum tíma.
- Verkefnin eru fjölbreytt en auk þess að matreiða hádegismat hefur matreiðslumaður umsjón með morgun- og síðdegiskaffi.
- Matreiðslumaður er oft virkur þátttakandi í ýmsum öðrum viðburðum þar sem matur og kaffi koma við sögu t.d. fundum og öðrum starfstengdum viðburðum.
- Vinnutími er að jafnaði frá kl. 08-16 alla virka daga.

Laun Matreiðslumanns /matráðsgreidd eru skv. kjarasamningi Matvís sjá: **http://www.matvis.is/**

Frekari upplýsingar um starfið gefa Ásgerður Eiríksdóttir leikskólastjóri **asgerdur@olfus.is** og Halldór Sigurðsson skólastjóri **halldor@olfus.is**

---

## BIRTINGARÁÐGJAFAR Á BETRI STOFU

bestun birtingahús

Hefur þú góða þekkingu á markaðsfræðum? Hefur þú menntun og reynslu af vinnu við nýmiðla og aðra miðla? Við leitum að öflugu fólki til að vinna við framúrskarandi birtingaráðgjöf; skemmtilegum starfsfélögum með góðan skilning á tölfræði, markahópagreiningu og þekkingu á helstu forritum þar að lútandi. Hafðu samband sem fyrst því við göngum hratt frá málum.

**Netfangið er: atvinna@bestun.is**

562 2700 bankastræti 9 101 reykjavík www.bestun.is

---

ÍSAM

**Við leitum að starfsfólki í eftirtalin störf.**

## Bifreiðastjóri - Lagermaður

### Bifreiðastjóri

Við leitum að starfsmönnum til útkeyrslu á vörum fyrirtækisins innan höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða tvö störf, annað tímabundið þar sem skilyrðið er meirapróf og hitt framtíðarstarf en þar sem meirapróf er ekki skilyrði.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi og heiðarleiki
- Lipurð í mannlegum samskiptum

### Lagermaður

Við leitum að starfsmönnum á lager fyrirtækisins að Tunguhálsi 11 til almennra lagerstarfa.

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Grunnþekking á tölvum
- Skipulögð vinnubrögð
- Stundvísi og heiðarleiki
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Starfslýsing:**
- Almenn lagervinna
- Pantanir og móttaka pantana
- Tiltekt á pöntunum
- Lagertalningar

**Upplýsingar**

ÍSAM er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍSAM á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna. Hjá ÍSAM starfa yfir 300 manns.

Umsóknir þurfa að berast til starfsmannastjóra á tölvupóstfangið **helga@isam.is** eða bréfleiðis til ÍSAM ehf., Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík merkt „starfsmannastjóri" **fyrir 19. júlí 2014.**

522 2700 | helga@isam.is

---

# Fjölbreytt störf á tæknisviði

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingum í spennandi og fjölbreytt störf á tæknisviði.

### Starfsmenn á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörunarkerfi, brunaviðvörunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið **atvinna@oryggi.is**, merkt **„Tæknisvið"**.
**Umsóknarfrestur er til 6. júlí 2014.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Vakin er athygli á því að allt starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar þarf að skila inn sakavottorði.

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á síðustu fjórum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins. Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.

VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2010 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2011 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2013

ÖRYGGI VELFERÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 140540

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

# Vífilfell

**Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.**

**3.** Ráðfærðu þig við lækni varðandi lyf. Hafðu í huga að þau geta haft slævandi áhrif og þarf að taka þau inn hálftíma fyrir brottför.

**4.** Prófaðu að nota þar til gert armband um úlnliðinn. Það er sagt trufla ógleðitilfinninguna.

**5.** Reyndu að útiloka sýn á hreyfinguna utan við bíl- eða lestargluggann, til dæmis með sólgleraugum með breiðum spöngum, derhúfu eða skyggni.

**6.** Reyndu að drekka engiferte eða taka inn engifertöflur. Eins reynist mörgum vel að tyggja ferskt engifer til að bægja burt ógleðinni.

*wikihow.com*







ÚTSALA
40%
TIL
70%
AFSLÁTTUR
af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri
í sumar!
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# GRILLAÐ MEÐ GÓÐUM GRÖNNUM

**SECURITAS KYNNIR** *Góðir grannar gæta hver annars og fátt er betra til að styrkja nágrannatengslin en að grilla saman gómsætar kræsingar á ljúfum sumardegi. Securitas lánar íbúum sem vilja kynnast betur vegleg kolagrill með öllu tilheyrandi heim að dyrum.*

Götugrill Securitas er skemmtilegt verkefni sem fór af stað fyrir tveimur árum og hefur fengið frábærar viðtökur,“ upplýsir Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas.

Hjörtur segir alla þá sem eru með heimavörn Securitas geta fengið lánað stærðarinnar grill sem sé keyrt heim að dyrum til íbúa höfuðborgarsvæðisins og sótt eftir notkun, að kostnaðarlausu.

„Við hjá Securitas erum miklir áhugamenn um grill og allt sem tengist grillmennsku. Í starfi okkar höfum við líka séð hvað nágrannavarsla skiptir miklu máli. Því betur sem nágrannarnir þekkjast, því öruggara er hverfið,“ útskýrir Hjörtur um upphaflegan tilgang verkefnisins.

„Okkur fannst tilvalið að sameina þetta tvennt og bjóða viðskiptavinum okkar afnot af glæsilegu grilli svo þeir geti slegið upp skemmtilegri götugrillveislu með nágrönnum sínum.“




**GRILLARI** Hjörtur Freyr Vigfússon með grillsvuntuna og klár í grillmennsku við eitt af götugrillum Securitas. MYND/ARNÞÓR

### GRILLAÐ ÁN FYRIRHAFNAR

Götugrill Securitas eru einstaklega vegleg og hægt að grilla ofan í marga svanga munna á einu grilli sem rúmar allt að fjóra grillara í einu.

„Grillin okkar eru kolagrill og alkunna að grillmatur verður mun bragðbetri á kolagrillum. Á þeim tveimur sumrum sem við höfum boðið upp á grillin höfum við komist að því að fjöldi fólks hefur aldrei grillað á kolagrilli og mörgum finnst það fyrirhöfn. Málið er einfalt með götugrillum Securitas því við komum færandi hendi með grillin heim til fólks, ásamt öllu því sem þarf til að grilla; kol, kveikilög, eldspýtur, tangir, svuntu og hanska. Þegar grillveislunni svo lýkur, og búið er að gæða sér á góðum grillmat og hafa það gaman saman, sækir Securitas grillið og allir fara sælir heim, án frekari fyrirhafnar.“

Hjörtur segir einnig færast í aukana að fyrirtæki fái götugrill Securitas lánuð í hádeginu á virkum dögum og haldi grillveislu fyrir starfsfólk sitt og jafnvel viðskiptavini.

„Til að byrja með er útkeyrsla á grillunum aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu en markmiðið er að fjölga grillum í framtíðinni og dreifa þeim um landið. Við erum því rétt að byrja með þetta skemmtilega verkefni og sjáum að það getur vaxið og dafnað á komandi árum.“

### DJARFUR VIÐ GRILLIÐ

Hjörtur er duglegur að grilla í frístundum sínum heima við.

„Ég grilla við hvert tækifæri og prófa allt sem mér dettur í hug að matreiða á grilli. Sumt heppnast með ágætum og kemur bragðlaukunum ánægjulega á óvart en annað er kannski ekki alveg eins gott,“ segir hann og skellir upp úr.

Kolagrill eru í sérstöku dálæti hjá Hirti þótt hann kunni líka prýðilega við grillað góðgæti af gasgrilli.

„Ég mæli eindregið með kolagrilluðum mat og þegar fólk er orðið leitt á mikilli grilltörn við gasgrillið er upplagt að breyta til og skella steikinni á kolagrill. Bragðmunurinn er skemmtilega áberandi og sumir segja að kolabragðið geri gæfumuninn.“

Hjörtur er lítið fyrir að velta sér upp úr uppskriftabókum og hvetur aðra grillara til að sýna dirfsku og nýjungagirni við grillið.

„Ég skora á fólk að láta hugmyndaflugið ráða þegar kemur að matreiðslu við grillið og elta ekki endilega uppskriftir annarra. Grillmatur er í eðli sínu góður og þótt mér finnist langbest að grilla einfalda nautasteik hef ég ekki síður gaman af því að spreyta mig á framandi forréttum og eftirréttum úr eigin ranni.“

Hægt er að sækja um götugrill Securitas á www.gotugrill.is.

# HOLLIR DRYKKIR OG FITULÍTIÐ SNAKK

**CORE KYNNIR** *Froosh-ávaxtadrykkirnir eru stútfullir af vítamínum og innihalda engin aukefni. Þeir auðvelda neytendum að uppfylla ráðlagðan dagskammt af ávöxtum. Core býður einnig upp á fitulítið snakk úr maís.*

### ENGINN ÞEKKIR ÁVEXTI BETUR EN FROOSH!

Froosh-drykkirnir eru hannaðir svo neytendur á Íslandi geti auðveldlega bætt ávöxtum í mataræðið og til að gera okkur svolítið auðveldara að lifa heilbrigðu lífi,“ segir Kamilla Sveinsdóttir, markaðsstjóri Core heildsölu, en Core fer með umboð fyrir ávaxtadrykkina Froosh.

„Við eigum að borða fimm hundruð grömm af ávöxtum á grænmeti á dag. Flestir gera það ekki og þá er Froosh svarið,” segir Kamilla en engin aukaefni er að finna í Froosh-drykkjunum.

„Drykkirnir eru stútfullir af vítamínum, steinefnum og trefjum. Froosh býr til eigin uppskriftir, pressar, kreistir og maukar gæðaávexti í glerflöskur. Nú er liðin tíð að ferskir drykkir renni út í höndunum á þér. Froosh er pakkað í lofttæmdar umbúðir sem tryggja að ferskleikinn helst lengur. Ekkert þykkni ratar í umbúðirnar, enginn viðbættur sykur eða rotvarnarefni. Froosh hefur slegið í gegn og unnið til verðlauna erlendis fyrir gæði og frábært bragð. Við bjóðum upp á sex bragðtegundir í verslunum á Íslandi,“ segir Kamilla.




**HOLLARA SNAKK** Nýjasta bragðtegundin í Popcorners er sweet chili.

### FITULÍTIÐ SNAKK FRÁ POPCORNERS

Core býður einnig upp á fitulítið snakk sem hentar þeim sem hugsa um heilsuna.

„Við erum með lausn fyrir þá sem vilja náttúrulegt snakk sem hvorki er djúpsteikt né bakað en það er loftpoppaður maís frá Popcorners. Þetta snakk er frábært fyrir þá sem eru að hugsa um línurnar en í hundrað grömmum eru einungis átta grömm af fitu. Bragðtegundirnar sem við erum með í verslunum eru salt, cheddar og kettle en nýjasta bragðtegundin er sweet chilli. Það er bragð sem rífur í og er sjúklega gott.“



# Fréttablaðið er fáanlegt alls staðar!




- Fréttablaðið er fáanlegt á sölustöðum víða um land, í stórmörkuðum, sjoppum og á bensínstöðvum.

- Blað dagsins er alltaf aðgengilegt í rafrænni útgáfu á **visir.is**. Einnig er hægt að sækja Fréttablaðsappið í App Store, Google Play eða Windows Marketplace. Með appinu geta snjallsíma- og spjaldtölvunotendur lesið Fréttablaðið á hverjum morgni.

- Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af að missa af þínu daglega blaði þegar þú leggur af stað í sumarfríið. Fréttablaðið er aðgengilegt alltaf og alls staðar.




**App sem þú þarft!**
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** í App Store, Google Play eða Windows Marketplace og náðu í appið.




Allt sem þú þarft ...

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 2.júlí 2014

OptiBac probiotics

For travelling abroad

Er ferðalag í vændum?

Borðaðu það sem þig lystir á ferðalaginu með hjálp vinveittra meltingargerla!




Góð melting í ferðalaginu með „For travelling abroad" frá OptiBac Probiotic

Inniheldur vinveitta meltingargerla sem minnka verulega hættu á á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægða tregðu og matareitrun.

www.facebook.com/optibaciceland

Þú færð Optibac probiotics í öllun helstu apótekum

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*




Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**GRILLAÐUR LAX** Ljúffengur lax með plómu- og engifersósu.



**GRILLAÐIR BANANAR** Það er auðvelt að grilla banana og þeir eru einstaklega góðir með karamellusósu og ís.



**BRUSCHETTA** Forréttur sem kætir.

# ÞRIGGJA RÉTTA GRILLVEISLA

**VEISLA** *Hvernig væri að bjóða gestum í heimsókn og grilla góðan mat í kvöld? Hér er hugmynd að góðum þriggja rétti matseðli sem flestum fellur vel í geð. Forrétturinn er einfaldur en ákaflega góður. Best er að baka sitt eigið brauð en vitaskuld má notast við snittubrauð úr búðinni. Aðalrétturinn er grillaður lax sem er afar ljúffengur og loks er eftirréttur fyrir alla sælkera, grillaðir bananar með karamellusósu og vanilluís.*

**BRUSCHETTA MEÐ GEITAOSTI, BASILÍKU OG TÓMÖTUM**
**1 snittubrauð**
**50 g mjúkur geitaostur**
**3-4 fersk basilíkublöð**
**2 stórir tómatar**
**1½ msk. extra virgin ólífuolía**
**1 hvítlauksrif**
**1 msk. ítalskt, grænt pestó**
**salt og nýmalaður pipar**

Skerið brauðið í þunnar sneiðar og skellið stutta stund á heitt grillið á báðum hliðum. Nuddið aðra hliðina með hvítlauksrifinu og penslið með ólífuolíu. Skerið tómatana í litla bita eða sneiðar eftir smekk.

Smyrjið brauðið með smá pestói, setjið tómatana yfir og því næst litla bita af geitaostinum. Skreytið með basilíkublöðum. Bragðbætið með salti og pipar.

**GRILLAÐUR LAX MEÐ PLÓMU- OG ENGIFERSÓSU**
*Uppskriftin miðast við sex*
**500 g þroskaðar plómur, steinlausar og smátt skornar**
**1 msk. hunang**
**1½ msk. ferskt engifer, afhýtt og saxað**
**1 msk. vatn**
**2 msk. hrísgrjónaedik**
**2 hvítlauksrif, pressuð**
**1 msk. saxaður laukur**
**½ tsk. rautt chili-paste**
**2 msk. sojasósa**
**Marinering**
**¼ bolli sojasósa**
**2 msk. púðursykur**
**2 msk. hunang**
**2 msk. sítrónusafi**
**2 msk. vatn**
**¼ bolli grænmetisolía**
**1,8 kg ný laxaflök**
**Salt og pipar**

Setjið plómur, hunang, engifer, vatn, edik, hvítlauk, lauk og chili-paste í pott og látið suðuna koma upp. Látið malla í 15 mínútur eða þar til plómurnar mýkjast. Takið af hitanum og hrærið 2 msk. af sojasósu saman við. Sett í matvinnsluvél og maukað.

Í annan pott er settur ¼ bolli sojasósa, púðursykur, hunang, sítrónusafi, vatn og grænmetisolía. Hitið upp og látið sykurinn bráðna. Kælið.

Hreinsið laxaflökin og saltið og piprið. Skerið í sneiðar og raðið á disk. Setjið sojablönduna yfir fiskinn og látið marinerast í ísskáp í tvo tíma. Leggið laxinn á heitt grillið og eldið í um það bil 6 mínútur á hvorri hlið, fer eftir þykkt. Gætið að því að ofelda ekki laxinn.



Berið fram með góðu salati, hrísgrjónum eða kartöflum eftir smekk með volgri plómu- og engifersósu.

**GRILLAÐIR BANANAR MEÐ KARAMELLUSÓSU**
**Grillaður bananar eru frábær eftirréttur, enda sætir og góðir. Ekki spillir að hafa karamellusósu og ís með. Þessi uppskrift er gerð fyrir sex.**

**1 bolli sykur**
**⅓ bolli vatn**
**½ msk. sítrónusafi**
**⅔ bolli rjómi**
**6 miðlungsþroskaðir bananar**

Setjið sykur, vatn og sítrónusafa í pott og hitið á miðlungshita, hrærið á meðan sykurinn er að bráðna. Hækkið aðeins hitann og hrærið stöðugt í á meðan sykurlögurinn tekur lit eða í 3-4 mínútur. Takið af hitanum og bætið rjómanum varlega saman við. Hitið aftur á lágum hita og látið malla þar til allt er orðið fallega brúnt og mátulega þykkt. Hrærið af og til á meðan.

Skerið banana til helminga langsum án þess að taka hýðið. Leggið bananabátana á heitt grillið, lokið grillinu og látið eldast í um það bil 8-10 mínútur. Berið bananana fram með eða án hýðis. Dreifið karamellusósunni yfir og hafið vanilluís með.

elin@365.is


Genova
HM TILBOÐ
sem hittir beint í mark!
Genova - flottur hvar sem er 208 cm
kr. ~~189.900~~ TILBOÐSVERÐ kr. 149.900
Cajun
flottur og
þægilegur..
Cajun sófi - hreinn og beinn
230 cm kr. 182.900
Retro
hentar nánast
hvar sem er...
Retro sófi - nettur og smart
170 cm kr. 169.800
Jordan
nostalgia
í stofuna...
NÝTT Jordan sófi - hátt og gott bak
212 cm kr. 206.900
Luigi
góður fyrir
framan sjónvarpið
NÝTT Lugi sófi með stillanlegum
hnakkapúðum 276x162 kr. 316.800
Smile
you make
me smile....
NÝTT Smile sófinn gleður augað
217 cm kr. 187.200
flottur
og þægilegur..
Turtle hægindastóll kr. 239.000
Ymi borð
2 í setti
kr. 28.700
Yumi - Sófaborð 130x65 kr. 55.800
Sumartilboð
kr. 315.000
Timeout Stóll + Skemill kr. ~~353.000~~
Betina skenkur í sixties stíl
kr. 151.700
Fling Tímaritahillur
20x160 kr. 16.900
Pillar loftljós
kr. 21.900
Gina stóll
kr. 19.900
NÝTT
Porgy stóll
kr. 17.900
SVEFNSÓFAR
Góðir að nóttu sem degi...
INNOVATION
NÝTT - Trym - Svefnsófi 140x200 kr. 198.900
Unfurl Deluxe - Svefnsófi 120x200 kr. 109.000
Recast- Svefnsófi 140x200 kr. 129.900
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

## Bílar til sölu



Flottur Nissan Leaf S 2013 rafmagnsbíll. Ekinn 8.900 km. Tilboð 3.470Þ. GSM: 892-7600



M.Benz ML 500 AMG útlit, árg.2003. EK 235.000m. sjálfskiptur. óska eftir tilboði. Uppl. í S: 822 2965



**BMW 520DÍSEL ÁRG 2011**

Ekinn 64þkm, sjálfsk, rafr, sportsæti, 18" felgur, gullfallegur og sparneytinn (6L/100km) Ath skipti, verðh 6.490 þús 617 4888



Toyota Rav 4 2006 ek. 160þús ný skoðaður 15. Fallegur og mjög vel með farinn bíll. Dráttarkúla. ásett 1650 þús fer á góðri staðgreiðslu uppl. í síma 823 1656 Óli



Til sölu Citroen C5 árg. 2008/4, ekinn 175 þ.km. Næsta skoðun 2015. Vetrardekk. Góður bíll. Verð 990 þs. Upplýsingar í síma 690-7432 og 564-4215



Citroen Berlingo 1,6 disel Árgerð 2007 Ekinn 146 þús verð 890.000 s.6967250-8937250




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

**TILBOÐ**

Chevrolet Captiva luxury nýskr 12.2011 ek 42 þús Diesel, ssk,leður,lúga,krókur,19"felgur ofl. Ásett verð 5.590 þús. Tilboðsverð 4.900 þús Uppl.í síma 8562714

Til sölu Toyota Yaris diesel. Árg. ,06. Beinssk. Skoðaður ,15. Ek. 121þús. V. 1.350þús. Uppl. í S. 662 6818

Volkswagen Golf 1.600, árg. 2008, sjálfskiptur, með sóllúgu og álfelgum. (Sportpakkinn). Ekinn 43 þús. km. Verð 1.650.000 kr. Uppl. 822-0487.

SUBARU Legacy „95 ek. 240þ. Dráttarkúla, CD, naglad. á felgum. 8464900 TILBOÐ 190þ

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



**VEIÐIBÍLL!**

Toyota Hilux Double Cab, bensín, árgerð 1992, 35" breyttur, er á 33", beinskiptur, ekinn 276þ. Sími 7774090.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



MB sprinter 616,árgerð 2007 22+1 sæti loftpúðar, dvd+tv, nýmálaður. Uppl. s.892-3111

## Vörubílar



Til sölu Volvo FM 12 árg. 2000 ek. 480þús bíll í góðu standi tilbúin í vinnu. Vagn getur fylgt. Frekari uppl. í s. 899 0012



Til sölu Scania R 470 8x4 árg 2005 með Hiab 288 krana vel útbúinn bill. RAG Import-Export www.rag.is Helluhraun 4 220 Hafnarfirði s 5652727 / 8927502



Fliegl SDS 380 Gooseneck gámagrind ný. Er á staðnum. RAG Import-Export www.rag.is Helluhraun 4 220 Hafnarfirði s 5652727 / 8927502

## Húsbílar



**NÚ ER SÆTI HÚSBÍLLINN OKKAR TIL SÖLU.**

Ford Transit T350 2000 árg. 2006 ek. 33þús, Bíllinn er með Hobby húsi og tilh. búnaði. Vandað fortjald. Bíllinn lítur mjög vel út og er í góðu lagi. Verðhugmynd 6,8 miljónir. Uppl. í s. 866 5455 & 845 5555

**rotor.is**



**Dótabúð húsvagnaeigenda**

Rótor ehf, s. 5554900 Helluhrauni 4, H.f.



Glæsilegur húsbíll að gerðinni Daybreak, Ford V10 vél, árg. ,07, ek. 5.000 km. Allar uppl s: 892 2310

**HJÓLHÝSI ÓSKAST**

Óska eftir litlu hjólhýsi f. tvo. wc, hiti, ísskápur, 12/220 w, eldunarhella & vaskur. S. 5618040/8654011

## Mótorhjól



**TIL SÖLU**

SUZUKI Intruder LC 1500 árg.2003 Ekið 6.500m. Verð kr. 1.280.000Uppl. í síma 898-8890



Harley Davidson V-ROD árg.'06 Ek.16 þús.mílur, vel með farið. Verð kr.1850 þús. Engin skipti. Uppl. Í síma 663-2047

Óska eftir góðu enduro hjóli. Einnig óskast hippi (chopper). Uppl. í S. 777 0078

## Hjólhýsi

Fortjald DWT Paradies 280 Amál 1120 nýtt ónotað, fæst á góðu verði. S-7734630

## Pallhýsi



Sun-lite Camper til sölu, árg.'92, mjög vel farinn aðeins 2 eigendur. v. 400.000 uppl í s: 8923753



# MIKIÐ ÚRVAL Á STAÐNUM – FRÍTT AÐ SKRÁ



**FIAT Ducato grand 230.**
Árgerð 2001, ekinn 130 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 3.490.000.** Rnr.104100. Markísa, kojur o.m.fl. Á staðnum.
100% LÁN



**GOLFBÍLL Excar.**
Árgerð 2014, ekinn 0 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. **Verð 890.000.** Rnr.310258. Á staðnum. Frábært tilboð, 2 ára ábyrgð. Hámarkshraði 25 - 35 km.
100% LÁN



**TABBERT W24.**
Árgerð 2014. **Verð 4.490.000.** Rnr.310261. 300 þús.kr. afsláttur. Á staðnum.
100% LÁN



**HOLIDAY CAMP Sport.**
Árgerð 2010. **Verð 440.000.** Rnr.105407. Á staðnum.
100% LÁN



**PALOMINO Yearling iy-4103.**
Árgerð 2007, Fortjald. Verð 1.490.000. Rnr.261517. Á staðnum.
100% LÁN



**A-LINER Sportline.**
Árgerð 2001, sólarsella. **Verð 690.000.** Rnr.300718. Á staðnum.
100% LÁN



**KNAUS Sudwind 500fsd koju hús 6 manna.**
Árgerð 2007, Sólarsella, markísa með hliðum. sjálfskiptur. **Verð 2.750.000.** Rnr.261665.
100% LÁN



**M.BENZ C 55 amg 400hö.**
Árgerð 2005, ekinn 114 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Hlaðinn búnaði. **Verð 3.900.000.** Rnr.310022. Á staðnum.
100% LÁN



**MAZDA Cx9 awd.**
Árgerð 2007, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.M/öllu. **Verð 4.600.000.** Rnr.300497. Á staðnum.
100% LÁN



**MMC Pajero sport.**
Árgerð 2003, ekinn 191 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Leður o.fl. **Verð 890.000.** Rnr.300752. Á staðnum.
100% LÁN



**PALOMINO I-colt m/ beysliskassa.**
Árgerð 2008, fortjald og svefntj. **Verð 1.250.000.** Rnr.300582. Á staðnum.
100% LÁN



**M.BENZ Citan 108 cdi.**
Árgerð 2014, ekinn 300 KM, dísel, 5 gírar. **Verð 3.200.000.** M/vsk Rnr.300784. Á staðnum.
100% LÁN



**DODGE Ram 2500.**
Árgerð 1997, ekinn 93 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.200.000.** Rnr.300839. Á staðnum.
100% LÁN

STOFNAÐ 1998
PLANIÐ
bílasala
517 0000

**Opnunartímar: Mán – fös 10-18 • Lau. 12-16 • Sun. 13-15**
**Korputorgi - www.planid.is – Sími 517 0000**

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002

Spái: í spil, bolla, lófa og rúnir. Kr. 5000. Tímapantanir í síma 845 8896.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Til sölu í Grindavík**



Bærinn Auðholt með 1384 ferfaðma lóð



Veitingastaðurinn Kanturinn



Fiat húsbíll 2006 ek. 70þús km

Áhugasamir hafið samband Solvik.restaurant@gmail.com

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Þarftu að bæta, breyta eða setja upp fagmannlega heimasíðu. Wordpress-föst verð. s. 6980330

## Til sölu

**Hrefnukjöt**
Veitingahús og mötuneyti
Nýtt og ferskt hrefnukjöt á meðan veiðar standa yfir í sumar.
IP dreifing ehf. • Fornubúðir 3 220 Hafnarfjörður • Sími 577-3400
www.hrefna.is • hrefna@hrefna.is

Sumarhúsalóð í Kjós. Efnispakki sumarhús getur fylgt kaupunum www.emerald.is s. 6980330

Til sölu nokkur skrifborð, skápar/hillur og borð. Um er að ræða notuð húsgöng. Nánari upplýsingar gefur Pálmi í síma 575-8508 á skrifstofutíma.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**Hágæða sláttutraktórar**



Verð frá 350.000 m/vsk.
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 • Kópavogi • S 564 1864

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## til sölu

**GLUGGAGERÐIN**
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í …svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Húsgögn

Til sölu glæsilegt Antik sófasett ásamt sófaborði Í rokokko stíl, útskorið, glæsilegt og virðulegt. Samanstendur af einum 3ja manna sófa, 2 breiðum stólum, 2 grönnum stólum og sófaborði. Er frá 1951, sami eigandi frá upphafi, reyklaust heimili, ekki gæludýr. Yfirdekkt og yfirfarið fyrir 25 árum, vel með farið. Til sýnis og sölu í Álfheimum 66, Reykjavík, 3. hæð t.h. kl. 13-15 sunnudag 29. júní.

## Barnavörur



**BARNAHÚSGÖGN**
Þið finnið okkur á Facebook undir Litla trévinnustofan eða í síma 7783235

## Dýrahald



**TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI**
Tilboð á svörtum grindarbúrum
Stærð 61 cm verð 5.990,-
Stærð 76 cm verð 7.990,-
Stærð 91 cm verð 9.990,-
Stærð 107 cm verð 10.990,-
Stærð 122 cm verð 13.590,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spönginn 23 s.587-0744



**TILBOÐSDAGAR Í DÝRALANDI**
30-50% afsláttur af öllum kattaklórum.
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spönginn 23 s.587-074.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

2.herb. íbúð í 105 til leigu. Uppl. í s. 8600360

Til leigu mjög góð 96fm 3ja herb. íbúð að Flúðarseli. Nýtt parket á öllu og öll nýmáluð. 2 stór svefnherbergi/stofa/ eldhús/ sér þvottahús/ salerni með sturtu og baði/ stór geimsla og hjólageimsla. Laus strax - langtímaleiga kr. 190 þús/mán. Trygging kr 380þús. Fyrirspurn sendist í 896 2964 eða hrafn@ferroehf.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Þriggja herbergja íbúð til leigu í 203. laus. Umsóknir sendist á netfangið jon.freyr@hotmail.com

Þriggja herbergja björt og falleg íbúð til leigu í Bryggjuhverfinu. Langtímaleiga. Verð 190 fyrir utan rafmagn + 2 mán í tr. Laus strax. Uppl. í s. 8997262.

## Húsnæði óskast

Kona óskar eftir lítilli íbúð til leigu fyrir 1. ágúst. Helst grb eða hfj. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl í S. 867 2145.

Óska eftir bílskúr til leigu fyrir búslóð og fl. á Rvk. svæðinu. S. 8951459 eftir kl 17.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús gestahús og ferðaþjónustuhús. Ýmsar stærðir og gerðir eftir óskum kaupenda. Vönduð vinna góð verð.Nánari upplýsingar á smidholt@gmail.com eða s. 8992802

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi með aðgang að fundarherbergi, kaffistofu, móttöku, 60 fm svölum í Bæjarlind 4. Kópavogi. Laust strax. Uppl. í síma 660-7761 og 822-5588 eða tingholt@tingholt.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Atvinna í boði

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir vélamönnum á gröfur
**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir vönum mönnum í malbik og vélamönnum.
**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir vönum manni á veghefil.
**Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525**

**Castello PIZZERIA**

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í hluta starf. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum,18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello2@simnet.is

**The Laundromat Cafe**
The Laundromat Cafe seeks to hire experienced chefs for a full time job. please send a cv to laundromatcafe@gmail.com

**VASKIR MENN**
Erum saman nokkrir vaskir menn, vanir flestum störfum í byggingariðnaði, ss. smíðavinnu, málun, múrun og hellulögn óskum eftir að vinna fyrir traustan aðila.
Uppl. í síma 787-2088

**ÞJÓNN ÓSKAST!**
Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Upplýsingar í s. 899 1965**

**SÓLAR**

**FASTEIGNAÞJÓNUSTU SÓLAR EHF**
bráðvantar jákvæðan, laghentan og skipulagðan einstakling með hreint sakavottorð í 50% starf strax og út ágúst í afleysingar. Starfið felur í sér eftirlit og þjónustu með eignum á höfuðborgarsvæðinu. Íslenskukunnátta er skilyrði.
Umsóknir berist til aevar@solarehf.is

Bortækni óskar eftir starfsmönnum í steypusögun og kjarnaborun. Góð laun í boði Uppl í síma 6937700 eða senda ferilskrá á halldor@bortaekni.is

Óska eftir skipstjóra á strandveiðibát í júlí og ágúst. Uppl. í s. 841 6904

**KVÖLD OG HELGARVINNA STRAX**
Við leitum að dugleg stúlku vinna í sal á BanthaiVeitingahús uppl. ásamt mynd á banthai@banthai.is

Óska eftir smiðum í gips vinnu. S. 823 2234

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir vönu fólki til starfa, við snyrtingu og pökkun. Við leitum að fólki í framtíðarstörf. Áhugasamir sendi póst á vinna@hamrafell.is

Óskum eftir vélstjóra á Sæfara ÁR 170. Vélastærð 465 kw. Uppl. í s. 852 0113 & 846 4889. hsver@simnet.is

Óskum eftir starfsmönnum sem eru vanir trjáklippingum og hellugögn. Umsóknir á www.gardlist.is

Múrari með reynslu, geri allt þarf innan hús Flísaleggja, Byggja eldstæði innan sem utan og margt fleira Uppl. í síma 6903882

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

46 ára maður óksar eftir að kynnast reglusamri konu á aldrinum 38-48 ára. Áhugamál : tónlist, bíó, íþróttir, ferðalög. S. 868-5616.

Skyndikynni. Konur sem leita skyndikynna auglýsa sterklega á Rauða Torginu, og gefa oftast upp símanr. S. 535-9923. Karlar heyra og svara augl. í s. 905-2000 og 535-9920.

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI
**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD ÁSAMT ARA JÓNS.**
*Allir velkomnir*
http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

# Snjallskóli fyrir farsæla framtíð

**Snjallskólinn** stuðlar að því að nám í íslenskum skólum búi nemendur betur undir framtíðina. Skólinn miðlar upplýsingum til kennara og nemenda sem vilja leggja sitt af mörkum í von um betri menntun, betri skóla og betri hag komandi kynslóða.

Markmið snjallskólans er að stuðla að betri – „snjallari“ – skólum á Íslandi; skólum sem búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi og frekara nám með veganesti sem nýtist,“ segir Birgir Rafn Friðriksson í Snjallskólanum.

Birgir segir snjalltæki, svo sem snjallsíma og spjaldtölvur, hafa rutt sér til rúms á örfáum árum og nú þegar setja mark sitt á íslenskt samfélag.

„Sé rétt haldið á málum getur notkun snjalltækja í skólastarfi valdið straumhvörfum á öllum skólastigum og haft áhrif á hvernig kennarar kenna og hvernig nemendur læra, hvað þeir læra og hvenær þeir læra.“

Snjallskólinn mun fjalla um og hvetja til umræðu um þessi mál.

„Það er jafnframt ástæða til að fjalla um áhrif snjalltækja, samfélagsmiðla og annarra fylgifiska tækniþróunar á félagsleg tengsl fólks, persónulega líðan nemenda og aðra þætti sem koma við námi og kennslu og eru óneitanlega hluti af skólastarfi og samvinnu heimilis og skóla.“

### Þörf á endurnýjun í skólastarfi

Að sögn Birgis er þörf á endurnýjun í skólastarfi vegna þróunar í tölvutækni og upplýsingaöflun sem kalli á nýtt veganesti fyrir nemendur.

„Margt af því sem skólar hafa boðið upp á heldur gildi sínu og er hluti af sígildri menntun sem er mikilsvert að viðhalda. Annað hefur misst vægi sitt og notagildi og enn aðrir þættir í kennslu og námi snúa að tækni sem ekki var til en getur nú auðveldað nám og kennslu.“

Upplýsingaleit og gagnaöflun sé nú mjög frábrugðin því sem tíðkaðist fyrir fáeinum árum.

„Í mörgum tilfellum eru kennarar ekki lengur helsta uppspretta gagna eða upplýsinga enda geta nemendur leitað svara við hverju sem er á milli himins og jarðar með því einu að líta í lófa sér – á snjallsímann.“

### Ekki bara tæknileg áskorun

Birgir segir Snjallskólann ekki síður snúast um kennslufræðilega þætti, eins og hvernig hlutverk kennara þróast og vinnudagur nemenda breytist.

„Mikilsvert er að þróa námsog kennsluaðferðir þannig að hver einstaklingur geti notið sín. Úrlausnarefnin eru því mörg og mismunandi og kalla á samvinnu margra til að nemendur fari rétt nestaðir út í lífið.

### Opinn öllum – fyrir alla

Snjallskóli.is fylgir þeirri meginstefnu að mæla með opnum lausnum fremur en lokuðum.

„Snjallskólinn er þó ekki eingöngu opinn í tæknilegum skilningi. Mikilsvert er líka að vera opinn fyrir mismunandi þörfum nemenda. Hver og einn nemandi hefur sína einstaklingsbundnu eiginleika: styrkleika, hæfileika, veikleika og þarfir. Því er mikilsvert að í kennslu- og skólastarfi sé komið til móts við alla einstaklinga eins og frekast er kostur,“ segir Birgir.

### Snjalltæki eru ekki leiktæki

Birgir bendir á að notkun snjalltækja í skólum eigi ekki að snúast um að nemendur fái að spila Angry Birds eða fara á YouTube þegar þeir hafa lokið verkefnum sínum.

„Notkun snjalltækja á skólatíma á að miðast við að afla þekkingar, nýta sköpunarkraftinn og stuðla að því að nám og kennsla verði einstaklingsmiðuð. Til þess þurfa nemendur og kennarar að líta á snjalltæki sem mikilsverð námstæki – ekki leiktæki.“

Hugmyndin sé að hagnýting upplýsingatækni og snjalltækja megi verða til þess að breyta formi og innihaldi náms.

> **Notkun snjalltækja á skólatíma á að miðast við að afla þekkingar, nýta sköpunarkraftinn og stuðla að því að nám og kennsla verði einstaklingsmiðuð.**

„Til þess þurfa kennarar, skólastjórnendur, nemendur og foreldrar að hafa augun opin fyrir möguleikunum, finna nýjar leiðir og prófa sig áfram. Vonandi verður snjallskóli.is til þess að skólafólk miðli af reynslu sinni um hvernig unnt er að nota snjalltæki í skólastarfi. Setjum markið hátt og verum ófeimin við að fara ótroðnar slóðir um leið og við höldum í það sem vel hefur reynst í gegnum tíðina.“

### Viltu leggja orð í belg?

Hafir þú áhuga á að taka á einhvern hátt þátt í þessu starfi, segja frá reynslu þinni úr skólastarfi eða með öðrum hætti vinna að markmiðum þessa vefs, er velkomið að hafa samband við okkur.

*Sjá nánar á snjallskoli.is*



„Sé rétt haldið á málum getur notkun snjalltækja í skólastarfi valdið straumhvörfum á öllum skólastigum,“ segir Birgir Rafn Friðriksson í Snjallskólanum. MYND/GVA

## GAGNLEG SNJALLFORRIT

**Fátt gleður snjalltækjaeigendur meira en góð snjallforrit** til að auðvelda lífið, gera vinnuna skilvirkari og tilveruna skemmtilegri. Á snjallskoli.is er að finna umfjöllun um snjallforrit sem gætu komið að gagni í kennslu og námi; þar á meðal Orð í tíma töluð sem geymir þúsundir tilvitnana fyrir ritgerðir og tækifærisræður, WolframAlpha fyrir stærðfræðinörda, Trello fyrir verkefna- og skipulagsvinnu, teikni- og málunarforritið Sketchbook og ljósmyndaforritið Pixlr-o-Matic. Snjallskólinn tekur fagnandi öllum ábendingum um snjallforrit sem eru þess virði að um þau séu fjallað á síðu skólans.

# Brúar bil á milli öryggis og frelsis

Snjalltæki hafa þegar hafið innreið sína í fyrirtæki, stofnanir og skóla landsins. Ef fyllsta öryggis er ekki gætt geta snjalltækin valdið nokkrum usla. Þar kemur Samsung Knox til skjalanna sem afar snjöll lausn sem verndar í senn öryggi fyrirtækja og frelsi notenda.

Sum snjalltæki eru komin býsna langt inn fyrir eldvegg og geta, ef ekki er að gáð, valdið nokkrum usla,“ segir Björn Björnsson, sölu- og markaðsstjóri hjá TVR.

Björn segir mörg fyrirtæki og stofnanir hafa gert sér grein fyrir að halda þarf utan um snjallsíma og spjaldtölvur með sambærilegum hætti og annan tölvubúnað sem veitir aðgang að netum, kerfum og gögnum.

„Þeir sem hafa innleitt einhvers konar tækjastjórn (e. Mobile Device Management) þurfa í flestum tilvikum að setja reglur um hvað notendur snjalltækja innan þeirra vébanda mega og mega ekki. Þeim reglum er fylgt eftir með svokölluðum MDM-kerfum og með því móti er umráðaréttur starfsmanna/notenda skilyrtur og frelsi þeirra til að nota snjalltækið skert,“ útskýrir Björn.

Til dæmis geti vinnuveitandi bannað notkun á tilteknum snjallforritum í tækjum sem tengjast neti fyrirtækisins.

„Þannig má hugsa sér að vinnuveitandi banni notkun á Facebook, myndavélum eða Dropbox. Þess háttar íhlutanir falla ekki allar jafn vel í kramið hjá starfsmönnum sem finnst snjalltækin þeirra allt í einu ekki svo snjöll þegar búið er að banna uppáhalds „öppin“,“ segir Björn.

Til bjargar í þessum aðstæðum kemur Samsung Knox sem afar snjöll lausn.

„Knox brúar á vissan hátt bilið á milli upplýsingaöryggis fyrirtækisins annars vegar og frelsis starfsmanns til einkalífs hins vegar.“

Til einföldunar segir Björn að segja megi að Knox búi til tvö aðskilin sýndartæki í einu og sama tækinu.

„Annað sýndartækið er í umsjá og á forræði fyrirtækisins, lýtur reglum sem fyrirtækið setur og hefur því aðgang að netum, kerfum og gögnum sem starfsmaður þarf á að halda starfs síns vegna. Hitt sýndartækið er alfarið á forræði starfsmanns líkt og það væri ekki undir neinni tækjastjórn en ekki er hægt að afrita eða flytja kerfisaðgengi eða gögn frá öðru sýndartækinu til hins. Í meginatriðum er því virkni milli sýndartækjanna tveggja líkt og um tvö aðskilin tæki væri að ræða.“

Samsung Knox er afar snjöll lausn og einföld í notkun fyrir notendur snjalltækja.

„Það verður að teljast mikilvægur þáttur í því að hægt sé að innleiða lausnina þannig að starfsmenn bæði geti og vilji nota hana. Knox er fjölhæft og með öllum helstu stjórnkerfum (e. MDM) sem í boði eru í dag.“

*Sjá nánar á snjallskoli.is*





Björn Björnsson er sölu- og markaðsstjóri TVR. Hann segir Knox vera einfalt í notkun, fjölhæft og með öllum helstu stjórnkerfum sem í boði eru í dag. MYND/GVA

# Leiðsögn gegnum snjallsíma

**Eldheimar í Vestmannaeyjum nýta sér glænýja tækni í leiðsögn um safnið, fyrst safna á Íslandi. Gestir ganga um safnið með snjallsíma og fá leiðsögn í eyrað eftir því hvar þeir eru staddir á sýningunni. Appið er hannað af íslenskum frumkvöðlum.**

Þetta kemur frábærlega út," segir Kristín Jóhannsdóttir, forstöðumaður Eldheima í Vestmannaeyjum, en safnið var opnað nýlega með sýningu um gosið í Heimaey.

Sérstakt app var hannað fyrir safnið af íslenska frumkvöðlafyrirtækinu Locatify. Appið leiðsegir gestum gegnum sýninguna út frá staðsetningu en Eldheimar eru fyrsta safnið á Íslandi sem nýtir sér þessa tækni. Appið nemur hvar gesturinn er staddur á sýningunni hverju sinni svo að hann fær sendar í símann upplýsingar sem eiga við það sem fyrir augu hans ber.

„Leiðsögnin er snaggaralega gerð og hönnunin á upplifuninni sem gestir fá í eyrun til fyrirmyndar," segir Kristín. „Það kemur fólki á óvart hvað þetta er áhugavert og skemmtilegt en allt niður í níu ára börn fara allan hringinn á sýningunni, spennt með þetta í eyrunum."

Kristín segir lifandi leiðsögn um safnið varla þekkjast. Hún sé þó til staðar.

„Það er alltaf einhver hér á vakt sem getur leitt hópa gegnum safnið sé þess óskað. Sjálf er ég „gos survivor" og þó ég sinni öðru dagsdaglega tel ég það ekki eftir mér að leiðsegja hópum. Það eru helst eldri borgarar sem óska eftir slíku og þá finnst erlendum gestum líka gaman að fá söguna beint frá einhverjum sem upplifði hlutina."





Eldheimar eru fyrsta safnið sem nýtir sér þessa tækni en appið er hannað af íslenska frumkvöðlafyrirtækinu Locatify. MYNDIR/ ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON



Appið nemur staðsetningu gestsins hverju sinni og sendir upplýsingar sem eiga við það sem fyrir augu ber. MYND/ ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON



Kristín segir lifandi leiðsögn þó í boði sé þess óskað. Eldri borgarar nýti sér hana helst og þá finnist erlendum gestum spennandi að fá söguna munnlega frá þeim sem upplifðu hana. MYND/ ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON


Hafðu bankann í vasanum

Á L.is kemstu alltaf í bankann. Allar helstu aðgerðir í netbanka – millifærslur, yfirlit bankareikninga, greiðsla reikninga og margt fleira – eru aðgengilegar á L.is auk upplýsinga um markaði, gjaldmiðla og stöðu Aukakróna.

**Betri netbanki á L.is**
Öll almenn bankaviðskipti með farsímanum.

**Hagnýtar upplýsingar**
Allar helstu upplýsingar um útibú, hraðbanka, gjafakort o.fl.

**Snjallgreiðslur**
Með snjallgreiðslum geturðu millifært á farsímanúmer eða netföng viðtakanda, sem getur verið í hvaða banka sem er.



**Fyrir flesta nettengda síma**
Virkar á nánast öllum nettengdum símum.

**Enginn auðkennislykill**
Hámarks öryggi með nýju öryggiskerfi, og auðkennislykillinn óþarfur.

**Aukakrónur**
Yfirlit yfir Aukakrónur, afslætti og samstarfsaðila.

**Skannaðu QR kóðann**
til þess að fara á L.is

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Já bætir öðru appi í hópinn

**Já.is-appið er glænýtt app fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Einnig er til Já Núna-app fyrir Android-síma. Magnús Magnússon og Hörður Ágústsson fylgjast vel með appheiminum. Þeir svara nokkrum spurningum um Já.is-appið og Já Núna-appið.**

## ÓKEYPIS JÁ.IS APP

Já.is appið, var sett í loftið á dögunum. Þetta er í fyrsta skipti sem upplýsingar af Já.is, sem geymir upplýsingar um 94% landsmanna, eru gefnar út á app-formi. Þriðjungur þeirra sem heimsækja Já.is gerir það í gegnum spjaldtölvur eða snjallsíma og mun appið bæta aðgengi þeirra notenda að upplýsingum vefjarins til muna. Já.is-appið er ókeypis og er bæði gefið út fyrir iOS og Android. Áður hafði Já gefið út Já Núna-appið fyrir Android-síma sem birtir sjálfkrafa upplýsingar um þann sem er að hringja.

## *Gefur Já Núna fjórar stjörnur*



Magnús Magnússon markaðsráðgjafi.

**Hver er maðurinn?** Magnús Magnússon – markaðsráðgjafi fyrir netmiðla hjá Íslensku auglýsingastofunni.
**Hvernig síma notar þú?** Samsung Galaxy Note 3.
**Hve lengi hefur þú notað Já Núna?** Bara síðan Já gaf út appið.
**Hvaða virkni í appinu notar þú helst?** Besti parturinn er auðvitað það að geta séð hver er að hringja í mann þótt maður sé ekki með númerið skráð í símaskrána í símanum. Svo finnst mér fínt að vista númerin niður í símann en nota það þó ekki eins mikið.
**Hversu oft notar þú appið?** Myndi halda að ég notaði það á hverjum degi. En þetta er þó svona app sem maður þarf ekkert að hugsa út í að nota. Nafnið á einstaklingnum birtist á skjánum þegar einhver hringir og svo get ég vistað númerið ef ég á von á að þurfa að hringja einhvern tíma í þetta númer aftur.
**Hvað líkar þér best við Já Núna?** Ég er nokkuð hrifinn af þessari nýju virkni að geta séð hvaða númer maður er að hringja í. Mér fannst þetta frekar skrýtin virkni til að byrja með en hún er mjög þægileg þegar maður er að hringja í númer sem maður er kannski ekki alveg 100% viss á eða bara til að fá fullvissu um að maður hafi slegið númerið rétt inn.
**Hver væri draumaviðbótin þín í appið?** Ég gef þessu appi 4 stjörnur núna en um leið og ég get valið hvort ég vista númerin inn á símann minn, SIM-kortið eða Google Account þá fær þetta app 5 stjörnur. Núna er bara að bíða og vona.

## *Notar Já.is-appið á hverjum degi*

**Hver er maðurinn?** Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland.
**Hvernig síma notar þú?** iPhone 5s.
**Hve lengi hefur þú verið með Já.is-appið?** Frá útgáfudegi :)
**Hvaða virkni í appinu notar þú helst?** Tvennt aðallega. Fletti upp númerum sem eru ekki í símaskránni í símanum. Svo nota ég kortin mjög mikið.
**Hversu oft notar þú appið?** Oft á dag.
**Hvað líkar þér best við Já.is-appið?** Elska viðmótið. Það er næstum því hrokafullt en á góðan hátt. Engir flísar, bara „hvað viltu finna?“. Æðislegt viðmót og vel heppnuð hönnun.
**Hver væri draumaviðbótin þín í appið?** Að það gæti flett upp sjálfkrafa óþekktum númerum sem hringja í mig.



Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland.


Já.is Appið

Hvað viltu finna?



Já.is appið gerir þér kleift að leita að einstaklingum og fyrirtækjum

app.ja.is

Já Núna

Hver er að hringja í þig?




Þegar síminn hringir flettir Já Núna sjálfkrafa upp nafni og símanúmeri þess sem er að hringja og birtir á skjánum

nuna.ja.is

## SMÁFORRIT FYRIR SMÁBÖRN

**Til eru** ýmis öpp fyrir krakka allt niður í tveggja ára aldur. Hér eru þrjú slík sem vefsíðan commonsensemedia.org mælir með.

### Baby's Musical Hands

**Einfalt tónlistarsmáforrit** fyrir ung börn sem hvetur þau til snertingar. Í hvert sinn sem barnið kemur við skjáinn heyrast hljóð og stjörnur birtast



á skjánum. Hljóðin eru af ýmsum toga. Þar má heyra píanó, gítar og ásláttarhljóðfæri.

### Busy Shapes

**Þetta smáforrit** er byggt á kenningu Jean Piaget um vitsmunaþroska. Piaget taldi að á vissu aldursbili væru börn á skynhreyfistigi. Þá læra



þau um heiminn með því að kanna hann. Busy Shapes býður upp á fjölbreyttar þrautir og leiki sem henta tveggja ára börnum.

### Music Sparkles

**Skemmtilegt tónlistarsmáforrit** fyrir tveggja ára börn. Hægt er að spila á tvö hljóðfæri en einnig er hægt að fá nokkrar uppfærslur.



Ætlunin er að kynna börnum fyrir mismunandi gerðir af hljóðfærum. Þá geta börnin spilað sjálf eða spilað með lögum sem fyrir eru í forritinu.



Hin ótrúlegustu öpp eru til fyrir snjallsíma. Einnig nytsamleg öpp eins og áttaviti. MYND/GETTY

## APP SEM SKRÁIR HÆGÐIR

**Snjallsímar og** spjaldtölvur eru til margra hluta nytsamlegar. Til dæmis má búa sér til sitt eigið æfingakerfi, skipuleggja nánast allt, leika skemmtilega og fræðandi leiki og nálgast þar flesta fjölmiðla heims. Við stutta yfirferð á internetinu kemur í ljós að hægt er að fá öpp um allt milli himins og jarðar.

Líka skrítin öpp. „Bowel Mover" er eitt slíkt en með appinu geta menn skráð niður alla fæðuneyslu sína og fengið greiningu á hægðum þeim sem koma út úr þeirri neyslu.

„Game for Cats" er app fyrir ketti. Í því geta þeir elt ljósdepil, mús eða fiðrildi.

Með „Geico BroStaches" getur fólk fengið að vita hvernig það lítur út með yfirvaraskegg. Hægt er að velja um sjö skeggtegundir og svo fylgir skeggið varahreyfingum skeggnotandans.

# Á FACEBOOK Í VINNUNNI

Næstum helmingur vinnandi manna í Noregi notar samfélagsmiðla á netinu í vinnunni. Stjórnendur nota þá mest en þeir gagnrýna notkunina jafnframt mest. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn frá háskólanum í Björgvin en hún birtist í tímaritinu Journal of Computer-Mediated Communication. Meira en ellefu þúsund vinnandi fólks í Noregi tóku þátt í rannsókninni. Fólkið var spurt um persónulegar daglegar venjur á samfélagsmiðlum á netinu á vinnutíma. Alls sögðust 45% nota þessa miðla daglega í vinnu.

Athygli vakti að stjórnendur eru langöflugastir í því að nota netið á vinnutíma. Talsmaður könnunarinnar telur að það sé vegna þess að þeir eyði mestum tíma í vinnunni. Margir sem svöruðu í könnuninni töldu að notkun á samfélagsmiðlum á vinnutíma gæti gefið þeim góðar hugmyndir fyrir vinnuna. Ekki eru þó allir sáttir við að fólk sé á Facebook eða Twitter heilu og hálfu dagana í vinnunni, enda fer mikill tími þá í annað en vinnu. Fleiri karlar en konur nota samfélagsmiðla á vinnutíma. Þá sýnir könnunin að einhleypir nota netið meira en þeir sem eru í hjónabandi.









Sunnudag kl. 22:20

# Stærsta þáttaröð sumarsins

